

DAVI

Peir þola okkur ekki

ÓVINIR ÍSLANDS

■ Móðganir, lítilsvirðing og léleg framkoma



6-7



VILJA LÁTA GRAFA UPP LÍK STEINGRIMS NJALSSONAR

■ Hvílir ekki í friði ■ Ómerkt gröf
■ Ein kona mætti í jarðarförina

18-19


Svona búa forstjórnarnir

■ Flestir í 101 og Grafarvogi



8-10

SNAP CHAT-STRÍÐ VERÐUR LÖGREGLUMÁL



■ „Ég þori ekki út ein lengur“

14

Sólveig Anna

„Grimm láglauna-
stefna gagnvart
ómenntuðu
fólki er sjúk

Láglauna- kona ætlar að taka niður auðvaldið

Viðtal

■ Býður sig fram til formanns Eflingar
■ Stöðugleikinn er fyrir auðvaldið

28-30



„Alltaf lítill pönkari inni í mér“

■ „Barnleysið hefur aldrei truflað okkur“

54-56



Sokkar Í ÁSKRIFT

Eitt eða tvö pör í mánuði

SMART SOCKS
smartsocks.is



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla

Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhóla 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

VIKURVAGNAR



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshófa 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

BUBBI VIKUNNAR

Bubbi var ekki hrifinn af amerísku Ofurskálinni um nýliðna helgi: „Að horfa á USA fótbolta er svipað og að opna bók með geðveikli kápu og sjá að allar síður eru auðar,“ tísti tónlistarmaðurinn.

Mynd af Bubba er falin í blaði dagsins. Ef lesendur reka augun í ásjónu tónlistarmannsins geta þeir sent blaðinu lausnir á netfangið bubbi@dv.is. Dregið verður úr innsendum lausnum og fær sá heppni gjafabréf á veitingastað í höfuðborginni í verðlaun.

Finndu Bubba í blaðinu



Á þessum degi ...

Árið 1555 – Englendingurinn John Hooper, biskup í Gloucester, er brenndur á báli eftir að hafa verið fundinn sekur um trúvillu.

Árið 1895 – Bandaríkjamadurinn William G. Morgan upphugsar leik sem gekk til að byrja með undir nafninu Mintonette. Þessi leikur nýtur mikilla vinsælda enn þann dag í dag og nefnist blak (e. volleyball).




Árið 1950 – Öldungaeildarþingmadurinn Joseph McCarthy ber það á utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna að þar mori allt í kommúnistum. McCarthy hafði megnustu óbeiti á kommúnisma og öllu því sem einkenndi hann og nærði kommúnistagrýluna af miklum mót. Að lokum fékk öldungaeildin sig fullsadda af framgöngu hans og veitti honum ávitur.

Árið 1964 – Hljómsevintin The Beatles frá Liverpool kemur í fyrsta skipti fram í bandaríska sjónvarpsþættinum The Sullivan Show. Um 73 milljónir bandarískra sjónvarpsáhorfenda horfðu á þáttinn og var um að ræða met í þarlandri sjónvarpsögu.

Árið 1971 – Apollo 14 kemur til jarðar eftir þriðju för mannaðs geimfars til tunglsins.

Árið 1991 – Niðurstæða þjóðdar- atkvæðagreiðslu í Litháen sýnir svo ekki verður um villst að landsmenn vilja sjálfstæði.



Þorsteinn fékk Rós

Þorsteinn, stofnandi Plain Vanilla og núverandi forstjóri Teatime, er genginn út. Sú heppna heitir Rós Kristjánsdóttir og stundar nám í gullsmíði við Tækniskólann. Rós hefur starfað sem fyrirsæta samhliða námi en hún prýðir forsiðu nýjasta eintaks tímaritsins Reykjavík Fashion and Design. Ekki er langt síðan Þorsteinn lenti á lista yfir heitustu piparsveinana hjá Vísi en það entist skammt og virðist hann alsáttur við það hlutskipti.

Fékk fangelsisdóm fyrir að stela brók degi fyrir jóla

■ Mónika furðar sig á þyngd dómsins ■ Hundurinn borðar allar nærbuxur

Hjálmar Fríðriksson
hjalmar@dv.is




Mónika Atladóttir, Akureyringur á þrítugsaldri, var á dögunum dæmd í mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir litlar sakir, að hennar mati. Hún stal svörtum nærbuxum, að verðmæti ríflega þúsund króna, í Lindex á Þorláksmessu á síðasta ári.

Mónika furðar sig á þessum dómi í samtali við DV og segist hún hafa frekar búist við sekt þar sem hún viðurkenndi sök fúslega. Erlingur Sigtryggsson, dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra, kvað upp dóminn og segist hann átta sig vel á því að þetta sé þungur dómur fyrir litlar sakir. Hann hafi þó kveðið upp lægsta mögulega dóm sem lög leyfa.

Brókarlaus degi fyrir jóla

Mónika segir það furðulegt að hafa fengið þennan dóm en hún kom af fjöllum þegar blaðamaður sagði henni að hún hefði verið dæmd fyrir þjófnaðinn og taldi að hún þyrfti einungis að greiða sex þúsund krónur í sekt. „Ég vissi að ég hafði verið kærð, mér var birt kærán. Þetta er glæpur og maður þarf að borga sekt. Þetta er samt svolítið út í hött þegar maður er að tala um nauðsynjavörur, í raun og veru. Ef hef ekki efni á að borga þúsund kall fyrir nærbuxur þá hef ég ekki efni á því að borga sex þúsund krónur í sekt,“ segir Mónika og hlær.

Hún segir að nærbuxurnar hafi raunar verið nauðsynjavara. Þannig er mál með vexti að hundur hennar sækist mikið í að borða nærbuxur hennar og var hún því brókarlaus degi fyrir jóla. „Hundurinn



minn er svo hrifinn af því að naga hluti úr bómull og nælonefnum. Þannig að ég verð alltaf mjög fljótt uppiskroppa með allt svona og ég er ekkert á sérstaklega háum launum, því ég er á féló,“ segir Mónika.

„Hundurinn minn er svo hrifinn af því að naga hluti úr bómull og nælonefnum.“

Lögin heimiluðu ekki sekt

Erlingur dómstjóri gerir ráð fyrir að enginn sakarkostnaður hljóti af þessu máli. Hann segir að þar sem Mónika hafi áður fengið dóm vegna auðgunarbrots þá hafi ekki verið hægt að sekta hana. Hún hafi þó fengið lágmarksrefsingu.

„Þetta var útvistardómur, hún mætti ekki og hún var aðvöruð að ef hún mætti ekki þá teldist hún hafa játað. Því var bara dæmt og það var enginn kostnaður á rannsóknarstigi. Refsiramminn, sem sagt lágmarksrefsing, fyrir þjófnað er fangelsi en í undantekningum, ef það er um smáræði að tefla og viðkomandi hefur ekki

13 mánuðir fyrir ketkrók

Fertugur karlmaður var dæmdur árið 2007 í þrettán mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela úrbeinuðu hangilæri í Bónus í Hveragerði. Lengd dómsins mátti skýra að hluta með því að hann braut skilorð með stuldinum á kjötinu.

5 mánuðir fyrir súpu og koniak

Fimmtugur karlmaður var árið 2008 dæmdur í fimm mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa stolið súpu að verðmæti 250 króna í 10-11 en maðurinn neytti hennar innan búðarinnar án þess að greiða. Hann stal enn fremur matarkoniaki í Hagkaupum að verðmæti 769 króna. Umræddur maður sendir DV reglulega bréf og er ljóst að hann gengur ekki heill til skógar. Lengd dómsins má skýra að hluta með því að hann braut skilorð.

Mánuður fyrir Sóma-samlöku

Síðasta sumar var karlmaður á sextugsaldri dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa stolið samlöku að verðmæti 599 krónur úr verslun 10-11 í Austurstræti, og borðað samlökuna án þess að greiða fyrir hana. Hann braut ekki skilorð en hafði þó fengið nokkra dóma fyrir auðgunarbrót.

Límbandsrúllan kostaði 110.000 kr.

Árið 2014 var kona dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að stela límbandsrúllu að verðmæti 599 króna úr hillu verslunarinnar Shell við Austurmörk í Hveragerði. Konan var jafnframt dæmd til að greiða 110 þúsund í sakarkostnað.

verið dæmdur fyrir auðgunarbrót áður, þá má fara niður í sekt. Hún hefur að minnsta kosti eitt auðgunarbrót á ferlinum og þar með er lágmarksfangelsi dæmt,“ segir Erlingur og bætir við að hann skilji það vel að svona dómur geti skotið skökku við í huga margra. Hann nefnir í því samhengi fræga frétt um hangikjötsþjóf sem fékk nokkurra mánaða fangelsi fyrir stuldinn. ■

David Lopez sat í súpunni í skáksmyglinu

Eitt einkennilegasta sakamál, svokallað skáksmyglsímál, dregst enn á langinn. Í vikunni var Sigurður Kristinsson úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald vegna málsins. Á meðan liggur eiginkona hans, Sunna Elvira Þorkelsdóttir, lömuð á sjúkrahúsi í Malaga-borg. Ástand hennar er slæmt enda fær hún ekki þá umönnun sem hún þarf á að halda. Undanfarna daga hefur verið á dagskrá á að flytja Sunnu Elviru á sérstakt sjúkrahús í Toledo. Um er að ræða tíu tíma erfitt ferðalag enda er Toledo í miðju Spánu, um 350 kílómetra frá Malaga.

Það hefur vakið mikla furðu hjá íslenskum yfirvöldum og aðstandendum Sunnu Elviru að flut-

ingurinn hafi ítrekað verið stöðvaður af spænskum yfirvöldum án skýringa. Komið hefur fram að málið byrjaði þegar pakki frá Spáni barst til skrifstofu Skáksambands Íslands. Reyndist hann innihalda um átta kílógrömm af fíkniefnum sem falin voru í verðlaunagripum fyrir skák. Samkvæmt heimildum DV kann ástæðan fyrir tregðunni varðandi flutning Sunnu Elviru til Toledo að vera sú að greiðslan fyrir sendinguna var rakin til hennar og hefur hún ekki getað veitt lögregluvirkum skýringar á því.

Samkvæmt heimildum DV barst sendingin frá tilteknu fyrirtæki sem staðsett er í bænum Altea, nærri Alicante. Bærinn er í rúmlega 400 kílómetra fjarlægð frá Malaga. Starfsmaður fyrirtækisins, David

Lopez Cobos að nafni, var skráður sendandi. DV hringdi í fyrirtækið en varð að gera sér að góðu að ræða við samstarfsmann Davids sökum slakrar enskukunnáttu þess Davids. Staðfesti starfsmaðurinn að vörurnar hefðu sannarlega farið frá þeim en að í millitíðinni hafi annar aðili, sá er pantaði vörurnar, fengið þær í sína vörslu.

Þá hafi málið greinilega tekið mikið á David og starfsmenn fyrirtækisins sem höfðu flækst inn í rannsókn spænskra og íslenskra lögregluvalda með þessum hætti. Þegar DV óskaði eftir upplýsingum um hver hefði pantað vörurnar þá vísaði starfsmaðurinn á þarland lögregluvirkum og kvaðst ekki geta tjáð sig frekar um málið. ■ bjornth@dv.is



Sunna Elvira Þorkelsdóttir Liggur lömuð á sjúkrahúsi í Malaga í kjölfar hræðilegs slyss. Samkvæmt heimildum DV var greiðsla sendingar til Íslands, sem reyndist innihalda fíkniefni, rakin til hennar.



Á FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Allt að sjötíu
prósenta afsláttur
af sýningarvörum

**Síðustu dagar
- enn betra verð.**

HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN, PHILIPPE
STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



**ÚT
SÖLU
LOK**



ILLA FARIÐ MEÐ GEIR

Í vikunni var Ólympíuhetjan Guðmundur Guðmundsson ráðinn landsliðsþjálfari íslenska karlalandsliðsins í handknattleik, í þriðja sinn. Ráðning Guðmundar er ekki umdeild, enda óumdeilt að þar sé á ferðinni einn allra fremsti þjálfari heims, heldur framkoma HSÍ í garð fráfarandi þjálfara, Geir Sveinsyni. Sambandið náði ekki að tjá Geir að þjónustu hans væri ekki óskað áður en Guðmundur var kynntur til leiks. Eðli málsins samkvæmt er Geir ósáttur við yfirstjórnendur HSÍ þó að hann hafi gætt orða sinna í hvívetna á opinberum vettvangi. Samkvæmt gárungum verður hér eftir talað um Guðmundar- og GeirSveins-málið.

Þjóðfylkingin með endurkomu

Íslenska þjóðfylkingin mun bjóða fram lista í borgarstjórnarkosningunum í vor og er í viðræðum við hugsanlegan oddvita. Helgi Helgason varaformaður vill aðeins segja að um öfluga persónu sé að ræða. Helsta baráttumál flokksins kemur fæst-um á óvart; að draga til baka lóðaúthlutun undir mosku og breytingartillögur um bænahús múslima í Öskjuhlíð, þar sem til stendur að reisa bænaturm og farfuglaheimili að sögn Helga. Þá verður horfið frá hugmyndum um þéttingu byggðar og borgarlínu. Komid verður upp verkamannabústaðakerfi og lóðum úthlutað í úthverfum borgarinnar.



STJÓRNARMAÐUR KRÝSUVÍKUR-SAMTAKAÐUR SEGIR AF SÉR

DV
birtir bréfið

■ Segir fjármuni ríkisins fara í lögmann og PR-fyrirtæki til að hafa áhrif á fréttir

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Ég tel mér ekki fært, sem mann-
eskja, móðir fyrrverandi skjól-
stæðings Krýsuvíkursamtak-
anna og ábyrgur meðlimur í
stjórn félagasamtaka sem hafa það
að markmiði að hjálpa fólki að taka
þátt í að þagga allskonar ásakani-
ur um brot í starfi og jafnvel kynferðis-
lega áreitni frá hendi starfsmanns
og forstöðumanns.

Þannig hefst harðort bréf sem
fyrrverandi stjórnarmaður Krýsu-
víkursamtakanna sendi á aðra
stjórnarmenn. Stjórnarmannin-
um er mikið í mun að Krýsuvík
verði ekki lokað en telur nauðsyn-
legt að gera breytingar en stjórnar-
maðurinn sagði sig úr stjórn þann
18. janúar. Tekið skal fram að eft-
ir að stjórnarmanninum var kunn-
ugt um að DV hefði bréfið und-
ir höndum óskaði hann eftir að
innihald þess yrði ekki birt. DV
álitur að innihald þess varpi ljósi
á ástandið í Krýsuvík og eigi brýnt
erindi við almenning.

Í bréfi stjórnarmannsins segir:

„... ekki hefur verið talað við starfs-
menn, enginn hefur stigið fram
og lýst yfir ábyrgð, hvað þá axlað
ábyrgð á nokkurn hátt, einn mað-
ur hefur verið sendur í sumar-
frí [Þorgeir forstöðumaður, son-
ur framkvæmdastjóra, innsk. blm.]
sem hann átti víst inni, bíl hefur

Vill rannsókn

Halldóra Mogensen formaður vel-
ferðarnefndar alþingis hefur bréfið frá
stjórnarmanninum undir höndum.

Hún segir:

„Krýsuvík er meðferðarheimili sem
ekki gilda nein sérstök lög um en hljóta
samt fjármuni frá ríkinu samkvæmt
fjárlögum. Það er mikilvægt að við
hugum vel að aðstæðum þar sem
ríkisfjármunir eru notaðir til að reka
meðferðarúrræði. Ég tel mikilvægt
að í boði séu fjölbreytt og örugg
meðferðarúrræði, og að ríkisfjármunir
séu bara nýttir í að styrkja þau úrræði
sem við vitum að séu örugg. Þegar
við fjöllum um meðferðarúrræði fyrir
fólk með fíknivanda verðum við að
hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi. Þær
ávirðingar og ásakaniur sem fram koma
í bréfi [...] eru alvarlegar og ég tel fulla
ástæða til að þær séu rannsakaðar að
fullu af þar til bærum yfirvöldum.“

að sögn verið skilað inn til fram-
kvæmdastjóra, stjórnarformaður og
starfandi framkvæmdastjóri hafa
setið starfsmannafund og svo flutt
stjórn boð af þeim fundi um að all-
ir hafi fengið að tjá sig og að fundur-
inn hafi verið góður. Fréttir af þeim
fundum annars staðar frá staðfesta ekki
þá frásögn svo ekki sé meira sagt.

Þetta gera þær Sigurlína Davíðs-
dóttir stjórnarformaður og Lovísa
Christiansen framkvæmdastjóri
þrátt fyrir að augljóst sé að þær hafi
setið á ótal kvörtunum og ábending-
um fjölda og nánast allra starfs-
manna jafnvel um árábil, ásamt ótal
kvörtunum allskonar fólks,
skjólstæðinga og fleiri
auðvitað. Þrátt fyrir það
að Lovísa Christiansen sé móðir Þorgeirs Óla-
sonar sem er ásað-
ur um óeðlileg og ófag-
leg samskipti og jafnvel
áreitni í garð skjólstæðings.
Eins líka stórfurðulegar
ákvæðanir varðandi með-
ferð um fjármuni ríkis-
ins og þar er ég að tala
um að kaupa „vinnubíl“
sér til handa fyrir 8,6

Það er ekki leitað
að sannleikanum
heldur augljóslega verið
að vinna í að hreinsa
Þorgeir Ólason og fleiri af
öllum ásökunum, alveg
sama hvað.

miljónir, og láta svo breyta bílnum
nokkrum dögum seinna fyrir hund-
ruð þúsunda, það seinna án þess
að láta framkvæmdaráð vita. Það
er nú nógu skrítið þetta með þessi
bílaup í gegnum tíðina hjá með-
ferðarheimilinu þó að forstöðumað-
ur svona lítills vinnustaðar sé ekki að
kaupa sér nýjan bíl sem kostar með
breytingum á tíundu milljón og það
fyrir peninga ríkisins.

Ég get ekki setið undir því að
skjólstæðingur sem starfsmann
hafa bent á að sæti þrjáhyggju-
kenndu áreitni af hendi forstöðu-
manns meðferðarheimilisins, skuli
vera nafngreind og kölluð drusla
af mágkonu forstöðumannsins á
stjórnarfundum þar sem konan hefur
raunar ekkert erindi.

Ég get því síður setið undir því að
Sigurlína Davíðsdóttir, stjórnar-
formaður Krýsuvíkursamtak-
anna, skuli geta fengið það af
sér að segjast sakna Björns
Ragnarssonar sem ráð-
gjafa og líka sem bílstjóra
við meðferðarheimilið
þegar hann hafði verið lát-
inn fara af meðferðarstað-
um eftir að hafa verið uppvís
að því að hafa áreitni kven-
kyns skjólstæðing, tekinn
skömmu seinna aftur inn
á vistheimilið sem bíl-
stjóri og þá aftur brotið
af sér. Enn fremur

er það algerlega óverjandi að allt
þetta ferli á sér stað án þess að ég
og fleiri í stjórn Krýsuvíkursamtak-
anna fáum neitt að heyra um þetta
frá stjórnarformanni á stjórnar-
fundum.

Ég get ekki setið undir því að um-
ræðuefni á stjórnarfundum eftir að
þessi alvarlegu mál koma upp skuli
vera að það þurfi að ráða lögmann
svo hægt sé að bregðast við ásök-
unum, og að framkvæmdastjórinn
Lovísa og stjórnarformaðurinn Sig-
urlína séu búnar að nota fjármuni
ríkisins til að ráða dýrt PR-fyrir-
tæki til að hafa áhrif á fréttlaflutning
í blóðum og annars staðar, án þess
að spyrja stjórn samtakanna.

Það er ekki leitað að sannleikan-
um heldur augljóslega verið að vinna
í að hreinsa Þorgeir Ólason og fleiri af
öllum ásökunum, alveg sama hvað.

Ég get engan veginn setið und-
ir því að við, allavega sum, í stjórn
Krýsuvíkursamtakanna skulum fá
þessa atburði svona framan í okkur
þegar augljóst er að starfsmenn og
skjólstæðingar hafa verið kvartandi
um árábil við sína yfirmenn og þess
vegna kalla ég þetta þöggun.

Að manneskja sem kemur fram
með kvartanir um áreitni skuli vera
drusluskömmuð og það oft í sam-
tölum við starfsmenn og á fund-
um eins og ég minnst á, það
er eitt og sér nóg, en það
er svo margt fleira sem ég
hirði ekki um að tíunda
frekar hér.“ ■

Þorgeir Ólason
Þorgeir er við
stjórnvöllinn í
Krýsuvík.



Sigurlína
Davíðsdóttir
Stjórnar-
formaður
Krýsuvík-
samtakanna.

Lovísa
Christiansen
Lovísa
er framkvæmdastjóri
meðferðarheimilisins
og móðir Þorgeirs
forstöðumanns.



Lögregla stöðvaði barnaniðsgrín unglunga á Facebook

Foreldrar uggandi og töldu Gunnar Jakobsson Facebook-vin barna sinna

Lögregla hafði samband
við nokkra unglingspíla
á dögnum og bað þá um
að láta af gríni sínu á Face-
book. Piltarnar, sem eru í 10. bekk
grunnskóla, höfðu gert falskan
Facebook-aðgang undir nafninu
Ragnar Theodórsson Malmqvist
og þótti mörgum forsíðumynd að-
gangsins líkjast Gunnari Jakobs-
syni, áður Roy Svani Shann-
on, dæmdum barnaniðingi.
Þessi falski aðgangur hefur verið
nokkuð á milli tannanna á fólki
undanfarið og hefur fjöldi þráða
verið stofnaður um málið, til að
mynda í Facebook-hópum eins og
Beautytips og Góða systir.

Þessi falski aðgangur piltanna
vakti talsverðan óhug hjá mörg-
um. Myndin sem þeir notuðu lík-
ist talsvert Gunnari Jakobsyni,
einum alræmdasta barnaniðingi
Íslands. Í viðtali við DV í fyrra
sagði Gunnar vera með ólækn-
andi barnagirnd og var hann síð-
ast dæmdur fyrir að vera með
48.212 ljósmyndir og 484 mynd-
skeið af barnaklámi í sínum fór-
um. Myndin sem piltarnir notuðu
var þó ekki af Gunnari, en eftir
því sem DV kemst næst virðast
þeir hafa fundið myndina með að
gúgla „creepy old man“.

Margir foreldrar urðu því ugg-
andi þegar þeir tóku eftir því að

börn sín væru að ving-
ast við slíkan mann á
Facebook. „Langaði
bara að vekja athygli á
þessum manni! Dæmdur
niðingur sendi 13 ára
dóttur minni vinabeidni í
dag. Langar bara að biðja mæð-
ur að fara inn á prófíllinn hans og
athuga hvort hann sé vinur ykkar
barna. Virðist bara vera með börn
sem vini,“ skrifaði til að mynda ein
kona í hópnum Góða systir.

Heimir Rikarðsson lögreglu-
fulltrúi segir í samtali við DV
að lögreglu hafi borist tilkynn-
ingar um þennan Facebook-að-
gang og því gripið til þess ráðs



að hafa samband við piltana. „Ég
get alveg staðfest að við fylgjumst
með svona síðum. Við ræddum
við nokkra stráka og báðum þá
að gæta sín. Fyrst þegar við sáum

þetta þá gerðum við okkur strax
grein fyrir því að svona var í pott-
inn búid, ekki neitt á bak við þetta.
Þeir hættu þessu,“ segir Heimur. ■
hjalmar@dv.is

**MILLJÓNIR MEÐ RJÓMA,
SULTU OG SÚKKULAÐI**

35

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 35 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

ÓVINIR ÍSLANDS

■ PEIR ÞOLA OKKUR EKKI

Móðganir, lítilsvirðing og léleg framkoma. Íslendingar hafa eignast sinn skerf af óvinum í gegnum árin af ýmsum ástæðum. Við erum staðföst þjóð, látum ekki vaða yfir okkur á skítugum skónum og eigum það til að móðgast þegar okkur finnst að okkur vegið. Hér eru taldir upp þeir sem teljast eða hafa talist til óvina Íslands á undanförunum árum og áratugum. Þetta eru allt einstaklingar sem hafa á einhverjum tímupunkti komið illa fram við eitthvert okkar; móðgað eða lítillækkað okkur eða vegið með einhverjum hætti að íslensku þjóðinni.

einar@dv.is



Abraham Cooper

Af hverju? Hvatti gyðinga til að sniðganga Reykjavík
Staða: Rabbíni Simon Wisenthal-stofnunarinnar í Bandaríkjunum

Rabbíninn Abraham Cooper virðist hafa horn í síðu Íslendinga af ýmsum ástæðum. Fyrir það fyrsta fór hann þess á leit árið 2012 að Ríkisútvarpið hætti að flytja Passíusálma Hallgríms Péturssonar á páskum. Skrifadi hann Páli Magnússyni útvarpsstjóra bréf þess efnis. Taldi hann að í sálmunum væri hallað mjög á gyðinga, í þeim væri að finna margar neikvæðar tilvísanir. Tveimur árum síðar, árið 2015, hvatti hann gyðinga til að ferðast ekki til Reykjavíkur. Ástæðan var sú að meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur vildi undirbúa og útfæra að Reykjavíkurborg myndi sniðganga ísraelskar vörur.



Símon Ott

Af hverju? Sagði að Íslendingar myndu fara til helvítis
Staða: Predikari

Svísslendingurinn Símon Ott fór mikinn hér á landi á haustmánuðum 2016 þegar hann kom til Íslands. Fyrst lét hann til sín taka á Klambatúni þar sem nemendur MH og Kvennaskólans voru fyrir. Varð honum tíðrætt um samkynhneigð og kynlíf fyrir hjónaband sem hann sagði að væri synd. Síðar spurðist til hans í Hnífsdal þar sem hann gekk um með skilti og hrópaði að fólki að það ætti á hættu að fara til helvítis ef það sneri sér ekki til frelsarans. Svo fór að Símon var ákærður fyrir hatursorðræðu.



Steven L. Anderson

Af hverju? Segir Íslendinga bastarða og konurnar hóru
Staða: Prestur í Faithful Word baptista-kirkjunni í Arizona

Steven Anderson virðist mjög í nöp við Íslendinga og hefur ítrekað talað illa um land og þjóð. Hann á því nákvæmlega ekkert inni hjá okkur. Anderson hefur meðal annars kallað Íslendinga þjóð bastarða og gaf hann út heimildamynd máli sínu til stuðnings ekki alls fyrir löngu. Vísadi hann í að mörg börn fæðist utan hjónabands og að hér á landi væri mjög hátt hlutfall ógíftra mæðra. Bætti Steven um betur og sagði meirihluta íslenskra kvenna vera hóru. Takk fyrir það, Steven, en okkur bara líður ágætlega á Íslandi.

Santiago Ponzinibbio


Af hverju? Potaði í augun á Gunnari Nelson
Staða: UFC-bardagakappi

UFC-bardagakappinn Santiago Ponzinibbio er ekki hátt skrifaður hjá íslensku þjóðinni eftir að hafa beitt bellibrögðum til að leggja Gunnar Nelson. Kapparnir mættust í fyrRASUMAR og mátti Gunnar sætta sig við tap eftir rothögg í 1. lotu. Síðar kom á daginn að Ponzinibbio potaði ítrekað í augu Gunnars meðan á bardaganum stóð. Okkur þótti illa farið með okkar mann – edlilega kannski. „Það varð enginn varanlegur skaði á augunum sem er mjög gott. Ég var kannski heppinn með það því þetta var frekar brútal að sjá,“ sagði Gunnar í viðtali nokkrum mánuðum eftir bardagann.

Paul Watson

Af hverju? Sökkta tveimur hvalveiðiskipum í Reykjavíkurhöfn
Staða: Stofnandi Sea Shepherd

Kanadamaðurinn Paul Watson hefur á undanförunum áratugum gert Íslendingum lífið leitt. Watson, sem er stofnandi Sea Shepherd, bar ábyrgð á því að sökkva tveimur hvalveiðiskipum, Hval 6 og Hval 7, við Ægisgarð í Reykjavík árið 1986. Þá voru skemmdir unnar á hvalkjötsvinnslunni í Hvalfirði. Þessar gjörðir Pauls vöktu reiði meðal Íslendinga sem eru ekki búnir að gleyma spellvirkjum aðgerðasinnans. Paul, sem verður sjötugur innan fárra ára, hefur ítrekað gagnrýnt Íslendinga fyrir hvalveiðar á undanförunum árum.



Gordon Brown

Af hverju? Setti á okkur hryðjuverkalögin
Staða: Fyrirverandi forsætisráðherra Bretlands

Íslendingar munu aldrei gleyma þeirri ákvörðun Gordons Brown, fyrirverandi forsætisráðherra Bretlands, að setja hryðjuverkalög á Ísland eftir bankahrunið 2008. Setti hann þar með Ísland í hóp með talibönnum og al-Káida. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrirverandi forseti, komst ágætlega að orði í viðtali við Sky-sjónvarpsstöðina árið 2013 þegar hann sagði að jafnvel þegar Bretar verði búnir að gleyma Brown muni Íslendingar muna vel eftir honum. Ákvörðunin um að setja Ísland á lista með hryðjuverkasamtökum verði honum og ríkisstjórn hans til skammar um aldur og ævi.



Roosh Vorek

Af hverju? Skrifaði bók sem fjallaði um hvernig væri auðveldast að komast í rúmið með íslenskum konum
Staða: Rithöfundur

Bandaríkjamaðurinn Roosh Vorek dvaldi hér á landi í nokkra mánuði árið 2011 þar sem hann rannsakaði meðal annars hvernig væri auðveldast að komast í rúmið með íslenskum konum. Afraksturinn var bók sem heitir Bang Iceland. Roosh, sem er yfirlýstur andfeministi, er ekki beint vinsæll á Íslandi og í janúar í fyrra boðaði hann fylgismenn sína hér á landi að Skólavörðuholti þar sem markmiðið var að halda einhvers konar samstöðufund. Þessu var mótmælt harðlega hér á landi, meðal annars á Facebook, og fór svo að fundurinn var blásinn af.

ÓVINIR FYRRI TÍMA

Viktor Kortsnoj

Rússneski skákmeistarinn vakti hneykslan margra þegar hann mætti Jóhanni Hjartarsyni í einvigi í undankeppni heimsmeistaramótsins árið 1988. Þar beitti Kortsnoj ýmsum brögðum til þess að koma ungum andstæðingi sínum úr jafnvægi. „Hann truflaði mig með þrennum hætti. Hann ruggaði sér fyrir framan mig, sem var gamalt bragð úr sovéska skákskólanum. Síðan var teftt á lausu sviði og um það þrammaði Kortsnoj á meðan ég hugsaði þannig að sviðið nötraði og skalf. Það sem vakti hins vegar mesta eftirtekt var að Kortsnoj keðjureykta meðan á einviginu stóð og blés reyknum framan í mig. Íslenska þjóðin varð æf yfir framkomunni en í sannleika sagt truflaði þetta mig minnst,“ sagði Jóhann um atvikid í viðtali við DV í fyrra. Þá var Viktor nýlátinn, 85 ára að aldri.



Richard Nixon

Richard Nixon, fyrirverandi Bandaríkjaforseti, var ekki mjög hrifinn af Keflavík þegar hann heimsótti landið árið 1956. Þá var Nixon að visu varforseti undir Eisenhower og hingað kominn til að hitta bandaríska hermenn í Keflavík og íslenska ráðamenn. Síðar þegar Nixon kom til Íslands, árið 1973, minntist hann þessarar heimsóknar og þeirrar hlýju móttöku sem hann fékk frá hermönnum í Keflavík, „þeim guðsvolaða stað“ eins og hann orðaði það. Þetta vakti ekki beint mikla kátínu hjá Suðurnesjamönnum sem fannst að sinni heimabyggð vegið.



Halim Al

Þjóðin fylkti sér á bak við Sophíu Hansen í forræðisdeilu hennar og Halims Al, fyrirverandi eiginmanns hennar, þeirri allra þekktustu í Íslandssögunni. Sumarið 1990 fór Halim með dætur þeirra, Rúnu og Dagbjörtu, sem þá voru 7 og 9 ára, í nokkurra daga frí til Tyrklands. Hann sneri ekki aftur. Sophía reyndi hvað hún gat að fá dæturnar aftur en hafði ekki erindi sem erfið. Tuttugu og þrjú ár liðu þar til Rúna, yngri dóttir Sophíu, kom aftur til Íslands í heimsókn. Það gerðist árið 2013.



Staffan Olson

Staffan Olson, eða Faxi eins og hann var gjarnan kallaður, var í rauninni Svíagnýlan holdi klædd. Olson gerði íslenska handboltalandsliðinu ítrekað lífið leitt á árum áður enda þótti hann frábær handboltamaður. Íslendingar hreinlega hötuðu Olson. Í landsleik Íslands og Svíþjóðar í Laugardalshöll, líklega í upphafi tíunda áratugarins, bauluðu áhorfendur í hvert sinn sem hann fékk boltann. Staffan gerði það að leik sínum að glotta og líta upp í stúkuna í hvert sinn sem hann skoraði. Íslendingar fyrirgáfu Staffan að lokum, en það var þó ekki fyrr en hann hætti að spila handbolta.



Vladimir Zhirinovskiy

Rússneski stjórnálmáladurinn vakti ugg hjá mörgum Íslendingum árið 1992 þegar hann stakk upp á því að Ísland gæti orðið fanganylenda Rússlands. Á þessum árum var Zhirinovskiy í baráttu um að komast til valda í Rússlandi. Ástæðu þess að Zhirinovskiy vildi Íslandi þessi örlög má rekja til viðurkenningar Íslands á sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna þriggja. „Þið hafið kveikt í púdurtnunu. Ísland verður fangelsi fyrir Evrópu,“ sagði hann í samtali við RÚV. Zhirinovskiy, sem er 71 árs, er enn í fullu fjöri í rússneskum stjórnmálum.



Cristiano Ronaldo

Af hverju? Talaði íslenska landsliðið niður á EM 2016
Staða: Besti fótoltamaður heims

Ronaldo vakti reiði margra Íslendinga eftir að Portúgal mætti Íslandi í fyrsta leik okkar í lokakeppni stórmóts. Íslenska liðið náði jafntefli, 1-1, og lék vel. Ronaldo vandaði íslenska liðinu ekki kveðjurnar eftir leik. „Ísland reyndi ekkert. Það var bara vörn, vörn, vörn og skyndisóknir. Þeir fengu færi og skoruðu eitt mark. Þeir voru heppnir í kvöld,“ sagði Ronaldo sem bætti við að það væri erfitt að spila fótoltaleiki þar sem aðeins annað liðið reynir að vinna. Þess má geta að sóknarleikur Íslands var í raun lítið síðri en sóknarleikur Portúgals á mótinu; Ísland skoraði 8 mörk í 5 leikjum en Portúgal 9 í 7 leikjum.



Hér búa forstjórnarnir

Flestir búa í Miðbænum og Grafarvoginum

DV heldur áfram að skoða hvernig fulltrúar hinna ýmsu stétta hafa komið sér fyrir á fasteignamarkaði. Áður hefur DV skoðað hvernig stjórnendur bankanna búa, sem og fulltrúar launþega. Næst er komið að forstjórum skráðra fyrirtækja hérlendis, sem óneitanlega tróna á toppi íslensks viðskiptalífs. Tekjur þeirra eru háar og því þarf ekki að koma á óvart að mörg heimilin séu glæsileg. Aðrir eru hófsamari og berast ekki mikið á.

DV fletti upp á heimilum fimmtán forstjóra og kaupvirði eignanna. Kennir þar ýmissa grasa. Til dæmis vekur athygli að forstjórnarnir búa ekki eingöngu í miðbæ Reykjavíkur, Seltjarnarnesi og Garðabæ heldur búa ófáir í Grafarvoginum, þá eiga Hafnarfjörður og Kópavogur einn fulltrúa hvor. Mosfellsbær er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu þar sem enginn forstjóri í skráðu félagi er búsettur. Það er mjög óáhuga-verður fróðleikur. ■



Bergstaðastræti 38 Í þessu fallega húsi í miðbænum býr Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, ásamt sambýliskonu sinni, Katrínu Bryndísi Sverrisdóttur. Húsið er rúmlega 194 fermetrar að stærð. Párið keypti húsið um mitt ár 2015 og var kaupverðið 86 milljónir króna.



Sóleyjarrimi 51 Í þessu húsi í Rimahverfi býr Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri Granda. Húsið er um 192 fermetrar að stærð og keyptu Vilhjálmur og eiginkona hans, Steinunn Ósk Guðmundsdóttir, eignina í október 2012. Kaupverðið var 48 milljónir króna.



Leiðhamrar 46 Í þessu fallega húsi býr Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, ásamt eiginkonu sinni, Hildi Hauksdóttur. Þau keyptu húsið, sem er um 269 fermetrar, í nóvemberlok 2009 og var kaupverðið 66,2 milljónir króna.



Ásvallagata 8 Í þessu glæsilega 286 fermetra húsi býr Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel. Árni og eiginkona hans, Eyrún Lind Magnúsdóttir, keyptu húsið í september 2004 og var kaupverðið 56 milljónir króna. Óhætt er að segja að það hafi verið góð kaup.



Laufásvegur 69 Í þessu stórglæsilega húsi, sem er 362 fermetrar að stærð, býr Orri Hauksson, forstjóri Símans, ásamt eiginkonu sinni, Ingigerði S. Ágústsdóttur. Húsið var um langt skeið í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar en Orri og Ingigerður festu kaup á því í nóvember 2015. Kaupverðið var 190 milljónir króna.



Æsuborgir 9 Í þessu húsi í Grafarvoginum býr Finnur Oddsson, forstjóri Origo, ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Þorgeirsdóttur. Húsið er 252 fermetrar að stærð en párið fjárfesti í því í maí 2001. Kaupverðið var 21,5 milljónir króna.



Pverási 23 Árbærinn á að sjálfsgöðu sinn fulltrúa á forstjoralistanum. Helgi Bjarnason, sem nýlega settist í forstjórastól VÍS, býr í þessu einbýlishúsi ásamt eiginkonu sinni Alíðu Jakobsdóttur. Um er að ræða 209 fermetra hús sem hjónin keyptu á 19,8 milljónir króna í janúar 2003. ▶

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is



Lindarflöt 35 Flatirnar í Gardabænum hafa verið vagga valdsins á Íslandi. Það þarf því ekki að koma á óvart að forstjóri stórfyrirtækis búi þar en kannski kemur á óvart að það er aðeins einn! Í þessu glæsilega einbýlishúsi býr Gardar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags. Gardar keypti húsið í október 2017 en kaupverðið var 108 milljónir króna.



Furugerði 2 Í þessu tvíbýlishúsi hefur Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, búið í áratug. Hann keypti húsið í febrúar 2007 og var kaupverðið rétt tæplega 50 milljónir króna.



Grenimelur 8 Í þessu huggulega tvíbýlishúsi í Vesturbænum býr Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjaraskipta hf., ásamt eiginkonu sinni, Rögnu Söru Jónsdóttur. Þau keyptu hæðina, sem er 219 fermetrar að stærð, í mars 2012 og var kaupverðið 56,5 milljónir króna.



Frjóakur 2 Í þessu glæsilega húsi í Akrahverfinu í Gardabæ býr Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, ásamt eiginkonu sinni, Sigurbjörgu Ólafsdóttur. Nægt rými er í húsinu en það er heilir 340 fermetrar að stærð. Sigurður og Sigurbjörg keyptu lóðina undir húsið um mitt ár 2006 og reistu húsið í framhaldi af því.



Vesturbrún 6 Hér býr Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá, ásamt eiginkonu sinni, Eiríku Guðrúnu Ásgrímsdóttur. Þau keyptu húsið, sem er 204 fermetrar að stærð, í mars 2015 og var kaupverðið 75 milljónir króna.



Lækjarberg 52 Í þessu húsi býr Finnur Árnason, forstjóri Haga, ásamt eiginkonu sinni Önnu Maríu Urbancic. Þarið byggði húsið og var það tilbúið árið 1994. Húsið er 268 fermetrar að stærð.



Hólahjalli 5 Eggert Þór Kristófersson, forstjóri NI, er eini forstjórinn sem býr í Kópavogi. Hann býr í þessu glæsilega húsi í Hjallahverfi sem er rúmlega 245 fermetrar að stærð. Eggert og eiginkona hans, Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir, fjárfestu í húsinu um mitt ár 2007 en kaupverðið var 95 milljónir króna.



Nesbali 66 Í þessu snotra raðhúsi á Seltjarnarnesi býr Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, ásamt eiginkonu sinni, Málfríði Pétursdóttur. Húsið er 201 fermetri að stærð en hjónin keyptu það í nóvember 2012. Kaupverðið var 79,5 milljónir króna.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðrhraun 3, 210 Garðabær

Gera það gott í Hollywood

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Þúsundir leikara streyma til Hollywood á degi hverjum í von um frægð og frama en flestir komast þó í gegnum nálaraugað. Allt frá því á seinustu öld hafa þónokkrir íslenskir leikarar freistað gæfunnar vestanhafs með misjöfnum árangri. Þó

svo að sumum hafi tekist að landa fleiri en einu hlutverki er vart hægt að segja að einhverjum hafi tekist að „meika það“ eins og sagt er og byggja upp alvöru stjörnuferil. Að minnsta kosti ekki hingað til. DV tók saman nöfn nokkurra íslenskra leikara og leikkvanna sem hafa verið að gera það gott í skemmtanabransanum vestanhafs undanfarin misseri. ■



Unnur Eggertsdóttir

Unnur Eggertsdóttir útskrifaðist úr leiklistarnámi í New York árið 2016 og elti í kjölfarið leikkonudrauminn til Hollywood. Hún er nú á fóstum samningi hjá umboðsskrifstofu ytra og sækir prufur af kappi. Stærsta hlutverkið til þessa er í annarri þáttaröðinni af Murder Among Friends en þættirnir eru sýndir á sjónvarpsstöðinni Investigation Discovery og hafa notið mikilla vinsælda. Þá fer Unnur einnig með lítið hlutverk í kvikmyndinni The Mystery of Casa Matusita II: The Five Guests sem meðal annars skartar Malcolm McDowell í aðalhlutverki.

Ólafur Darri Ólafsson

Fáir íslenskir leikarar hafa notið álíka velgengni í Hollywood og Ólafur Darri Ólafsson og er nú svo komið að hann starfar mestmegnis í Bandaríkjunum. Hann fór með stórt hlutverk í fyrstu og annarri seríu bandarísku grínþáttanna Lady Dynamite og þar á undan fór hann með hlutverk í þáttaröðinni Emerald City á vegum sjónvarpsstöðvarinnar NBC. Meðal annarra verkefna má nefna sjónvarpsþáttaraðirnar The Missing og Banshee að ógleymdum stórmyndunum Zoo-lander 2, The Secret Life of Walter Mitty og Walk Among the Tombstones en þess ber að geta að gagnrýnandi The Hollywood Reporter fór fögrum orðum um frammistöðu Ólafs Darra í myndinni.


Síðar á árinu verða frumsýndar fjórar Hollywood-kvikmyndir þar sem Ólafur Darri fer með hlutverk. Um er að ræða bandarísk-skosku spennumyndina Keepers, spennumyndina The Meg og ævintýramyndina Fantastic Beasts: The Crimes of Grindelwald sem byggir á bók rithöfundarins J.K. Rowling og er framleidd af Warner Bros. Þá má ekki gleyma spennu-/gamnamyndinni The Spy Who Dumbled Me þar sem stórstjörnur Mila Kunis og Gillian Anderson fara með aðalhlutverkin.



Hera Hilmarsdóttir

Óhætt er að segja að frægðarsól Heru Hilmarsdóttur hafi risið ansi hratt undanfarin misseri. Árið 2012 hreppti hún lítið hlutverk í bresku stórmyndinni Anna Karenina, þar sem Keira Knightley og Jude Law fóru með aðalhlutverkin, og eftir það fór boltinn að rúlla.

Hún fór með stórt hlutverk í ævintýrabáttaseríunni Da Vinci's Demons og þá lék hún á móti Josh Hartnett og Ben Kingsley í myndinni The Ottoman Lieutenant. Því næst tók við hlutverk þjónustustúlkunnar Tönju í spennutryllinum An Ordinary Man þar sem Hera lék í annað sinn á móti Ben Kingsley. Þá var greint frá því í fyrra að Hera myndi fara með eitt af aðalhlutverkunum í Mortal Engines, nýjustu mynd Peters Jackson, sem gerði þríleikinn um Hringadróttinssögu og Hobbittann.



Darri Ingólfsson

Darri lærði leiklist í Bretlandi en hefur undanfarið ár búið og starfað í Englandi. Árið 2012 fór hann með aukahlutverki í þáttunum Last Resort, stórrí framleiðslu á vegum ABC-sjónvarpsstöðvarinnar en þáttaröðin varð þó ekki langlíf og var framleiðslu hætt eftir aðeins 13 þætti. Nafn Darra rataði síðan í fréttir héraðs árið 2013 þegar ljóst var að hann myndi fara með hlutverk geðtruflaða mörðingjans Olivers Saxon í áttundu þáttaröðinni af Dexter. Hann hefur síðan þá komið fram í aukahlutverki í nokkrum sjónvarpsþáttaröðum vestra á borð við Haven, NCIS: Los Angeles, Criminal Minds auk þess sem hann er í stærri hlutverkum í þáttaröðunum Sequestered og The Originals.

Tómas Lemarquis

Tómas Lemarquis er einna þekktastur héraðs fyrir hlutverk sitt sem Nói albinói í samnefndri kvikmynd. Hann hefur undanfarin ár notið mikillar velgengi sem leikari í Evrópu og jafnframt fengið nokkur tækifæri í Hollywood. Árið 2013 landaði hann stóru hlutverki í spennumyndinni Three Days to Kill með bandaríska stórleikaranum Kevin Costner. Þá fór hann með hlutverk Calibans í myndinni X-Men: Apocalypse og í fyrra lék hann í Hollywood-myndinni Blade Runner.

Í samtali við Morgunblaðið í fyrra sagði Tómas frá því hvernig hann fékk hlutverkið með krókaleiðum. „Þetta var góð lexía varðandi það að gefast aldrei upp og missa aldrei sjónar á draumi mínum.“



Einar Gunnar Einarsson

Einar Gunnar, sem notast við listamanns nafnið Einar Gunn, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum undanfarna þrjú áratugi og starfaði lengi vel í auglýsingabransanum áður en hann fór að starfa sem aukaleikari. Á síðustu tíu árum hefur hann landað fjölmörgum litlum hlutverkum í bandarískum sjónvarpsþáttum á borð við The Mysteries of



Laura og The Blacklist auk þess sem hann fór með hlutverk prests í Michael J. Fox Show. Þá hefur hann einnig stigið á svið á Broadway í leikritinu A Man for All Seasons og farið með hlutverk í þáttunum The Men Who Built America sem sýndur er á History Channel.

DV ræddi við Einar á síðasta ári en þá hafði hann landað litlu hlutverki í hinum geysivinsælu sjónvarpsþáttum Law and Order: Special Victims Unit.

„Það eru margir um hituna fyrir hvert hlutverk. Það eru yfirleitt um 500–2.000 umsóknir sem berast varðandi hvert hlutverk og af þeim komast yfirleitt 6–12 í prufur. Síðan komast tveir á lokastigið og einn hreppir hnossíð. Líkurnar á að hreppa hlutverk eru því ekki miklar,“ sagði Einar aðspurður um samkeppnina í Hollywood. Næsta verkefni Einar er þó á íslenskri grundu en hann fer með hlutverk í væntanlegri kvikmynd leikstjórans Baldvín Z. Lof mér að falla.

Láttu þér ekki vera kalt

Honeywell hitarar og ofnar

Olíufylltir ofnar 7 og 9
þilja 1500W og 2000 W

Keramík hitarar
með hringdreifingu
á hita

Hitablásarar
í úrvali

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Jóhannes Haukur Jóhannesson

Jóhannes Haukur hefur fyrir löngu skapað sér sess sem einn af vinsælustu karlleikurum íslensku þjóðarinnar og þá hefur hann einnig verið að gera það gott í Bandaríkjunum sem kvikmynda- og sjónvarpsleikari. Stóra tækifærið kom árið 2015 þegar hann var ráðinn í hlutverk Tómasar, sem var einn af lærisveinum Jesú í þáttunum A.D. The Bible Continues. Ári síðar landaði hann stóru hlutverki í annarri þáttaröð, The Last Kingdom, sem er framleidd af BBC og Netflix.

Síðar á þessu ári má sjá Jóhannesi Hauki bregða fyrir í hlutverki hollenska skipstjórans J. Rouverol í kvikmyndinni Where'd You Go, Bernadette sem meðal annars skartar Cate Blanchett, Kristín Wiig, Billy Crudup og Laurence Fishburne í aðalhlutverkum. Þá fer hann með eitt af aðalhlutverkunum í spennutryllinum Alpha sem væntanlegur er í kvikmyndahúsi í mars næstkomandi, en leikstjóri myndarinnar er Albert Hughes sem meðal annars leikstýrði The Book of Eli með Denzel Washington og From Hell með þeim Johnny Depp og Heather Graham. Síðar á árinu verður síðan frumsýnd kvikmyndin The Sisters Brothers en Jóhannes Haukur er þar í góðum félagsskap stórstjarna á borð við Jake Gyllenhaal, Joaquin Phoenix, John C. Reilly og Riz Ahmed.



Hörður Bender



Finnur Freyr Gunnarsson



Haukur Baldvinsson

Ný fjármögnunarleið: Fáðu kröfurnar þínar greiddar strax!



Faktoría
Ekki bíða fáðu borgað strax

FAKTORÍA FJÁRMAGNAR ÓGREIDDAR KRÖFUR

Faktoría er nýtt fjármálatækni fyrirtæki (e. fintech) sem býður fyrirtækjum að fjármagna kröfur þeirra. Fjárfelæði fyrirtækja getur verið mjög sveiflukennt en kostnaðurinn fer aldrei í frí, það þarf að greiða laun og launatengd gjöld um hver mánaðamót auk fjölmargra annarra fastra kostnaðarliða, á meðan útistandandi kröfur falla ekki á gjaldþaga fyrr en eftir mánuð eða mánuði. Þessar kröfur eru hins vegar fjármagnaðar strax hjá Faktoríu, bíðin eftir peningunum getur farið alveg niður í eina klukkustund.

„Við erum að bjóða nýja tegund af fjármögnun fyrir fyrirtæki sem er nokkuð til hliðar við allt skrifræðið og bíðina sem fylgir hefðbundinni lánaþyrirgreiðslu,” segir

Hörður Bender, stofnandi og eigandi Faktoría, en auk hans starfa við fyrirtækið þeir Finnur Freyr Gunnarsson og Haukur Baldvinsson og saman mynda þeir þriggja manna samhent teymi. Hin skilvirka og hraða þjónusta Faktoríu hvílir á afar velvirkum hugbúnaði sem þróaður var í nokkur ár og prófaður með örfáum viðskiptavinum áður en starfsemin hófst formlega fyrir rétt rúmu ári: „Við erum hluti af hinni svokölluðu Fintech. bylgju, þ.e. Financial Technology, en hjá Seðlabanka Íslands og á Alþingi hefur verið kallað eftir meiri flóru í fjármálagæiranum. Við erum klárlega að svara því kalli,” segir Hörður.

Það er fleira sem gerir kröfufjármögnun þægilegri en hefðbundna fjármögnun:

Það þarf engin veð. Það þarf bara gilda kröfu, Faktoría gengur úr skugga um að reikningurinn sé réttur og þar með er forsendan fyrir fyrirgreiðslu komin.

Að sjálfsögðu innheimtast ekki allar kröfur og því er áhætta í spilunum sem Faktoría tekur á sig, en föst innheimtubókun er 2,5% af kröfunni. Það þýðir til dæmis 25.000 krónur af 1 milljón, sem fyrir marga er lítið í samanburði við það óhagræði sem hlýst af því að bíða eftir að viðskiptavinir greiði kröfur eða fá hefðbundna lánaþyrirgreiðslu hjá banka.

Að sögn Harðar er markhópur Faktoríu lítil og meðalstór fyrirtæki eða nánar tiltekið fyrirtæki með 5 til 100 starfsmenn: „Stærsti geirinn hjá okkur er byggingar-

iðnaðurinn og síðan eru það sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan. Ferðaþjónustan er gott dæmi um starfsemi þar sem fjárfelæði er ójafnt. Það er oft gott yfir sumarið en síðan er mun erfiðara að reka fyrirtækin yfir vetrartímann. Þá er gott að hafa þessa fyrirgreiðslu sem jafnar út sveiflurnar. Núna eru sérverslanir töluvert að leita til okkar, sem vantar fjármagn til að byggja sig upp fyrir jólin, þurfa að fylla á lagerinn og það er þungt að leggja út fyrir slíku þó að það eigi eftir að skila sér allt til baka í jólasölunni,” segir Hörður.

Sem fyrr segir hefur Faktoría aðeins verið í rúmt ár á markaðnum eftir langan aðdraganda þar sem menn huguðu vandlega að því að treysta tæknilegan grunn

starfseminnar. Hörður segir að viðtökurnar hafi verið frábærar og þjónustan er greinilega kærkomin fyrir mörg lítil og meðalstór fyrirtæki.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þjónustuna betur og hafa ef til vill þörf fyrir fjármögnun af þessu tagi ættu endilega að skoða vel vef fyrirtækisins, faktoría.is. Þar eru greinargóðar og aðgengilegar upplýsingar auk þjónustuvefjar þar sem viðskiptavinir taka nokkur skref að fjármögnuninni í einföldu og traustu ferli.

Á vefnum er einnig að finna símanúmer þeirra Harðar, Finns og Hauks og er velkomið að hringja í þá og fá nánari upplýsingar og útskýringar á þjónustunni í símtali.

Valkyrja óttast annan bloggvara

„ÉG ÞORI EKKI ÚT EIN LENGUR“

Segir konuna hafa gengið svo fast á sig að hún hafi næstum dottið

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Valkyrja Sandra Ásdísardóttir Bjarkadóttir, þriggja barna móðir, snappari og bloggari, stendur nú í úti-stöðum við annan snappara. Valkyrja segist vera hrædd um sig og börn sín. „Ég þori ekki ein út lengur. Ég veit ekki hvað henni dettur í hug að gera næst,“ segir Valkyrja.

Hún kynntist konunni þegar hún skrifaði á bloggsíðu í hennar eigu. Samstarfinu lauk með hveli og segist Valkyrja óttast konuna. Í vikunni mætti hún síðan konunni í Hagkaupum og segir Valkyrja að konan hafi vísitandi gengið á hana svo hún datt næstum á ilmvatnsstand. Valkyrja var með tvo syni sína, sex ára og fjögurra mánaða, að versla.

Karen Hrund, vinkona Valkyrju og þekktur snappari, var með Valkyrju í verslunarleiðangrinum. Karen hefur einnig lent í útistöðum við konuna. Hún sagði frá því í viðtali við DV fyrr á árinu. Karen segir konuna hafi hótað henni bæði ofbeldi og lögsókn.

Eins og fyrr segir óttast Valkyrja, að eigin sögn, um öryggi sitt og barnanna. Valkyrja segir að þegar hún kynntist fyrst konunni hafi hún verið algjörlega undir stjórn hennar. Hlýtt henni í einu og öllu, en hún segir konuna sifellt hafa hótað að „hún yrði ekkert án hennar.“

„Hún stjórnaði öllu“

Valkyrja byrjaði að blogga hjá konunni í október í fyrra. „Ég mátti ekki setja inn færslur sjálf, heldur þurfti ég að senda henni svo hún gæti ritskodað. Mér þótti það undarlegt.“

Valkyrja segir ekki hafi liðið á löngu þar til konan hafi náð tökum á henni. „Hún átti heimilislífið mitt. Hún stjórnaði öllu. Ég átti að hætta með barnið á brjósti til þess að vera bloggari. Það var alls konar svona sem kom upp á. Hún er rosalega frek. Ég átti sifellt að koma til hennar í heimsókn á kvöldin og átti erfitt með að komast svo frá henni. Á þessum tíma þekkti ég hana ekki neitt. Þetta var kona

sem leið illa og ég sat mörgum klukkustundum saman og hlustaði á hana. En í raun var hún bara að baktala og ljúga upp á fólk, sérstaklega aðra snappara.“

Opinbert rifrildi

Rifrildi Karenar Hrundar og konunnar vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum og innan snapsamfélagsins. Valkyrja segir að það hafi byrjað að renna á hana tvær grímur. „Það sem Karen

var að segja var alveg satt. Ég var með konunni í nokkrum verslunum þegar hún talaði illa um Karen við starfsfólk. Hún getur ekki þrætt fyrir það, ég stóð við hliðina á henni þegar hún baktalaði hana,“ segir Valkyrja.

Í kjölfarið ræddi Valkyrja við Karen um málið og hætti að blogga hjá konunni. Valkyrja segist hafa hætt í góðu. „Ég sagði að þetta væri ekki alveg fyrir mig og að ég ætlaði að leita á önnur mið. Hún brjáládist og hótaði að drepa sig. Ég hringdi í lögregluna og lét vita af manneskju í sjálfsmorðshugleiðingum. Hún tók svo mynd af lögreglubílunum fyrir utan heima hjá sér og setti á Snapchat. Þessi mynd vakti mikla athygli. Margir töldu lögregluna vera þarna vegna Karenar, en hún hafði hótað Karen lögsókn,“ segir Valkyrja.

„Ég hef aldrei lent í svona vitleysu í lífi mínu, að einhver hótí að drepa sig því ég hætti að blogga hjá þeim.“

Vildi að hún tæki færslurnar út

Valkyrja segir að hún hafi þurft að „blokka“ konuna á öllum samfélagsmiðlum til að fá frið frá henni. „Eftir að ég blokkaði hana var hún ekki til fyrir mér. Ég sendi henni svo vefpóst um að taka út fær-



Synir Valkyrju Synir Valkyrju voru með henni þegar hún segir konuna hafa gengið á sig með afli.

slurnar mínar af bloggsíðunni hennar. Það er ólöglegt að hún haldi þeim, ég er búin að athuga það. Ég hef sent henni nokkra pósta en aldrei fengið svör,“ segir Valkyrja.


„Ég sá hana fara inn í verslun fyrir nokkrum dögum og ákvað að biðja fyrir utan til að ná tali af henni. Eftir það skrifaði hún færslu á Facebook um að ég hefði ráðist á hana,

sem er ekki rétt. Ég sat á bekk fyrir utan verslunina og þegar hún kom út spurði ég hana hvort ég þyrfti í alvöru lögfræðing til að fá hana til að eyða færslunum mínum. Þá sagði hún fyrir framan tólf ára son sinn að ég væri ein mesta rotta sem hún hefði kynnst. Ég spurði hana hvort hún ætlaði í alvöru að kalla mig rottu fyrir framan son sinn og bað hana aftur um að taka færslurnar mínar út. Þetta endaði með því að hún öskraði á mig að hún væri með barnið sitt og ég ætti að láta hana í friði. Ég gekk þá í burtu.“

Rifrildi í Hagkaupum

Eins og áður segir fóru Valkyrja og Karen í Hagkaup á miðvikudaginn þegar upp úr sauð að þeirra sögn.

„Konan var einnig í búðinni fyrir tilviljun. Hún gekk að okkur og vísitandi beint á Karen og rykkti öxlinni í hana, síðan mig. Ég var með kerru sem yngri strákurinn minn var í og leiddi hinn strákinn. Hún gekk svo fast á mig að ég datt næstum því á ilmvatnsstand. Hún sagði við mig: „Voðalega er upp á þér typpið.“ Sex ára sonur minn horfði á mig og sagði: „Mamma, þú ert ekkert með typpi““ segir Valkyrja og heldur áfram:



Valkyrja Sandra Hægt er að fylgjast með Valkyrju á Snapchat undir nafninu @Adalprinsessan, og Karen Hrund undir nafninu @KarenHrund.

„Ég fór á búðarkassann og borgaði. Þegar við vorum komnar út í bíl kom hún út í sinn bíl á eftir okkur. Hún byrjaði að taka okkur upp á myndband. Karen spurði hana hvort henni fyndist þroskað af fullorðinni konu að ganga utan í fólk sem er með lítil börn. Hún sagði að við sætum um hana og hurðaði svo bílinn minn viljandi,“ segir Valkyrja.

„Ég og maðurinn minn þurftum að sitja með eldri stráknum mínum í nokkrar klukkustundir og útskýra fyrir honum hvað væri að þessari konu. Hann skildi þetta ekki, að konan hafi verið svona vond við mömmu sína,“ segir Valkyrja.

„Ég þori ekki ein út lengur. Ég veit ekki hvað henni dettur í hug að gera næst.“

Neitar að tjá sig

DV hafði samband við konuna til að heyra hennar hlið á málu.

„Ég má ekki tjá mig neitt þar sem ég er með kærur á hendur þeim báðum vegna ofbeldis í minn garð og sonar míns [...] Það eru mörg kærur í gangi og þið eruð búin að taka óbeint þátt í því líka,“ sagði hún og vísaði þá í viðtal DV við Karen Hrund.

Konan bað blaðamann um að ræða við lögfræðing sinn sem ætlaði að tjá sig fyrir hennar hönd. „Umbjóðandi minn hafnar með öllu þeim ásökunum sem á hana hafa verið bornar og eru mál hennar gagnvart viðkomandi einstaklingum í ferli. Hún mun ekki reka mál sín í fjölmiðlum,“ sagði Sigurður Freyr Sigurðsson lögfræðingur í samtali við DV. ■

Sjálflímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM
Í PÓST-
KRÖFU





TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is

Menntun þekkttra Íslendinga

Nú til dags er ekki óalgennt að einstaklingar taki u-beygju í lífinu og skipti algjörlega um starfsvettvang eða ljúki námi í fleira en einu fagi. Margir máta sig við nokkur störf áður en ævistarfið er fundið eða státa af menntun sem hefur lítið sem ekkert með starf þeirra að gera. DV tók saman nöfn nokkurra þekkttra Íslendinga sem hafa haslað sér völl í leiklist, tónlist, sjónvarpi, íþróttum og pólitík þrátt fyrir að hafa lokið námi á öðru og oft og tíðum gjörólíku sviði.

audur@dv.is



Sjúkrabjálfi á sjónvarpsskjánum Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kom fyrst fram á sjónarsviðið sem ungfrú Ísland árið 2003 og hefur síðan þá komið að gerð ótal þáttaraða, heimildamynda og sjónvarpsviðurða. Þá var hún nýlega ráðin aðstoðardagskrárstjóri RÚV. Menntun Ragnhildur liggur þó á allt öðru sviði en hún er með B.Sc.-gráðu í sjúkrabjálfun frá Háskóla Íslands.

Grín og fram- tíðargreining

Flestir þekkjja Berg Ebbu sem grínasta en hann hefur slegið í gegn á uppistandssýningum með Mið-Íslandi auk þess sem hann hefur komið að handritsskrifum á sjónvarpsþáttum og nú seinast á áramótaskaupinu. Bergur Ebbi hefur einnig lokið námi í lögfræði frá Háskóla Íslands auk þess sem hann er með mastersgráðu í stefnumótun og framtíðargreiningu frá Ontario College of Arts and Design í Kanada.



Úr boltanum í lögfræði

Guðni Bergsson, eða Guðni Bergs, er flestum kunnugur sem fyrrverandi landsliðsforliði í knattspyrnu. Hann á að baki glæstan feril með Tottenham Hotspurs og síðan Bolton Wanderers en hann menntaði sig einnig samhliða knattspyrnuútkuninni og er í dag sjálfstætt starfandi sem lögmaður.



Naglbítur og heimspekingur

Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi Naglbítur, hefur starfað sem tónlistar- og fjölmiðlamaður um árabíl og sló fyrst í gegn sem söngvari rokk sveitarinnar 200 þúsund naglbítar. Þá hefur hann undanfarin ár vakið athygli Íslenskra barna á hinum ýmsu furðum alheimsins með Vísindabókum Villa. Það eru ekki allir sem vita að Villi er einnig með B.A.-gráðu í heimspeki og hefur sú menntun án efa komið sér vel við bókaskrifin.



Leikkonan sem varð lögfræðingur

Helga Vala Helgadóttir hefur haslað sér völl sem hæstaréttarlögmaður síðustu ár og einbeitt sér sérstaklega að málum sem snúa að mannréttindum. Hún situr nú á þingi fyrir Samfylkinguna en færri vita að Helga Vala er einnig menntuð leikkona frá Leiklistarskóla Íslands. Hún fór með lítið hlutverk í gamanþáttunum Borgarstjórinn á síðasta ári en hefur að öðru leyti helgað sig pólitík og lögfræðistörfum. Leiklistarmenntunin hefur þó eflaust komið sér vel í þingpontunni og í dómsalnum.

Skipuleggur skrifin í Excel

Yrsa Sigurðardóttir hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem metsöluhöfundur glæpasagna og seljast bækur hennar í bílförum fyrir hver jólf. Yrsa er einnig menntuð byggingarverkfræðingur og lét eitt sinn hafa eftir sér í viðtali að hún væri von að setja söguþráð upp í Excel til að skipuleggja skrifin betur.



Lagði dúka með pabba

Sigga Beinteins er eitt þekktasta nafnið í íslenskrí dægurlagatónlist og varla er til sá landsmaður sem ekki þekkir smelli á borð við Eitt lag enn eða Vertu ekki að plata mig. Hæfileikar Siggu liggja á fleiri sviðum en hún lærði dúkalögn áður en hún haslaði sér völl sem söngkona og starfaði lengi vel við fagjög við hlið föður síns.



Margir hissa Haukur Heiðar Hauksson er einna þekktastur sem söngvari einnar af ástsælustu hljómsveitum landsins, Diktu, sem illu heilli hefur legið í dvala í nokkurn tíma. Dagvinna Hauks er af allt öðrum toga en hann útskrifaðist frá læknadeild HÍ árið 2008 og lauk sérnámi í heimilislækningum árið 2015. Hann hefur síðan þá unnið sem læknir á Sólvangi á milli þess sem hann þenur raddböndin. Í samtali við Læknablaðið árið 2010 sagði hann marga reka upp stór augu. „Ég finn reyndar að mörgum kollegum mínum þykir ekkert að þessu, finnst það jafnvel flott og sannleikurinn er sá að margir í poppbransanum verða skrytnari á svipinn þegar þeir heyra að ég er læknir. „Ertu líka læknir?“ spyrja þeir algjörlega gáttáðir.“

Syngjandi hagfræðingur

Jón Jónsson er ein skærasta stjarnan í íslensku tónlistarlífi og hefur undanfarin ár heillað Íslendinga á öllum aldri upp úr skónum með grípandi lagasmíðum og heillandi sviðsframkomu. Jón er einnig með háskólagráðu í hagfræði frá Bandaríkjunum og hefur meðal annars nýtt menntunina með því að halda skemmtileg fræðsluerindi um fjármál fyrir ungt fólk.

Hætti námi á öðru ári

Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, hefur á undanföllum árum náð einstökum árangri á flugrekstrarmarkaðnum og hefur vöxtur fyrirtækisins verið með ólíkindum. Skúli var um tvítugt þegar hann hóf nám í heimspeki við Háskóla Íslands. Um svipað leyti stofnaði hann hugbúnaðarfyrirtækið Oz ásamt Guðjóni Má Guðjónssyni og fljótlega átti reksturinn hug hans allan. Hann hætti því í námi á öðru ári og restina af sögunni þekkjast allir.





Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is





VILJA LÁTA GRAFA LIK STEINGRÍMS NJÁLSSONAR UPP

■ Hvílir ekki í friði ■ Flutningsbeiðni hafnað ■ Liggur í ómerktri gröf í Gufunes

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Sólbjartur kaldur dagur í maí 2013. Barnaníðingurinn Steingrímur Njálsson er látinn, 71 árs að aldri. Banameinið krabbamein. Útförin er látlaus og er líkið flutt beint úr líkhúsinu upp í Gufuneskirkjugarð. Þrjár manneskjur eru viðstaddir útförina, séra Hreinn Hákonarson fangaprestur, sjúkrahússprestur og ein kona sem er gift gömlum vini hins alræmda níðings sem liggur í kistunni fyrir framan þau. Það er gola en sólstafir stinga sér niður úr skjúnunum hér og hvar. Álengdar standa tveir starfsmenn útfarastofu. Steingrímur fær stæði við göngustíginn á svæði A.

Nokkru áður hafði Steingrímur verið fluttur dauðveikur inn á sjúkrahús. Varð uppi fótur og fit þegar hann lagðist þar inn. Þurfti að skipa einstaka starfsmanni að sinna dauðvona manningum og sumir urðu að rifja upp læknaeiðinn og þylja hann fyrir munn sinn. Yfirmenn önduðu léttar eftir að Steingrímur dró andann í síðasta sinn á spítalanum. Hann hafði látið ófriðlega og erfitt var að fá hjúkrunarkonur og lækna til að sinna Steingrími þessa síðustu daga.

„Nú verður þú lóksins til friðs,“ hefur konan í þessari fámennu útför hugsað. En svo var nú aldeilis ekki. Steingrímur heldur



áfram að valda usla eftir dauða sinn. Það er nefnilega til fólk sem vill láta grafa upp kistuna og færa líkið. Það fólk á ættingja í nágrenni við þann stað sem Steingrímur hvílir á. Fyrsti krossinn á leiði Steingríms hvarf og þegar annar kross var settur upp í staðinn var nafn hans fjarlægð af krossinum.

Þórsteinn Ragnarsson, for-

stjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP), og Rúnar Geirmundsson útfararstjóri staðfesta báðir í samtali við DV að ættingjar fólks sem er jarðað í nágrenni við Steingrím hafi óskað eftir að hann yrði grafinn upp og holað niður á öðrum stað, jafnvel utangarðs eins og glæpamenn á öldum áður eða þeir sem sviptu sig lífi, sem ekki fengu að

hvíla í sama garði og svokallaðir heiðvirðir þegnar landsins. Það gerist nokkrum sinnum á ári að lík eru færð á milli kirkjugarða eða jafnvel landshluta en fyrir því eru þá góðar og eðlilegar ástæður. Manneskja gæti flutt til Akureyrar og viljað hafa látna móður sína með þar sem hún er einn af fáum ættingjum og alltaf séð um að hirða leiðið. Þá eru lík

Útförum í kyrrþey hefur fjölgað mjög

Árið 2010 fóru 43 útfarir fram í kyrrþey á öllu landinu, eða um 2 prósent. Árið 2016 voru þær orðnar 210. Þetta er fimmföldun á aðeins sjö árum.

stundum færð á milli landshluta þegar verið er að sameina fólk í kirkjugörðum. Ekkert þessara skilyrða var til staðar þegar fólk vildi losna við Steingrím úr hverfinu. Bóninni var því hafnað af Þórsteini.

Allir eiga eitthvað gott

Séra Hreinn Hákonarson hefur verið sáluhirdir í fangelsum á Íslandi frá árinu 1993. Hann segir útfarir brotamanna oft vera fámennar, sérstaklega þeirra sem hafa brotið gegn börnum og ungmennum eins og Steingrímur gerði. „Þessi útför Steingríms er sú fámennasta sem ég hef farið í. Þetta var útför án yfirsöngs eins og sagt var í gamla daga, en lesið upp úr handbók kirkjunnar,“ segir séra Hreinn. „Ég flutti örstutta líkræðu því mér fannst ómögulegt að ekkert væri nú sagt um karlinn, því það eiga nú allir eitthvað gott, eitthvað jákvætt, þrátt fyrir allt. Það sem er hægt að segja jákvætt um Steingrím Njálsson, er tvennt. Það var í fyrsta lagi að hann



Rúnar Geirmundsson Útfararstjóri til margra ára.

Engu að síður vilja sumir ættingjar þeirra sem hvíla í nágrenni við Steingrím að hann verði fluttur og hafa leitað til forsvarsmanna kirkjugarðanna með beiðni um slíkt.

„Þetta voru þreifingar, fólk innan fjölskyldunnar hafði verið að ræða málin og varpaði fram spurningu hvort hægt væri að flytja Steingrím. Slíku hef ég ekki lent í áður,“ segir Þórsteinn, forstjóri KGRP. „Það olli óánægju að látnir ættingjar hvíldu þarna við hliðina á honum og spurt var hvort það væri mögulegt að flytja hann til. Því var hafnað.“

Þórsteinn tekur fyrir að nokkur starfsmanna hans hafi breytt minningarkerkinu eða fjarlæggt það en segir að dæmi séu um að grafir séu ómerktar.

„Það er allir gangur á þessu. Sumir eiga fáa aðstandendur þegar þeir falla frá. Það getur stafað af aðgerðarleysi aðstandenda eða þeir sjá ekki ástæðu til að merkja krossinn.“

Hefur það gerst áður á þinni vakt að fólk hafi viljað láta grafa upp lík og fá það fært til?

„Ekki vegna þess að viðkomandi hafi þá verið ógeðfellt persóna,“ segir Þórsteinn og bætir við: „Það er oft verið að færa til lík. Það eru ákvæði í lögum sem þarf að uppfylla og þá er hægt að færa til lík á milli garða, jafnvel landshluta.“

Fyrir slíku geta verið ýmsar ástæður. Sem dæmi þegar fólk flytur og vill hafa hinn látna með sér til að annast um og sinna gröfinni.

„Önnur ástæða getur verið sú að það sé allt í einu komin þörf til að sameina einstaklinga sem hafa verið í Reykjavík og Akureyri svo dæmi sé tekið. Þá er viðkomandi fluttur í bæinn eða öfugt,“ segir Þórsteinn.

Í slíkum tilfellum er kistan grafinn upp með leyfi ráðuneytis og biskups. Jarðvistarleifar eru þá fluttar á þann stað sem samþykktar hafa verið af hálfu kirkjugarðsins. Um nokkur tilvik á ári er að ræða.

„Það getur verið snúið að færa til gamlar kistur,“ segir Þórsteinn. „Oft eru þá líkamsleifar settar í nýjar kistur eða byggt utan um þær gömlu.“


Aðspurður hvort fólk þurfi að hafa áhyggjur af því að afkomendur taki líkamsleifar á flakk á milli landshluta segir Þórsteinn: „Ef það liggur fyrir skrifleg beiðni getur enginn ættingi neytt þig til Akureyrar eða á Suðurnes eftir dauða þinn.“

Hvillir ekki í friði

Einn heimildarmanna DV segir að fólkíð sem átti leiðið við hliðina á Steingrími hafi verið mjög ósátt og setti DV sig í sam-

Taka með sér lakkrísror og kók

Útfararstjórinn Rúnar Geirmundsson hefur rekið útfararþjónustu í um 28 ár. Að mörgu er að huga þegar kemur að jarðarförum. Rúnar tjáði sig við Pressuna um hluti sem fólk vill oft hafa með sér í kistuna. Þar eru bréf algengust, fjölskyldumyndir og teikningar eftir börn eða barnabörn. Þá vilja sumir hinna eldri taka með sér tóbaksklút eða neftóbaksdós. Reykingamenn taka með sér sígarrettupakka.



Rúnar sagði einnig að það kæmi fyrir að fólk hefði beiðið um að fá að taka með sér litla kók í gleri og lakkrísror.

Hundurinn grafinn með eigand-anum

Furðulegustu hlutir sem Rúnar hefur verið beiðinn um að setja ofan í kistu með hinum látna er hundur. Og hefur slíkt komið fyrir?



„Hundar hafa fengið að fara með ef það hefur verið beiðið að brenna þá. Stundum hafa verið spekulásjónir með að svæfa hundana svo þeir geti farið með. En mér vitandi hafa hinir sem eftir lifa ekki haft brjóst í sér til þess að svæfa dýrið.“

Það sem er bannað að grafa

Ýmsir hlutir mega ekki fara með ofan í líkkistur. Reglurnar eru einfaldlega þær að ekki má grafa neitt sem jörðin nær ekki að vinna á. Þá má ekki setja hluti sem menga eða gætu mögulega sprungið. Því eru gaskútar og kveikjarar á þeim lista.

Blása með vindinum út í loftið

Það hefur færst í aukana að fólk láti brenna sig. Aðspurður hvað Rúnar ætla að láta gera við sínar líkamsleifar þegar hans jarðvist líkur svarar hann:

„Ég er búinn að ákveða að láta brenna mig. Sennilega verður óskunni dreift upp á jökli eða úti á sjó. Það væri glettmi að sökkva mér í sjó en ég reyndi að fara á sjóinn en ég var alltaf sjóveikur. Ætli það kæmi ekki vel á vandan. Það væri góð tilhugsun að vera dreift upp á jökli og fá að blása með vindinum eitthvert út í loftið.“

band við nokkra ættingja þeirra sem eiga svefnstað í námunda við hann. Tveir könnuðust við að hafa haft samband við Þórstein og kannað eða óskað eftir að lík Steingríms yrði fjarlæggt. Margir gerðu þó ekki athugasemdir við legstað Steingríms og sætta sig við að honum verði ekki breytt.

„Við vildum láta grafa hann upp og færa hann. Það var ekki hægt að verða við því. Við óttuðumst að fólk myndi draga þá ályktun að hann væri í fjölskyldunni og væri þá að skemma leiði í kring vegna fortíðar hans,“ segir ættingi manns sem hvílir í garðinum í samtali við DV. „Það voru nokkrir ósáttir þegar kross með nafni hans var settur þarna niður. Ég myndi vilja að hann yrði færður ef kostur væri á því en ég hef náð að sætta mig við þetta að mestu.“ ■



HVER VAR STEINGRÍMUR NJÁLSSON?

Úr umfjöllun DV 2013: Steingrímur Njálsson, er einn þekktasti barnaníðingur landsins. Brotaférlill hans nær aftur til ársins 1960. Hann hefur hlotið fjölda dóma fyrir niðingsverk sín gagnvart börnum auk annarra brota. Mál Steingríms komu fyrst inn á borð lögreglunnar árið 1963 þegar hann var 21 árs en þá var hann dæmdur til refsingar fyrir kynferðislega misnotkun á tveimur ellefu ára piltum. Árið 1977 var hann aftur kærður og þá fyrir að brjóta gegn níu ára dreng. Ári síðar réðst hann á tólf ára pilt og fyrir þessi tvö brot hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm. Árið 1985 lokkaði hann blaðburðardreng inn í íbúð sína, hélt honum þar í nokkurn tíma og kom fram vilja sínum við hann. Árið 1998 var Steingrímur svo dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir brot gegn þremur ungum piltum og að því loknu skyldi hann vistaður á „videigandi hæli“ í 15 mánuði. Það hæli var þó ekki til og er ekki enn. Steingrímur fékk því ekki videigandi vistun og braut af sér aftur.

Kirkjugarðarnir höfnuðu því að færa Steingrím

Samkvæmt heimildum DV hvarf krossinn af leiði Steingríms fljótlega eftir að hann var jarðaður og var settur nýr kross í staðinn. Platann með nafni Steingríms var síðar tekin af hinum nýja krossi og er gröfin því ómerkt sem stendur.

talaði ágætt íslenskt mál. Í öðru lagi var hann mjög handlaginn maður. Það lék allt í höndunum á honum ef hann vildi.“

Séra Hreinn segir að venja sé að merkja öll leiði og ekki megi fara í manngreinaralit með slíkt. Hann kveðst muna að um tilfíningamál hafi verið að ræða þegar Steingrímur var jarðaður og að ekki hafi allir verið sáttir við að fá hann sem nágretta fallinna ættingja. „Það kemur alltaf upp, hver vill vera við hliðina á viðkomandi. Þetta nær nú allt yfir gröf og dauða. Svo er það hitt, menn eru kannski smeykir við að gröfinni verði sýnd vanvirðing.“

Þegar andinn er farinn, skiptir þá máli hvar maður liggur?
„Þetta er, eins og margt annað, smekksatriði. Sumir velja sér

grafarstæði og vilja jafnvel hafa gott útsýni yfir fjörðinn sinn.“

Hreinn rifjar upp að brotamenn fyrri alda voru jarðaðir utan garðs. Steinunn Sveinsdóttir sem dæmd var fyrir morð árið 1805, var dysjuð á Skólavörðuholtinu og þóttist fólk oft sjá hana ganga um bæinn eftir andlát hennar. Hún hafi ekki hætt flakki sínu fyrr en hún fékk að hvíla í vígðri mold í Hólavallakirkjugarði.

„Mannvirðingastiginn virðist ná út yfir gröf og dauða. Menn eru hégómlegir með það allt saman,“ segir Hreinn. „Ekki veit ég hvað menn gera þegar Karl nokkur Vignir Þorsteinsson gefur upp öndina.“

Munt þú jarða hann?
„Það veit nú enginn hver annan gefur eins og sagt er.“

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Veganforeldrar

DV hafði samband við veganforeldra til að fræðast betur um veganisma og hvernig er að vera veganforeldri. Blaðamaður ræddi við **Önnu Karen Kolbeins** og **Jónínu Ásdísi**.

Þær eru báðar vegan, tveggja barna mæður og eiga veganbörn. Börn Önnu Karenar hafa verið vegan síðan sumarið 2016. Yngri drengur Jónínu hefur verið vegan frá fæðingu og sá eldri borðaði fisk, ost og egg frá fæðingu til 21 mánaða aldurs, síðan þá hefur hann verið vegan. Anna Karen og Jónína voru sammála um að bæði heilsa þeirra og barnanna hafi orðið mikið betri eftir að þau urðu vegan. Báðar eiga þær barn sem var með exem, sem hvarf eftir að þær tóku mjólkurvörur úr fæðu barns síns. DV spurði Önnu Karen og Jónínu einnig algengra spurninga sem veganforeldrar fá oft að heyra, eins og hvaðan börnin fá næringu.

„Plöntumiðað fæði hefur bara haft góð áhrif á þau“



Vegan fjölskylda Anna Karen Kolbeins og Kjartan Jónsson, unnusti hennar, ásamt börnum sínum, Anitu Rós og Frey. Anna Karen segir börnin borða mikið betur eftir að þau fóru á plöntumiðað fæði.

Álit næringarfræðings

DV ræddi við næringarfræðing og spurði hvort börn geti verið vegan og fengið alla þá næringu sem þau þurfa á því fæði.

„Já. Ef foreldrar eru rosalega meðvitaðir og vel lesnir. En flestir þurfa að taka B12 aukalega. En ef maður er mjög vel að sér í næringunni og fylgist vel með hvað barnið er að borða þá á það að vera hægt. Maður þarf bara að passa sig rosalega vel.“

að þau fóru á plöntumiðað fæði.“

Hefur veganfæðið haft einhver heilsufarsleg áhrif á þau?

„Já. Mér finnst þau sofa betur. Þau verða miklu minna veik, sjaldnar veik og í styttri tíma. Þegar Frey var lítill þá var hann mikið eyrnabarn, hann var alltaf með slím í hálsinum, það fór ekki. En um leið og við tókum út mjólkurvörur hvarf það. Sömu sögu má segja um exemið hjá dóttur minni, það hvarf eftir að hún varð vegan. Þetta hefur bara haft góðar afleiðingar á þau.“

Fjölskyldan efins fyrst

Hvernig tók fjölskylda ykkar því að börnin væru orðin vegan?

„Fyrst um sinn voru þau ekkert sérstaklega ánægð, þannig séð, en það var af því að þau þekktu ekki veganisma. Þau voru áhyggjufull fyrst og sögðu að börnin þyrftu kalk úr mjólk og prótein úr kjöti. Sem mér finnst að sjálfsögðu mjög edlilegt þar sem við erum alin upp við þær upplýsingar. En með tímanum sáu þau hvað við vorum að elda og hvernig börnin voru að þrífast. Þau sjá nú að það eru ákveðnir hlutir, eins og kjöt og mjólk, sem maður þarf ekki og getur borðað annað í staðinn til að fá sömu næringarefni. Þau eru sjálf byrjuð að elda vegan og hafa enga fordóma gagnvart þessu.“

Verða áhugasamari með aldrinum

Eruð þið búin að eiga „samtalid“ við börnin. Vita þau af hverju þau borða ekki kjöt?

„Já. Dóttir mín er rosalega klár og skilur mikið. Fyrst um sinn töluðum við ekki ítarlega um þetta en útskýrdum fyrir henni að við værum vegan, sem þýddi að við borðuðum hvorki dýr né afurðir þeirra. Við sögðum henni að það væri í lagi ef aðrir væru ekki vegan og það skipti ekki máli, það sem skipti máli væri hvað við gerðum. Nú, þegar hún er að verða fimm

ára, erum við byrjuð að útskýra meira fyrir henni, enda er hún orðin áhugasamari og forvitnari um veganisma. Við útskýrum fyrir henni að dýrin væru vinir okkar, og kjöt væri partur af dýri sem var lífandi og nú dáíð. Ég veit að ég mun örugglega vera hengd fyrir þetta, en ég spurði hana hvort hún myndi borða kisuarnar okkar og bar það saman við að borða til dæmis svín. Ég vil kenna henni að fyrir okkur er enginn munur á þessum tveimur dýrategundum. Mér finnst fólk ekki eiga að geta borðað eitt dýr en elskað annað. Ég er að reyna að sýna dóttur minni að þessi tegundarhyggja eigi ekki að eiga sér stað. Allavega ekki á okkar heimili. Hún skilur þetta mjög vel og er mjög stolt af því í leikskólanum að vera vegan. Við fræðum hana smám saman, en förum mjög rólega í það. Strákurinn þælir ekkert í þessu, hann er bara ótrúlega sáttur að fá tófu og baunir. Honum finnst það mjög gott,“ segir Anna Karen.

Ertu hrædd um að þeim verði strítt fyrir að vera vegan?

„Já, að sjálfsögðu. Maður veit aldrei. Börn heyra það sem foreldrar tala um á heimilinu og það er það sem gerir mig stressaða; hvernig viðhorf fólks til veganfólks er hér á landi og hvernig umræðan er. En það er 2018 og fólk er svo fjölbreytt. Ég ætti ekki að hafa áhyggjur af þessu en að sjálfsögðu spái ég í það. En það er á ábyrgð foreldra að fagna fjölbreytileika og ala börnin sín við að það séu ekki allir eins og fólk hafi mismunandi skoðanir.“

Afmælisveislur hjá öðrum börnum

Hvernig er þegar þau fara í afmælisveislur hjá öðrum börnum?

„Á þessum aldri er yfirleitt aldrei kjöt í boði í barnaafmælum, heldur kaka og eitthvert snarl. Þau eru bæði með mjólkurþol og við látum alltaf vita af því. En hins vegar ef það eru egg í kökunni þá

Matseðill Önnu Karenar

Dæmi um það sem fjölskyldan borðar um helgar

Laugardagur

Morgunmat: Hafragrautur með rúsínum og plöntumjólk, oatly er vinsælust. Hádegismatur: Eitthvað létt, flatkökur, jógúrt, stundum smá pasta, brauðsneið. Síðdegis: Epli/maískokkur/banani/hrökkbrauð.

Kvöldmat: Gardein „chicken patties“ veganborgari með veganmajónesi, grænmeti og frónskum.

Sunnudagur

Morgunmat: Kjúklingabauna-„ommeletta“ með grænmeti.

Hádegismatur: Afgangur frá kvöldinu áður eða sama og á laugardögum.

Síðdegis: Sama og á laugardögum og stundum popp ef við erum í kósífling.

Kvöldmat: Tófu, edamame og kjúklingabaunir, ofnbakað blómkaál, kínóa og ferskt grænmeti.

er ég ekki að fara að segja: „Nei, barnið mitt má ekki borða þetta.“ Það eru vissar aðstæður þar sem ég hef það ekki í mér að banna eitthvað slíkt. Þótt við séum alveg hörð á þessu á það ekki að bitna á barninu okkar á þennan hátt – að það sé eina barnið í afmælisveislunni sem fær ekki köku. Ég ætla heldur ekki að mæta með sér köku fyrir börnin. Ég segi algjört nei við kjöti og þau eru með mjólkurþol, en þau fá af og til afmælisköku sem er með eggjum.“

Hafið þið rætt hvað þið ætlið að gera ef þau koma einn daginn heim og segjast hafa fengið sér pylsu í skólanum eða vilji fá sér pylsu?

„Það er þeirra ákvörðun. Þegar þau verða komin á ákveðinn aldur verður þetta ekki lengur í okkar höndum. Þau verða sjálfstæðar manneskjur og taka sínar eigin ákvarðanir. Þótt það sé alltaf vegan hér á þessu heimili þá finnst okkur við ekki ráða því hvað þau gera utan heimilisins þegar þau verða komin á ákveðinn aldur.“

Fordómar

Finnurðu oft fyrir fordómum vegna lífsstíls ykkar?

„Það er aðallega ef einhver spyr mig að einhverju. Ég geng ekki upp að fólki og tala um fæðu þess að mínu eigin frumkvæði og spyr hvort fólkíð viti hvað þetta sé slæmt fyrir það. En fólk er stundum með fordóma en það er ekki mitt mál. Það skiptir engu máli, svona er þetta. Það er meira að segja veganfólk með fordóma á hinn bóginn. Þegar fólk segir að veganfólk sé að þröngva sín um skoðunum upp á aðra, þá eru þetta aðeins örfáir einstaklingar

en meirihluti af veganfólki gerir þetta ekki. Þetta kemur mikið frekar frá hinni hliðinni. En það sem ég hugsa er að ég dæmi ekki þig, ekki þú dæma mig. Einnig er mikill misskilningur að veganfólk kalli fólk sem borðar dýr morðingja og níðinga. Við gagnrýnum iðnaðinn í heild sinni, ekki endilega fólkíð sem er neytendur iðnaðarins.“

Algengar spurningar

Hvaðan fær barnið næringu?

„Það er næring í nánast öllu. Við fylgjumst með því og pössum upp á að börnin fá afskaplega hollan og fjölbreyttan mat. Við eldum mikið tófu. Börnin borða mikið grænmeti og eru sérstaklega hrifin af fersku grænmeti. Þau elska einnig baunir. Þau fá afar fjölbreytta fæðu. Við erum heldur ekki að einblína á rosalega hollt mataræði, þau fá kjötlíki, samlokur og pítsur. En það sem skiptir máli er að þau fái næringu úr öllum fæðuflokkunum. Það er hægt að fá kalk úr öðru en mjólk og prótein úr öðru en kjöti. Það þarf að endurskipuleggja máltíðirnar með það í huga og það er ekkert mál.“

Finnst þér í lagi að taka þessa ákvörðun fyrir barnið þitt?

„Ég hef mjög oft verið spurð að þessu. Ég segi á móti, er maður ekki alltaf að taka einhverjar ákvarðanir fyrir börnin sín? Aðrir foreldrar taka sömu ákvörðun fyrir börnin sín – að þau borði kjöt. Þetta er alveg eins með trú eða ef barn fæðist í fjölskyldu sem hefur ákveðin gildi og reglur. Foreldrar eru sífellt að taka ákvarðanir fyrir börnin sín eftir því sem þeir telja vera rétt.“ ■

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Anna Karen Kolbeins er 24 ára námsmaður og móðir. Hún og unnusti hennar, Kjartan Jónsson, urðu vegan fyrir tveimur árum. Saman eiga þau tvö börn, Anitu Rós, sem verður fimm ára í ágúst, og Frey, sem verður þriggja ára í febrúar. Anita Rós og Frey eru bæði vegan. Anna Karen segist finna mikinn mun á heilsu og hegðun barna sinna eftir að þau urðu vegan. Hún segir þau sofa betur og líða betur.

Hvað kom til að börnin urðu vegan?

„Fyrst um sinn voru það ég og Kjartan sem vorum vegan, enda vorum við að fikra okkur áfram í þessu. Börnin urðu ekki alveg strax vegan. Það leið ekki á löngu þar til þau urðu alveg vegan heima og á leikskólanum. Þegar maður er orðinn upplýstur um dýraíðnaðinn og þjáningu dýra er erfitt að horfa upp á börnin sín borða dýr og afurðir þeirra.“

Borða betur og sjaldnar veik

Hvenær urðu börnin alveg vegan?

„Þau voru vegan heima hjá okkur og í fjölskyldumatarboðum þegar við höfðum verið vegan í tvo mánuði. En þau voru ekki vegan í leikskólanum. En svo bauð leikskólinn upp á veganvalkost fyrir þau stuttu fyrir sumarfrí 2016. Síðan þá hafa þau bæði verið vegan.“

Fannst börnunum það eitthvert mál?

„Nei. Börn eru fljót að venjast, þau aðlagast svo fljótt. Þau byrjuðu líka að borða mikið betur eftir

og veganbörn



„Mér finnst ég vera að gefa þeim ótrúlega fallega hugsun“

Stolt af veganlífsstílnum Jónína Ásdís og Fannar Örn, maður hennar, ásamt sonum sínum, Ómari Örn og Jóni Leó. Jónína segir drengina stolta og ánægða af sínum lífsstíl og vilja hjálpa öðrum að hætta að borða dýrin.

MYNDR SIGTRYGGURARI

skrýtið að fólk borði dýr. Honum fannst mjög erfitt að sjá egg í ísskápnum hjá ömmu sinni, hann skildi ekki af hverju amma sín væri að borða egg. En ég segi honum að við séum öll ólík og við getum ekki stjórnað öðrum. Það sem við getum gert er að sýna öðrum hvernig við gerum og þá sjá aðrir hvað er hægt að gera öðruvísi.“

Hvernig tók fjölskylda ykkar í að synir ykkar væru vegan?

„Viðbrögðin voru fyrst mjög mismunandi og við fengum margar spurningar. Það sem fólki fannst erfiðast var að fiskinum væri sleppt, sumum einnig mjólkinni. Fiskur er svo mikilvægur í augum margra Íslendinga. Fólkið í kringum okkur virðir okkar lífsstíl. Við tókum einnig alltaf vel á móti þeim spurningum sem við fáum og erum alltaf tilbúin að svara þeim af bestu getu.“

Hafið þið rætt hvað þið ætlið að gera ef þau koma einn daginn heim og segjast hafa fengið sér pylsu í skólanum eða vilji fá sér pylsu?

„Ég held að við myndum bara taka á því ef til þess kæmi. Ég myndi ekki vilja að þeir myndu fela neitt fyrir mér. Ég vil að þeir treysti mér og ef þeir vilja gera eitthvað þá geti þeir rætt við mig. Samskipti eru mjög mikilvæg og ég passa upp á að hafa góð samskipti við strákana um mat.“

Veganhjarta

„Ég trúir að við fæðumst öll með veganhjarta. Svo er það samfélagið, uppeldið og umhverfið sem aftengir okkur við það. En það er alltaf hægt að tengja það aftur ef maður vill,“ segir Jónína og heldur áfram:

„Þegar foreldrar tala um dýr við börn sín þá snýst það um að vera góður við dýrin, klappa þeim varlega og tala fallega um og við dýrin. Það er hægt að ímynda sér þessa innri togstreitu sem myndast innan með börnum og fólki, að eiga að hugsa vel um dýrin og koma vel fram við þau, en svo eru þau í matinn.“

Algengar spurningar

Hvaðan fær barnið næringu?

„Þeir fá eins mikið af grænmeti og ávöxtum og þeir vilja. Ég takmarka aldrei hversu mikið þeir mega borða. Ég vil að þeir læri að treysta sér sjálfir til að stoppa þegar þeir verða saddir. Þeir fá mikið af laufgrænu, eins og grænkáli og spínati. Þeir fá eins mikið af hnetum og fræjum og þeir vilja. Svo baunir og kornvörur. Þeir fá alveg allan pakkann. Svo fá þeir B12, Omega3 og fjölvítamín.“

Finnst þér í lagi að taka þessa ákvörðun fyrir barnið þitt?

„Já, rétt eins og aðrir foreldrar gera sem hafa önnur gildi og venjur. Mér finnst þetta svo fallegt. Veganlífsstíll er svo fallegur og mér finnst ég vera að gefa drengjum mínum ótrúlega fallega hugsun. Maður er að gera svo gott fyrir mann sjálfan, dýrin og umhverfið með því að vera vegan. Það er svo mikill kærleikur í þessu. Mér finnst þeir ótrúlega heppnir og allir í kringum þá einnig, að sjá að þetta er eitthvað sem er hægt. Þeir eru einnig svo stoltir og ánægðir með sinn lífsstíl og vilja deila honum með öllum og hjálpa öðrum að hætta að borða dýrin. Það er svo fallegt að sjá það.“

Jónína Ásdís hefur verið vegan í tæp fimm ár. Fyrir um tíu árum varð hún svo kölluð „pescetarian“ sem þýðir að hún borðaði ekki rautt kjöt eða fuglakjöt, en borðaði fisk, egg og mjólkurvörur. Fannar Örn, maður Jónínu, varð vegan ári á eftir henni. Jónína og Fannar eiga saman tvo syni. Ómar Örn, sem verður sjö ára í júlí, og Jón Leó, sem verður fjögurra ára í ágúst. Ómar Örn var „pescetarian“ frá fæðingu og þar til hann var 21 mánaða. Síðan þá hefur hann verið vegan. Jónína var vegan þegar hún gekk með Jón Leó og hefur hann verið vegan frá fæðingu. Jónína segir heilsu drengjanna vera til fyrirmyndar og að heilsa Ómars Arnar hafi batnað töluvert við að verða vegan. Hann glímdi við exem og meltingarvandamál sem barn.


Jónína leggur mikið upp úr heilbrigðu og næringarríku mataræði. Synir hennar hafa aldrei fengið sykur eða glútein og aldrei smakkað nammi. „Þeir eru aldrei út undan og upplifa sig aldrei út undan því þeir eru ánægðir með það sem þeir eru með,“ segir Jónína. „Veganlífsstíll er svo fallegur og mér finnst ég vera að gefa drengjunum mínum ótrúlega fallega hugsun.“

Breytti mataræðinu fyrst 13 ára

Þegar Jónína var yngri spáði hún mikið í mataræði, næringu og heilsu. Þrettán ára hætti hún að borða nammi, snakk og gos og hefur ekki snert það síðan.

„Ég hef alltaf vitað að mig langar ekki að smakka áfengi, drekka gos eða prófa önnur vímuefni,“ segir Jónína. „Ég pældi mikið í heilsu og geri það enn. Það eru alls konar sjúkdómar í fjölskyldu minni, eins og sykursýki og gigtarsjúkdómar. Ég er sjálf með liðagigt, vefjagigt, viðkvæman maga og meltingarfærasjúkdóm. Þegar ég varð vegan tók ég einnig út glúten, sykur og viðbætta sætu. Það hafði heilmikil áhrif á allt líf mitt,“ segir Jónína og bætir við:

„En ég breytti upphaflega um mataræði út af dýrunum. Mér hefur aldrei fundist glóra í að borða dýr. Þegar ég var yngri þurfti alltaf að skera kjötið mjög vel fyrir mig.



Nóg af grænmeti og ávöxtum Ísskápur Jónínu Ásdísar. Í honum er aðeins brot af þeim ávöxtum sem eru alltaf til á heimilinu.

Matseðill Jónínu Ásdísar

Dæmi um hvernig fjölskyldan borðar um helgar

Morgunmat: Grænt boost alla morgna, Jónína gerir sér oft safa.

Hádegismatur: Bókhveiti-pönnukökur, raw banana-pönnukökur og ýmis ber, melónur, skorin epli, skornir bananar, hnetusmjör og döðlukrem.

Millimál: Ávextir, grænmeti, hnetur, fræ, hnetu- og döðlugott, þurrkaðir ávextir, hummus og hrískex, heimabakað braudmeti.

Kvöldmat: Raw spínatvefjur með grænmeti, skornir ávextir og ferskt grænmeti og síðan er líka eldað eitthvað og þá oft prófað að búa til eitthvað nýtt eða til dæmis búið til grænmetislasagne, heimagerðar pitsur eða pönnu- og pastaréttir.

Ef ég sá bein eða blóð þá gat ég ekki borðað það. Mér hefur alltaf þótt mjög vænt um dýrin. En ég hafði ekki hugmynd um að það væri hægt að sleppa því að borða kjöt, ég vissi ekki hvað væri að vera vegan.“

Jónína segir að eftir að hún varð vegan nái hún að halda liðagigtinni og maga- og meltingarvandamálum í skefjum. Hún var á steralyfjum og lyfjum við magavandamálum en þarf ekki að taka þau lengur inn.

Að vera vegan og borða hollt helst þó ekki endilega í hendur að sögn Jónínu. „Þótt fólk sé vegan þýðir það ekki endilega að það sé að borða hollt. Vegan segir í raun ekki hvað maður borðar, heldur hvað maður borðar ekki. Það er svo ótrúlega margt sem fólk getur borðað sem er ekki dýr eða dýrafurðir, þannig að veganfólk er á alls konar mataræði.“

Heilsa barnanna mikið betri

Jónína Ásdís segir að heilsa Ómars Arnar hafi skánað til muna eftir að hann varð vegan. „Mig hafði grunað að Ómar væri með mjólkuróþjól þegar hann var yngri. Hann hafði aldrei drukkið mjólk en hann borðaði ost. Hann átti erfitt með svefn og var með exem. Hann gat ekki verið í bíl, var með mikla eyrnabólgu og leið illa. Eftir að hann varð vegan, þegar hann var 21 mánaða, þá hvarf exemið. Hann fór einnig að sofa mikið betur og heilsa hans og líðan varð yfirhöfuð mikið betri. Yngri

Ég passa upp á að hafa góð samskipti við strákana um mat.

strákurinn hefur alltaf verið vegan og þekkir ekkert annað. Hann er einnig mjög hraustur og heilbrigður.“

Skoðaði leikskóla út frá mat

Þegar kom að því að velja leikskóla fyrir drengina skoðaði Jónína matseðil leikskólanna. Henni þótti mikilvægt að velja leikskóla sem lagði mikið upp úr heilbrigðu og fjölbreyttu mataræði.

„Ég var að leita að leikskóla sem sýndi metnað í matargerð. Það bjóða því miður fáir leikskólar hér á landi upp á veganfæði. Yngri strákurinn er á Hjallastefnu-leikskóla og fær þar veganmat. Eldri strákurinn fer fullnastaður í skólann,“ segir Jónína. „Skólarnir þeirra virða okkar lífsstíl og við erum í góðum samskiptum við kennarana. Strákarnir eru líka meðvitaðir um að hafa samband ef eitthvað öðruvísi er í gangi í skólanum svo þeir geti þá komið með eitthvað að heiman sem þeim þykir gott.“

Þæla í sælgætisumbúðum

Hvað fá strákarnir að borða?

„Þeir borða mjög mikið ferskt, bæði af grænmeti og ávöxtum. Þeir borða hnetur, fræ, baunir og kornvörur sem eru án glútens. Ég legg mikið upp úr heilsusamlegu og næringarríku mataræði. Strákarnir borða til dæmis ekki sykur og hafa aldrei gert það. Þeir hafa því aldrei smakkað nammi. Þeir þæla alveg í nammi þegar þeir sjá

það, en ekki að þá langi að borða það heldur þæla þeir í umbúðunum. Oft er á sælgætisumbúðum einhver teiknimyndafígúra eins og Dóra landkönnuður. Þeim finnst það mjög áhugavert og finnst gaman að skoða nammið. Eins með afmæliskökurnar, þeir skoða þær en borða þær ekki,“ segir Jónína og bætir við að strákarnir fari aldrei svangir í afmælisveislur.

„Afmæli fyrir okkur snúast um að hitta fólk og hafa gaman. Strákarnir fara alltaf með eitthvað í afmælisveislur sem þeim finnst gott. Þeir eru aldrei út undan og upplifa sig aldrei út undan því þeir eru ánægðir með það sem þeir eru með. Fyrir þeim er nammi eða kjöt ekki matur, það er ekki þeirra matur og þeir líta ekki á það sem mat,“ segir Jónína.

„Strákunum finnst mjög gaman að gefa öðrum börnum með sér. Mér finnst börnin sem eru með strákunum í leikskóla og grunnskóla mjög heppin að sjá öðruvísi lífsstíl, því ég fékk ekki að sjá þetta þegar ég var yngri. Ég vissi ekki einu sinni að það mætti sleppa mjólk, lýsi og fisk.“

Erfitt að sjá egg í ísskáp ömmu

Aðspurð hvort synir hennar viti af hverju þeir eru vegan svarar Jónína játandi. Hún segir Ómar Örn sérstaklega þæla í því og að hann eigi stundum erfitt með að sjá fólk sem honum þykir vænt um neyta dýraafurða.

„Eldri strákunum finnst mjög



Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Ritstjóri: Sigurvin Ólafsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

ORÐIÐ Á GÖTUNNI

Flokkseigendur fá sitt

Hafi einhverjir talið mögulegt að Framsóknar- og Miðflokkurinn myndu sameinast aftur telja þeir sem til þekkja í flokknum að slíkar vangaveltur séu nú endanlega úr sögunni.

Margir þeirra sem hættu stuðningi við Framsóknarflokkinn og stofnuðu Miðflokkinn litu ekki á Sigurð Inga sem höfuðandstæðing sinn heldur sem leiksopp flokkseigendafélagsins. Þeir sem hafi verið einna virkastir í að undirbúa flokksþingið og atburðina sem þar urðu hafi verið vinirnir Ásmundur Einar Daðason og Helgi Haukur Hauksson. Þeir hafa verið samstarfsmenn í viðskiptum til margra ára og eru náteygdir Kaupfélagi Skagfirðinga.

Miðflokksmenn segja Helga Hauk hafa verið leiðandi í að breyta kjörskrá flokksþingsins með þeim afleiðingum að fjöldi stuðningsmanna Sigmundar Davíðs hafi verið vísað frá við kjörklefana. Einnig hafi hann hringt hundruð, frekar en tugi, símtala til að bera út gróusögur um Sigmund og sannfæra fólk um að kjósa Sigurð Inga.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð grínaðist Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, með það á samfélagsmiðlum að Framsóknarflokkurinn þyrfti þrjú ráðherraæti, eitt fyrir formann, eitt fyrir varaformann og eitt fyrir flokkseigandann.



Svo fór að Ásmundur Einar Daðason var gerður að félagsmálaráðherra, flestum konum í þingflokknum til mikillar armæðu. Nú er svo búin að ráða nýjan framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins. Sá heitir Helgi Haukur Hauksson.



Ferskur andblær í verkalýðsbaráttuna

Leiðari

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Merkilegt að í miðju blússandi góðæri þar sem ljúfur ilmur af grilluðu nautakjöti liggur yfir borginni og iitala-kertastjaker hrannast upp í stofugluggum við hliðina á 50 tommu 4K sjónvarpinu sé gróska í verkalýðsmálum. Ég og mín kynslóð höfum aldrei heyrt um Gvend jaka og höfum haft takmarkaðan áhuga á verkalýðsbaráttu og vitum varla um hvað þetta snýst. Líklega má rekja það til þess að verkalýðsforingjar og fótgöngu-liðar þeirra hafa haldið verkalýðsfélögunum út af fyrir sig og erfitt fyrir almenning að hafa áhrif. En nú blása ferskir vindar og nýtt fólk með mikla réttlætiskennnd hefur stigið fram, alþýðufólk sem talar mannamál. Um daginn tók ég meira að segja þátt í spjalli þar sem verkalýðsmál bar á góma, það hefur aldrei gerst áður.

Það eina sem við þekkjum er já-



kvætt tal um stöðugleika og neikvætt tal um höfrungahlaup. Þeir sem hafa rænu á að sækja um styrk hjá stéttarfélagi sínu eru göldróttir. Það væri forvitnilegt að vita hversu margir á vinnumarkaði vita ekki hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra. Þú mætir til vinnu, færð borgað og vonandi launahækkun einn góðan veðurdag.

Sólveig Anna Jónsdóttir, framþjóðandi til formanns Eflingar, er nýjasta dæmið um gróskuna í verkalýðsbaráttunni. Í viðtali við DV segir hún að fólk þurfi að hætta

gengi innan Eflingar. Þótt maður taki svona háleituð markmiðum með miklum fyrirvörum þá kemur Sólveig inn sem ferskur andblær í verkalýðsbaráttuna með tal um auðvaldið, arðrán og firringu. Ragnar Þór í VR og Vilhjálmur Birgisson á Akranesi hafa verið beittir en alvöru verkalýðsforingjar eiga að tala mál sem alþýðan skilur.

Ábyrgðartal um verðbólgu og stöðugleika fellur um sjálft sig þegar Sólveig fer að tala um óstöðugleikann sem fylgir því að lifa á lágum launum. Hvað sem manni kann að finnast almennt um róttækan sósíalisma þegar maður er upptekinn við að græða á daginn og bíða eftir almennilegu veðri til að grilla þá eru spennandi tímar framundan í verkalýðsbaráttunni. Stofnanavædda verkalýðshreyfingin, sveitarfélögin, ríkið og atvinnurekendur þurfa að hafa góð svör reiðubúin þegar ómenntaða láglaunafólkið sem getur slökkt á samfélaginu með verkfalli heimtar hækkun sem dugur til að safna fyrir íbúð. ■

að skammast sín fyrir hvað það fær í laun. Þegar kjararáð afhendi toppunum í þjóðfélaginu margar milljónir í afturvirk laun þá eigi láglaunafólk ekki að skammast sín heldur einfaldlega biðja um slíkt hið sama. Skömmin sé þeirra sem finnst það fráleitt að Gunna leikskólaliði fái sömu krónutöluhækkun og séra Jón.

Það verður vissulega erfitt að ná fram miklum launahækkunum fyrir þá sem hafa lægst launin og enginn veit hvort Sólveig Anna og hennar fólk fái yfirleitt brautar-

MEÐ OG Á MÓTI – UMSKURÐUR DRENGJA

Karim Askari, framkvæmdastjóri Stofnunar múslima á Íslandi

Umskurður drengja er réttur okkar sem múslima. Þetta er ekki eitthvað sem við getum bara sleppt. Við fylgjum og virðum íslensk lög eins og við fylgjum lögum í öðrum löndum, en þetta er okkar réttur sem múslimar á Íslandi. Umskurður er ekki eitthvað sem er bundið við Ísland, þetta er um allan heim og hefur viðgengist í þúsundir ára.

Ef þetta frumvarp verður að lögum þá mun gerast það sem við í Stofnun múslima á Íslandi viljum ekki, að fólk geri þetta samt. Hvort sem umskurðurinn eigi sér stað á Íslandi eða annars staðar. Eða þá að það flytji inn einhvern lækni til að gera þetta heima hjá þeim. Það viljum við ekki. Við viljum gera þetta löglega á spítala eða heilbrigðisstofnun með lækni sem tryggir að umskurðurinn heppnist vel. Það sem skiptir öllu er heilsa barnsins, ef þetta er gert heima hjá fólki, bak við luktur dyr, þá er heilsu barnsins stefnt í hættu.



MEÐ

Það er ósann- gjarnt að líkja þessu við umskurð stúlku- barna, það er bara eitthvað sem á sér stað í sumum löndum og við stundum ekki slíkt. Umskurður drengja einskorðast ekki við íslam heldur tíðkast einnig meðal gyðinga og hefur gert í árþúsund, einnig meðal sumra kristinna, ég skil ekki hvernig á að vera hægt að koma í veg fyrir þetta.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

Núna eru í gildi lög á Íslandi frá 2005 sem banna umskurð á stúlkum og konum. Ég fór að skoða þetta eftir að barnaverndarsamtök hér og á hinum Norðurlöndunum kölluðu eftir því að banna einnig umskurð á drengjum þar sem um sé að ræða brot á mannréttindum og brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Frumvarpið breytir orðinu „stúlka“ í „barn“ þannig að sömu lög gilda um bæði drengi og stúlkur.

Umskurður er ónaúðsynleg aðgerð og er óafturkræf. Það er sýkingarhætta og margir karlmenn sem hafa verið umskornir eiga í alls kyns vandamálum alla ævi. Það eru dæmi þess að ungir drengir hafi dáðið í kjölfar umskurðar. Þetta er yfirleitt gert á mjög ungum drengjum, allt upp í 10 ára, iðulega án deyfingar. Börnin annaðhvort gráta eða verða stjórfl á afallinu og sársaukanum sem þau verða fyrir. Það allt mælir gegn því að þetta sé gert.

Þetta kemur trúarbrögðum ekkert við, þetta er barnaverndarmál.



Á MÓTI

Sú réttlætning að þetta sé hreinlætismál og komi í veg fyrir kynsjúkdóma stenst ekki skoðun. Þeir sem hafa sett sig á móti þessu eru smeykir við að lögin okkar verði forðæmisgefandi. Þetta er eldgömul hefð sem er byggð á hindurvitnum og við eigum að vera komin lengra en þetta í dag. Við Íslendingar eigum bara að taka frumkvæðið og breyta þessum lögum.

Spurning vikunnar

Borðar þú súrmat?



„Nei, ég er búinn að smakka það allt saman en líkar ekki“

Sigurjón G. Arnarsson



„Já, allt mjög gott“

Sigfús Guðlaugsson



„Já, mér finnst hann góður“

Svana Jónsdóttir



„Ég borða súran hval og súra sviðasultu“

Gerður Einarsdóttir

VERTU PIKKUPP!

Rusl í Reykjavík



„Ég var á þeirri skoðun að starf formanns KSÍ væri fullt starf og er enn frekar á því í dag“

Guðni Bergsson hefur verið formaður KSÍ í eitt ár.
MYND SIGTRYGGUR ARI



Getum verið hvað stoltust af starfi aðildarfélaganna

■ Guðni er að ljúka sínu fyrsta ári í starfi ■ Telur að lengja eigi kjörtímabilið

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Þetta hefur verið virkilega skemmtilegt, þetta er búið að vera viðburðaríkt ár, en mjög gefandi. Maður hefur þurft að kynna sér marga hluti í rekstrinum og auðvitað fjölbreytt verkefni sem eru tengd fótboltanum líka. Það hefur verið gaman að kynnast aðildarfélagunum og því sem er í gangi, maður hefur horft á mikið af fótbolta sem hefur verið gaman. Gengi landsliðanna hefur síðan verið frábært, þetta hefur verið mjög skemmtilegt“ sagði Guðni Bergsson, formaður KSÍ, sem mun sitja sitt fyrsta ársþing um helgina sem formaður KSÍ.

Guðni var kjörinn til starfa í febrúar í fyrra og hefur því starfað í heilt ár, starfið er stórt og mikið og því eru margir hlutir sem Guðni hefur þurft að setja sig inn í.

„Það eru margir hlutir sem maður þarf að setja sig inn í, starf formanns er mjög fjölbreytt. Maður hefur verið að kynna sér hlutina og rýna í þá, bæði þá hluti sem koma að eiginlegum rekstri sambandsins og síðan öllu í kringum það. Síðan höfum við verið í faglegu starfi og unnið að stefnumótun sem er svona á lokametrunum og það hefur gengið virkilega vel. Nú er á fullu unnið að undirbúningi

fyrir ársþingið sem er um helgina og svo er auðvitað þetta stóra verkefni fyrir HM í Rússlandi. Það er gríðarlegur undirbúningur í kringum svo stórt mót.“

Getum verið virkilega stolt

Árið fyrir formanninn hefur verið gott innan vallar en karlalandsliðið komst í fyrsta sinn á HM og stelpurnar náðu fínnum árangri. „Fyrir mig sem fyrrverandi leikmann að sjá hvernig undirbúningur hjá landsliðum er hefur verið gaman og að upplifa þessa stemmingu sem er hjá liðunum innan og utan vallar ásamt því hvernig stuðningsmenn koma inn í það. Ég held að við getum verið virkilega stolt af því hvernig þetta allt spilar saman, ég veit að íslensk knattspyrna hefur vakið afar mikla athygli fyrir það. Árangur landsliðanna er ákveðin viðurkenning á því góða starfi sem aðildarfélagin eru að vinna, það er það starf sem við eigum að vera hvað stoltust af. Afrakstur þess góða starfs er meðal annars frábær árangur landsliðsins. Árangurinn hefur verið flottur í yngri landsliðum og svo að sjálfsgöðu hjá A-landsliði karla sem vakti heilmikla athygli síðasta haust. Síðan er það sigur A-landsliðs kvenna gegn Þýskalandi sem var magnaður. Við erum ein sterk heild sem við eigum að vinna með og bæta.“

Starf formanns á að vera fullt starf

Þegar Guðni var í framboði þá var tekist á um hvort starf formanns KSÍ ætti í raun að vera fullt starf. Eftir ár í starfi er Guðni sannfærður um að svo eigi að vera. „Ég var á þeirri skoðun að starf formanns KSÍ væri fullt starf og er enn frekar á því í dag. Ég held að það sé bæði æskilegt og nauðsynlegt að svo sé. Mikill meirihluti af okkar tekjum kemur að utan og við þurfum að gera okkur gildandi þar. Við þurfum að gæta okkar hagsmuna og taka þátt í stefnumótun í fótboltanum á alþjóðlegum vettvangi. Ég held að það sé mikilvægt. Svo er það að fara á milli hér heima og skoða hvernig við getum bætt okkar starf. Við erum að skoða hvernig við getum bætt starfið innan KSÍ bæði á skrifstofu og knattspyrnulega séð. Hvernig við getum unnið best með félögum og stutt þau í þeirra starfi. Ég held að okkur hafi tekist nokkuð vel til á þessu ári en við viljum alltaf gera betur. Það er talsverður tími sem fer í ferðir erlendis hjá formanninum, landsliðsverkefni erlendis eru viðamikil og það tekur tíma. Við erum einnig að reyna að breikka og efla tekjurnar okkar og það er stórt verkefni sem á endanum kemur félögum og fótboltanum til góða.“

Kemur yfirmaður knattspyrnumála?

Eitt af því sem Guðni vildi gera sem formaður var að koma með yfirmann knattspyrnumála inn í starfið hjá KSÍ. Ári síðar er það ekki komið, en vinna í kringum starfið er í gangi og tíðinda gæti verið að vænta. „Ég held að það gangi vel, við erum í stefnumótun. Við erum að horfa á skrifstofuna og tengingu við aðildarfélagin, sú vinna er í gangi og við skoðum hvernig við getum styrkt faglega starfið hér innanhúss. Við höfum fundað með yfirþjálfurum, sem var mjög jákvæður fundur, við myndum vilja vinna þetta í sem mestu samstarfi við félögin. Við viljum efla okkar leikmenn og þessi vinna hefur verið í gangi undanfarið og gengur vel. Ég sé fram á það að á endanum verði svona starf til, sama hvað það verður svo kallað. Við stefnum að því að styrkja okkur á faglega sviðinu. Við njótum augnabliksins núna en við þurfum líka að horfa til framtíðar og sjá til þess að gott faglegt starf skili sér áfram í þessum góða árangri.“

Á að lengja kjörtímabilið?

Lagt hefur verið til að kjörtímabil formanns KSÍ verði lengt úr tveimur árum í þrjú. Mörgum finnst tveggja ára tímabil heldur stutt

fyrir nýjan mann í brúnni. „Það er auðvitað mismunandi hvernig þetta er í heimi fótboltans, sumir eru með fjögur ár og aðrir með tvö ár. Á þó nokkrum stöðum eru þetta fjögur ár og það er tillaga stjórnar að fara milliveginn má segja og að þetta verði þrjú ár. Starfshópurinn lagði til við stjórnina að svo yrði en að formaður gæti einnig bara setið í fjögur kjörtímabil. Það var niðurstaðan að þetta yrði lagt til. Það er ýmislegt sem mælir með því að lengja kjörtímabilið en það er ekki nein ein rétt niðurstaða.“

Vongóður um Laugardalsvöll

Mikil vinna er í gangi varðandi nýjan Laugardalsvöll og Guðni er vongóður um að það gangi eftir. „Það er eitt viðamikið og mikilvægt verkefni sem við erum að horfa til þess að þetta geti verið að klárast í byrjun apríl. Nú erum við með starfshóp sem vinnur með ríkisstjórn, Reykjavíkurborg og KSÍ. Ég skynja mikinn áhuga og er bjartsýnn á að við fáum ákvörðun sem verður íslenski knattspyrnu til hagsbóta. Það er ljóst að við verðum að endurbyggja völlinn til þess að geta spilað alla mótsleiki okkar á vellinum í framtíðinni. Þetta mun einnig gefa nýja möguleika fyrir bikarúslitaleikina og þegar við komumst með félagslið í riðlakeppni í Evrópu.“ ■



Tugum Íslendinga hent út af hótelum í Rússlandi

Boðið að bóka herbergið aftur á miklu hærra verði

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Íslenskt knattspyrnuáhugafólk sem er að bóka hótulgistingu vegna heimsmeistaramótsins í Rússlandi lendir nú um stundir í vandræðum vegna hótela sem það hafði bókað gistingu á í bæði Moskvu og Rostov-on-Don í sumar. DV hefur rætt við nokkra einstaklinga sem höfðu bókað hótulgistingu og fengið staðfestingu á bókun sinni. Þeir hafa síðar fengið skilaboð um að bókunin hafi ekki gengið í gegn. Þeim er svo boðið að bóka hótulgistingu á nýjan leik en á miklu hærra verði en þeim hafði áður boðist. Margir Íslendingar ætla að leggja leið sína til Rússlands og sjá íslenskt knattspyrnu-landslíðið í fyrsta sinn á HM og hefur stór hluti þeirra nú þegar bókað ferð sína. Þeir vita þó ekki hvort þeir fái miða á leikina, en FIFA hefur nú lokað fyrir umsóknarferli um miða og dregið verður úr því happadrætti í mars. „Ég er að fara til Rússlands með fjölskylduna í sumar, hótelið sem ég bókaði í Moskvu hefur nú ákveðið að henda okkur út,“ sagði Sigurður Hjaltsted um málið en hann er einn af þeim sem hafa lent í þessu.

Fékk staðfestingu

Sigurður bókaði í gegnum vefinn booking.com sem margir

„Núna er ég án hótels í Moskvu með sex einstaklinga og þar af fjóra krakka.“

Íslendingar nota og treysta. „Ég bókaði í gegnum Booking og fékk staðfestingu þaðan og í skilmálum kom fram að ég ætti að borga við komu á hóteli, ég fékk síðan viðvörðun frá þeim um að kortið mitt hefði ekki virkað og að ég hefði 24 klukkustundir til að laga kortið. Fimm mínútum síðar fékk ég svo póst um að búið væri að aflýsa þessari bókun. Hótel í Rússlandi virðast stunda þetta núna en ferðafélagar mínir lentu í þessu sama í Rostov og vita af fleiri Íslendingum í sömu stöðu.“

Íhugar að hætta við ferðina

Sigurður hugðist fara í þessa ferð með fjölskyldunni, sex manns allt í allt og þar af fjórum börnum. „Núna er ég án hótels í Moskvu með sex einstaklinga og þar af fjóra krakka, ég íhuga það alvarlega að aflýsa þessari draumferð. Það er ekki þess virði að fara til Rússlands og eiga á hættu að standa uppi án hótulgistingar, ég beini því til fólks að passa sig á þessu.“ ■

Nú eru góð ráð æðlýr



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Ætlar að verða verkalyðsforingi Sólveig Anna leiðir B-lista Eflingar, hún segir nauðsynlegt að koma á grundvallarbreytingum innan félagsins, fyrsta skrefið sé að gefa aðfluttu verkafólki rödd. MYNDIR SIGTRYGGUR ARI

Ómenntuð láglaunakona ætlar að taka niður auðvaldið

Sólveig Anna Jónsdóttir kom eins og storm-sveipur fram á sjónarsviðið í verkalyðsbaráttunni í lok janúar með framboði sínu til formanns Eflingar. Sólveig Anna talar tæpitungulaust um stöðu verkafólks í íslensku samfélagi og verkalyðsforingjana sem hún telur hafa gengið í lið með fjármálaöflunum. Hún er von því að vera í baráttu fyrir félagslegu réttlæti samhliða því að berjast fyrir því að draga fram lífið sem ómenntuð verkakona. Blaðamaður DV hitti Sólveigu Önnu á heimili hennar í Reykjavík.

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Sólveig slasaðist illa á öxl í nóvember síðastliðnum og hefur hún verið óvinnufær fram til þessa. „Ég var á leið út í bíl í óveðri. Það kom hrikaleg vindhviða og ég f auk eins og plastpoki og lenti á hægri öxlinni sem mölbrotnaði. Ég var flutt burt í sjúkrahúsi og hef þurft að vera frá vinnu, ég byrja reyndar aftur að vinna í næstu viku.“

Þú hefur þá haft tíma frá vinnu til að láta að þér kveða í verkalyðsmálum?

„Það má að einhverju leyti segja það, ég var illa slösuð og gat lítið gert fram að jólum. Ég var þá spurð hvort ég gæfi kost á mér í þetta en

þá sagði ég nei og meinti það. Ég hef verið virkur aðgerðasinni frá því 2008 og sá verkalyðsbaráttuna sem allt sem ég forðaðist að lenda í. Flókinn heimur sem stýrt er af körlum og regluverki, þetta fannst mér einstaklega fráhrindandi.“ Milli jóla og nýárs snerist Sólveigu svo hugur og hún lét slag standa. „Þegar ég áttaði mig á því að þarna var alvara að baki þá fór ég að taka þessu með opnum huga. Hræðslan vék fyrir löngun að sjá hvort það væri hægt að gera eitt-hvað. Ég er samt ennþá hrædd,“ segir Sólveig og hlær. „Þetta er allt í lagi, ég er kona, ég má viðurkenna að ég sé hrædd.“

Ekkert grínframboð

Sólveig býður sig fram gegn fram-

” Stöðugleikinn er fyrir auðvaldið.

bjóðanda uppstillingarnefndar, Ingvari Vigur Halldórssyni. Sigurður Bessason sem gegnt hefur formennsku í Eflingu í tvo áratugi bauð sig ekki fram til endurkjörs. Allan þann tíma hefur verið sjálfkjörið í stjórn félagsins þar sem aldrei hefur áður komið fram mótframboð. Fimmtán sitja í stjórn Eflingar og kosið er í stjórnina árlega, í ár er kosið um formann og sjö aðra stjórnarmenn og á næsta ári verður kosið um varaformann og sex aðra stjórnarmenn. Þetta



Þessi grimmilega láglaunastefna gagnvart ómenntuðu fólki er eitthvað svo sjúk

Það var mjög hressandi lífsreynsla að upplifa íslenskt arðráns samfélag.

maður hennar var í námi. „Þetta voru einmitt árin þegar George W. Bush var forseti og þessi ár höfðu mjög mótandi áhrif á mig. Ég hafði vissulega verið róttæk, enda ólst ég þannig upp, en þarna fékk ég að kynnast fíringunni og mannvönskunni sem fylgir þessu ofurkapítalíska hermangssamfélagi. Um 2002 þá áttaði mig hversu brjálað þetta samfélag er og varð fyrir ákveðinni vakningu, þá fór það að verða svo áberandi hversu landlægur rasismi er þarna og hversu tryllingslegt bil er á milli ríkra og fátækra.“

Sólveig segir að það hafi verið frábært að búa vestanhafs, en það hafi verið vegna þess að hún var hvít af norrænum uppruna. „Þetta olli mér hugangrni og særði réttlætiskennnd mína, að bara vegna þess hvernig ég er á litinn þá var ég komin í vissa forréttindastöðu. Það var mjög þroskandi að fá að kynnast kerfisbundnu óréttlæti, við náðum að lifa góðu en takmörkuðu lífi, en milljón sinnum betra lífi en ef við hefðum verið öðruvísi á litinn.“

Fluttu heim, beint inn í bankahrun

Sólveig flutti ásamt fjölskyldu sinni aftur heim til Íslands sumarið 2008. „Ég var ótrúlega spennit og hlakkaði mikið til, ég var ekkert búin að velta fyrir ástandinu á Íslandi því það var svo margt að gerast í Bandaríkjunum á þessum tíma og allt á suðupunkti. Ég var að fylgjast með þessum innrásarstríðum þeirra í Írak og Afganistan, svo kom fellibylurinn Katrína sem afhjúpaði bara endanlega rasismann og viðbjóðinn sem fékk að grassera óáreitit. Stjórnvöldum og yfirstéttinni fannst ekkert stórmál að láta fjölda fólks drukna bara af því að það var svart og fátækt. Þannig að ég hafði ekkert verið að velta fyrir mér íslenskum stjórn málum á meðan ég bjó úti.“

Þegar fjölskyldan var nýflutt heim hrundu bankarnir. „Maðurinn minn var kominn með góða vinnu, ég fór að vinna á leikskólunum en strax í nóvember var honum sagt upp. Þá tók við alveg gríðarlega erfiður tími hjá okkur. Maðurinn minn var með mjög stopular tekjur í mörg ár þrátt fyrir að vera vel menntaður, hann tók reyndar þátt í að skrifa kafla í rannsóknarskýrslu Alþingis sem kom út 2010, þá var uppskeruhátið heima hjá okkur. Það er ekki fyrir en nýlega sem hann fékk greitt sumarfrí. Óréttlætið og arðránið í íslensku samfélagi beinist ekki bara gegn láglaunafólki.“

Fjölskyldan bjó í húsi tengdafiðdur Sólveigar á meðan hann var erlendis. „Það bjargaði okkur. Ef við hefðum ekki fengið hana þá veit ég ekki hvað við hefðum gert, líklegast endað einhvers staðar í Noregi. Við rétt mörðum að kaupa íbúðina sem við búum í núna, við vorum heppin að ná að kaupa áður en húsnæðisverðið rauk upp.“ Sólveigu finnst að reynsla þorra almennings af hruninu hafi verið ýtt til hliðar. „Við eigum að halda að þetta hafi bara verið eitthvað leiðinlegt uppnám í samfélaginu, nú sé bara komið nýtt góðæri. Við verðum að muna þetta



Foreldrar Sólveigar Önnu Jón Múli Árnason og Ragnheiður Ásta Pétursdóttir.

og muna hvernig okkur sjálfum leið. Krísa er innbyggð í kapítalismann og á meðan við búum við það kerfi er óumflýjanlegt að efnahagurinn fari í uppnám reglulega og það séum við sem erum látin borga brúsann. Strax árið 2011 var bankastarfsfólk farið að hækka í launum og bankastjórar farnir að borga sér bónusa. Á þeim tíma voru ég og maðurinn minn pikkföst í djúpri efnahagslegri holu þar sem sá ekki til sólar. Við vorum sem betur fer ekki skuldsett, það voru margir í tíu sinnum verri stöðu, en við vorum eigna- og peningalaus. Við gátum ekki farið að safna fyrir íbúð fyrr en 2013, þá var maðurinn minn að vinna við allt sem honum bauðst og ég í tveimur störfum. Þannig er lífið þegar annar aðillinn er í stopulli vinnu og hinn á arðránstöxtum hjá Reykjavíkurborg. Það var mjög hressandi lífsreynsla að upplifa íslenskt arðráns samfélag.“

Talað um hana sem skríl, hyski og hettuklætt ungmenni

Sólveig var í hópi níumenningsanna sem voru ákærðir fyrir árás á Alþingi, brot gegn valdstjórninni, almannafríði og allsherjarreglu fyrir að hafa ruðst inn í Alþingishúsið 8. desember 2008. „Þau vildu dæma okkur í allt frá árs til sextán ára fangelsis. Þetta var mikið áfall og mjög skritin lífsreynsla,“ segir Sólveig og hristir höfuðið. Dómur féll í málinu í febrúar 2011. „Þetta var mjög sárt og erfitt, rændi mig ró og friði að hafa þetta hangandi yfir mér í allan þennan tíma. Og sjá bara þessi vitfirrtu viðbrögð valdsins við uppreisn í samfélaginu. Refsi- og hefnigirni valdsins gagnvart okkur var mjög opinberandi. Við vorum fjögur sem fengum væga dóma, það var betra en fangelsi.“

Hún eignaðist marga vini í gegnum þessa reynslu. „Það var mjög merkilegt að sjá alls konar fólk gefa tíma sinn í að standa með okkur. Það fór af stað mjög markviss og merkileg herferð í kringum okkur. Það hallaði mjög á okkur í orðræðunni á þessum tíma. Okkur var lýst sem skríl, hyski, það var gjarnan talað um hettuklædd ungmenni. Það var stemning í samfélaginu að yta þessu til hliðar og við ættum þetta bara skilið, sem eru alveg dæmigerð viðbrögð

íslenskrar yfirstéttar. Þessi skortur á vilja til að setja hlutina í samhengi og tjá sig þá eins og mesti bjáninn í bænum. Þá fór af stað herferð góðs fólks sem hóf að skrifa og tjá sig til að fá fólk til að skilja að við værum ekki þetta viðbjóðslega glæpahyski og sjúka ofbeldisfólk sem átti að láta okkur líta út fyrir að vera.“

Hvað varst þú að gera þarna?
„Við ætluðum upp á þingpallana, það er stjórnarskrárbundinn réttur almennings að gera það. Ég vil ekki endurskrifa söguna, okkur fannst það sjálfsagður hlutur að færa mótmælin af Austurvelli inn á þingpallana. Það var allt í einu einhver ný regla í þessu regluóða samfélagi að það mætti bara mótmæla á Austurvelli á laugardögum, við róttæka fólk sættum okkur ekki við það þegar svona söguleg mótmælaalda gripur um sig.“ Faðir Sólveigar hlaut fangelsisdóm fyrir þátttöku sína í óeirðum á Austurvelli og árás á Alþingishúsið 30. mars 1949, en var náðaður. „Það var nú eitthvað mjög skritinn dómur, hann var meira að segja sviptur kjörgengi, en svo var það látið niður falla einhverjum árum síðar. Valdið bregst alltaf við á svo fátælan hátt þegar fólk hættir að spila eftir reglunum og rís upp.“

Fór með pabba á Rocky

Faðir Sólveigar er Jón Múli Árnason, tónskáld og ein þekktasta útvarpsrödd sem Íslendingar hafa átt, móðir hennar er Ragnheiður Ásta Pétursdóttir útvarpsþulur. „Mamma og pabbi voru bæði mjög greindar manneskjur með mjög sterkar skoðanir og það var mjög mikið rætt um pólitík, nánast linnulaust. Þetta var aldrei bundið við fréttatíma eða eitthvað slíkt, það var stöðugt verið að kenna mér eitthvað og útskýra hluti fyrir mér, ef minnst var á einhvern stað eða hann bar á góma þá var dregin fram landabréfabókin. Mér fannst þetta ekki alltaf skemmtilegt, en oftast,“ segir Sólveig og hlær.

Foreldrar Sólveigar höfðu hana iðulega með þegar þau brugðu sér af bæ. „Ég er með mjög sterkar minningar frá því að fara með pabba í bíó þegar ég var lítil. Hann var ekki að fara með mig á barnamyndir, hann var að fara með mig á Rocky í Tónabíó þegar ég var pínulítill stelpa.“

þýðir að Sólveig hefur nú tækifæri til að ná meirihluta í stjórninni. „Ein af ástæðunum fyrir því að við erum að þessu er að á okkar lista eru þrjár einstaklingar af erlendum uppruna, tvær konur og einn maður. Það er enginn af erlendum uppruna á hinum listanum, sem félagið stillir upp, það skýtur skökku við þar sem gríðarlegur fjöldi félagsmanna Eflingar er aðflutt verkafólk. Íslenskt verkafólk vinnur við hlið fólks af erlendum uppruna og er í hvað mestum samskiptum við það. Það er bráðnaudsynlegt að þeirra rödd fái að heyrast og ekki að við séum alltaf að tala fyrir þau, það á bæði við um kjarabaráttu og í samfélaginu.“ Nokkur ládeyða hefur verið í verkalyðsmálum undanfarin ár

og lítil kosningaþátttaka, Sólveig telur að það sé að breytast. „Þetta er ekkert grínframboð, ég er svo sannarlega ekki í þessu af einhverjum hégómleika enda datt mér aldrei í hug að framboðið myndi vekja svona mikla athygli.“

Kynntist fíringu og mannvönsku í Bandaríkjunum

Sólveig er 42 ára, tveggja barna móðir, gift og á kött. „Stjórn mála hafa verið eina alvöru áhugamálið mitt á fullorðinsárum, ég hef eytt miklum tíma í að reyna að skilja ástæðurnar fyrir því að veröldin er eins og hún er og hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru.“ Sólveig bjó með fjölskyldu sinni í Minnesota í Bandaríkjunum á árunum 2000–2008 þar sem eigin-

„Þarna þarf verka-fólk einfaldlega að segja „þrjár milljónir í afturvirk laun, flott, þá vitum við hvað við eigum að fá“.

Ótrúleg grimmd gagnvart þeim sem ljúka ekki námi

Menningin var aldrei langt undan og hún lærði snemma að lesa sér til gagns. „Það má segja að ég sé heimaskóluð, mér leiddist í alvöru skóla og vildi frekar vera heima að lesa. Ég vildi fá að vera í friði, leit-aði inn í bókaheim og eyddi miklum tíma þar.“ Sólveig lauk aldrei stúdentsprófi. „Ég flosnaði bara upp úr námi, þegar ég var unglingur var ég bæði þunglynd og kvíðin, það var meginástæða þess að ég hætti í skóla. Ég fann mig bara aldrei í skóla, það var bara ekki staður fyrir mig.

Það er ótrúleg grimmd í íslensku samfélagi gagnvart fólki sem hefur af einhverjum ástæðum ekki lokið námi. Ástæðurnar eru margvíslegar, geðræn vandamál, fátækt á heimilum, neysla. Þessi grimmilega láglaunastefna gagnvart ómenntuðu fólki er eitt-hvað svo sjúk, hugsaðu þér, það á að refsa fólki alla ævi fyrir það að hlutirnir gengu illa á unglingsárunum. Það er eins konar kvalalosti í samfélaginu, að láta fólk skrimta alla ævi á launum sem eru ekki boðleg fólki,“ segir Sólveig.

Hún segir það siðferðislega rangt að borga fólki lág laun og það geti ekki staðist að flestir vilji það, en til að breyta því þurfi samstöðu. „Við sem erum í láglaunastörfum þurfum að hætta að láta eins og við getum sjálfum okkur um kennt eða að það skipti engu máli hvað við segjum því við séum svo leiðinleg, vitlaus og ómenntuð.“

Skömmin er hjá þeim sem finnst lág laun vera í lagi

Þú ert búin að vera aðgerðasinni í mörg ár, nú ertu að bjóða þig fram í embætti formanns í rötgrónu félagi, má segja að það hafi ekki skilað tilætlunum árangri?

„Ég varð fyrir pólitískri vakningu 2013, enn ein vakningin, ég hef fengið mjög margar. Þá fór ég að hugsa um stöðu láglaunakvænna sem eru nýttar til að vinna mikilvæg störf sem samfélagið kemst ekki af án, eins og að manna leikskólana, án þess að einhver segi að það þurfi að greiða þessum konum mannsæmandi laun. Þær eiga að sinna mennta- og menningarlegu uppeldi á kærleiksrikan hátt en fá greidd laun sem er ekki hægt að lifa af. Allt í einu sá ég svo skýrt hversu fráleitt þetta er.

Láglaunafólk vinnur alla sína ævi störf sem verður að vinna en er alveg ósýnilegt, það er ekki talað um okkur, við sjáumst ekki og eigum svona augnablik þegar við lítum í spegilinn og áttum okkur á að þetta bara verður svona. Það þýðir ekkert að skipta um vinnustað því það bíða manns ekki betri laun því samfélagið, atvinnurekendur, borg, ríki og verkalýðsfélögin hafa samþykkt að það sé í lagi að nýta mann til vinnu alla ævi á ömurlegum launum.“

Þrátt fyrir þessa vakningu hefur Sólveig ekki alveg hætt sem röttækur aðgerðasinni, hún tekur þátt í ýmsu starfi, þar á meðal skipulagningu Róttæka sumarháskólans. „Ég las mér mikið til um baráttu kvænna og sótti



Alin upp við pólitík og menningu Sólveig Anna er dóttir útvarpsþulanna Jóns Múla Arnasonar og Ragnheiðar Ástu Pétursdóttur, á heimilinu var stöðugt talað um stjórnmál.

í lífi láglaunafólks. Stöðugleikinn er fyrir auðvaldið sem getur þá haldið áfram að auðgast. Það er enginn stöðugleiki hjá þeim sem eru alltaf með fjárhagsáhyggjur, þurfa að leita til ættingja og vina eftir láni út mánuðinn eða húsnæði. Það er enginn stöðugleiki að þurfa að flytja á hverju ári og þurfa að setja börnin í nýjan skóla. Það er svo kostuleg þessi skoðun og þessi veraldarsýn að allir séu í sama bátum sem megi ekki rugga. Við höfnum þessu alfarið, við erum ekki í sama báti, okkar bátur lekur á meðan hinir eru um borð í snekkju á leiðinni í skattaskjólín sín. Verkalýðshreyfingin á að vera löngu hætt að taka þátt í þessu stöðugleikatali.“

Stöðugleikinn er ekki fyrir verkafólk

Hefur stjórn Eflingar og Alþýðusambandið ekki barist fyrir ykkar hagsmunum?

„Nei. ASÍ og Efling hafa tekið þátt í því að samþykkja láglaunastefnu gagnvart verkafólki. Það er ekkert hægt að tala sig í kringum það.“

Hverju þarf að breyta hjá Eflingu?

„Það er svo ótrúlega margt. Það þarf að bæta samskipti stéttarfélaganna við félagsmenn sína og samskiptin við þá sem er samið við. Það gengur ekki lengur að láglaunafólk sé látið axla ábyrgð á einhverjum stöðugleika þegar það ríkir aldrei neinn stöðugleiki

„Ég er svo sannarlega ekki í þessu af einhverjum hégómeika.“

ískan femínista en það hefur truflað mig yfirgengilega mikið þegar sumir segjast berjast fyrir frelsun kvænna en ætla alveg blákalt og kerfisbundið að líta framhá stöðu kvænna í samfélaginu. Maður þarf að vera alveg sérstaklega blindur eða óheildarlegur til að sjá þetta ekki, það er margt sem stuðar mig en það stuðar mig mjög að sjá Dag B. Eggertsson mæta í Druslugöngu og tala sem karlmaður sem sé umhugað um stöðu kvænna en ætlar alls ekki að stuðla að efnahagslegu frelsi kvænna. Það er frelsið sem skiptir öllu máli, þá getur konan staðið á eigin fótum og þarf ekki að vera föst í ömurlegu sambandi án þess að lenda á götunni.“

EKKI að skipuleggja hallarbyltingu

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur gagnrýnt lífeyrissjóðakerfið harðlega, Sólveig tekur undir að þetta sé kerfi sem þurfi að breyta. „Þetta er fé vinnandi fólks sem er notað á ólýðræðislegan hátt til að fjármagna verkefni auðvaldsins. Það er ekki verið að fara í nein verkefni sem bæta líf okkar eins og að byggja húsnæði. Nú er Ragnar Þór að tala fyrir leigufélagi á vegum VR, en í arðránessamfélagi eins og okkar er alltaf unnið gegn hugmyndum sem geta bætt líf láglaunafólks. Það er strax byrjað að tala um að hann viti ekkert um hvað hann sé að tala, viti

ekki hvernig markaðurinn virkar og svo framvegis. Bankar og fyrirtæki mega svo alltaf fá hugmyndir um hvernig má græða á fólki. Krafan á vinnandi fólk er að það sætti sig við þetta. Það er svo brjál að að hugsa þetta í sögulegu samhengi, það verður herna hrun, almenningur tekur á sig miklar skerðingar, niðurskurð, atvinnuleysi og barnafátækt, svo segir valdið að það sé fátánlegt að ræða lausnir sem geta komið verkafólki til góða.“

Hvað er hægt að gera, hver er lausnin?

„Þegar nógu mörg okkar uppgötva mikilvægi sitt í samfélaginu þá eru okkur allar leiðir færar.“

Ert þú að skipuleggja hallarbyltingu í ASÍ með Ragnari Þór og Vilhjálmi Birgissyni, verkalýðsleiðtoga á Akranesi?

„Nei. Ég og fólk sem er með mér á listanum erum Eflingarfólk og erum að þessu út frá hagsmunum félagsmanna. Það er aðdáunarvert að fylgjast með þeim Ragnari og Vilhjálmi og baráttu þeirra, stuðningur þeirra við mitt framboð er alveg ómetanlegur. Ég sæk til þeirra innblástur því þeir hafa sýnt að það er hægt að ná árangri með því að fara aðra leið en ASÍ boðar.

Nú er þessi kosningabarátta hafin innan Eflingar, ég og mitt fólk ætlum að vinna heiðarlega. Ég ætla ekki að draga þetta ofan í einhverja persónulega baráttu heldur sýna félagsmönnum að okkar stefna er það sem verður þeim til hagsbóta. Málstaður okkar er bara það góður og það augljós að ég tel að það þurfi ekki meira til. Ég er ekki að selja neinn leik, ég hef bara lifað með láglaunakona og býð mig fram því ég treysti mér til að ná árangri fyrir þá sem eru í sömu stöðu.“ ■

Valentínus

9. febrúar 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is



STEFÁN B. CHOCOLATIER, LAUGAVEGI 72

Handgert konfekt á Valentínusardaginn

Mörgum þykir gott að fá sér súkkulaðibita eða konfekt-mola. Þegar fólk lætur slíkt eftir sér er tilvalið að hafa það dálítið spari og fá sér virkilega vandað súkkulaði eða konfekt. Þá er kjörið að líta við í verslun Stefáns B. að Laugavegi 72, Reykjavík. Stefán B. er það sem kallað er á erlendri tungu „chocolatier“ sem þýðir að hann vinnur súkkulaði- og konfektafurðir úr súkkulaðimassa. Hráefnið í afurðir sínar fær Stefán frá Kólumbíu.

Í verslun Stefáns er mikið úrval af bæði súkkulaðiplötum og konfekt. „Við erum með um 200 gerðir af súkkulaðiplötum og um 25–30 gerðir af konfekt,“ segir hann. Núna er súkkulaði með sjávarsalti mjög vinsælt. „Sjálfum finnst mér saltið fara betur í dökku súkkulaði því það spilar mjög vel á móti biturleikanum í því.“

Eins og flestir vita er súkkulaði í eðli sínu mjög holl afurð en sykur er síður hollur. Sykur er settur í súkkulaði til að gera það sætt á bragðið en algjörlega ósætt súkkulaði er biturt á bragðið. Í verslun Stefáns er lögð mikil áhersla á úrval og því má fá



allt frá 60% súkkulaði með miklu sykurmagni upp í 100% súkkulaði, sem er alveg sykurlaust og hentar vel til matargerðar. „Ég held að það borði enginn 100% súkkulaði eitt og sér en fólk er töluvert að leita í 85%



súkkulaði og jafnvel 90% sem vissulega er þá í hollari kantinum. En 100% hreint súkkulaði með engu soja og engum sykri er rosalega holl vara,“ segir Stefán.

Spurður um hvað séu vinsælustu afurðirnar segir Stefán að súkkulaði með sjávarsalti hafi slegið rækilega í gegn. Hjá Íslendingum er síðan mjög vinsælt dökkt súkkulaði með lakkrísbragði en þessi vara sem

Stefán hefur þróað er ekki með lakkrísbitum heldur bara lakkrísbragðinu. Erlendu ferðamennirnir sem koma í verslun Stefáns sneiða hins vegar hjá lakkrísúkkulaðinu enda er það íslenskur siður að blanda saman súkkulaði og lakkrís.

Handgert konfekt er rómantísk gjöf á Valentínusardaginn og er tilvalið fyrir elskendur að líta inn á Laugavegi 72 og skoða úrvalið.

BJARKARBLÓM

Litríkir og fjölbreyttir blóm-vendur á Valentínusardaginn

Verslunin Bjarkarblóm er staðsett við nýja innganginn í Smáralind og er í eigu Bergþóru Bjargar Karlsdóttur en hún rekur auk þess verslun með sama nafni í Þorlákshöfn. Hjá Bjarkarblómum er lögð mikil áhersla á framúrskarandi úrval af ferskum blómum auk fjölbreyttrar gjafavöru þar sem íslensk hönnun skipar stóran sess.

„Rómantíkin ræður ríkjum hjá okkur á Valentínusardaginn og hér er alltaf mikið að gera á þessum degi. Hann hefur vissulega fest sig í sessi meðal Íslendinga en þar sem þetta er líka alþjóðlegur dagur koma mjög margir útlendingar sem eru búsettir hér á landi í verslunina og kaupa blóm,“ segir Bergþóra.

Valentínusardagurinn hefur sótt mjög í sig veðrið hér á Íslandi og segir Bergþóra að útvarpskonan Valdís Gunnarsdóttir heitin eigi heiðurinn af því að hafa innleitt venjur Valentínusardagsins hér á landi. Valdís var afar ástsæl útvarpskona á Bylgjunni en hún lést fyrir aldur fram. „Valdís er okkur mjög hugstæð og



við hugsum alltaf hlýlega til hennar á þessum degi,“ segir Bergþóra.

„Við höfum alltaf fjölbreyttara úrval af blómvöndum á Valentínusardaginn og þar sem þetta er alþjóðlegur dagur erum við með nokkuð

af óhefðbundnum blómum ásamt þessum hefðbundnu, rósum, sem eru alltaf klassískar, og þviumlíku.“ Þó að vitanlega komi margir ungir menn í verslunina á Valentínusardaginn til að kaupa blóm handa sinni heittelskuðu þá segir Bergþóra að eldri herra-menn séu mjög að sækja í sig veðrið á þessu sviði og mjög margir eldri



borgarar eiga viðskipti við Bjarkarblóm á Valentínusardaginn.

Verslunin í Smáralind er opin frá kl. 10 til 18 á Valentínusardaginn og Bjarkarblóm í Þorlákshöfn er opin frá kl. 13 til 18. Það er um að gera að fullkomna þennan dag elskenda með því að koma við í Bjarkarblómum og velja litríkan og fallegan blómvönd handa ástinni sinni. Segðu það með blómum!

Sjá nánar á bjarkarblom.is.

BOLLURNAR

FÁST HJÁ

REYNI BAKARA

SÍMI
564 4700
DALVEGI 4,
& HAMRA-
BORG 14



*Komdu elskunni á
óvart á valentínusardaginn
með konfektli frá
Henry Thor*

HENRY THOR
ICELANDIC CHOCOLATE ART



SÖLUSTADIR: REYNIR BAKARI DALVEGI 4 OG VÍNBERIÐ LAUGARVEGINUM



Rómantískt Valentínusarkvöld á Lækjarbrekku

Töluverðar áherslubreytingar hafa orðið á hinum gróna og rómaða veitingastað Lækjarbrekku frá því nýir rekstraraðilar tóku við staðnum, fyrir um ári. „Við leggjum mikla áherslu á ferskt hráefni og að vinna allt á staðnum. Við kaupum ekki tilbúna matvöru né berum við slíkt á borð fyrir okkar gesti. Þá er matreiðslan öll orðin nútímalegri og tekur meira mið af nýjum straumum og stefnum,“ segir Stefán Stefánsson, framkvæmdastjóri Lækjarbrekku.

Staðurinn nýtur mikilla vinsælda, gestahópurinn er afar fjölbreyttur og úrvalið af réttum er mikið með jafnmikilli áherslu á kjöt og fisk auk þess sem veganréttir koma sterkir inn.

„Hingað kemur töluvert af erlendum ferðamönnum en á bóndadaginn, til dæmis, var meirihluti gesta ís-

lendingar,“ segir Stefán. Það verður rómantísk stemning næstkomandi miðvikudagskvöld, á sjálfum Valentínusardeginum, þar sem mörg pör munu eiga ógleymanlega stund. Til að fá örugglega borð borgar sig að panta sem fyrst en bæði er hægt að bóka borð í síma 551-4430 eða á vefsíðunni laekjarbrekka.is.

Sérstakur fjögurra rétta matseðill verður í boði á Valentínusardeginum: Fyrsti réttur er nauta-caravaggio, síðan tekur við reykt ýsa sem hefur fengið frábærar viðtökur gesta á Lækjarbrekku; í þriðja rétt er val um þorskhakka eða lambasteik og í eftirrétt er sérvalið súkkulaði frá Valrhona.

Sjá nánar á laekjarbrekka.is.



LANDI:

Framúrskarandi herrailmur úr jurtum sem vaxa í náttúru Íslands

64° Reykjavík Distillery hefur í gegnum árin skapað sér orðspor fyrir að brugga framúrskarandi áfenga drykki úr íslenskum berjum og jurtum, líkjöra og snafsa. Hafa þessar merku afurðir fyrirtækisins fengið mörg alþjóðleg verðlaun fyrir hvort tveggja hönnun og gæði.

64° Reykjavík Distillery hefur nú brotið blað í sögu sinni með því að setja á markaðinn einstakt íslenskt ilmvatn fyrir herra. Þessi karlmannlegi ilmur ber heitið Landi og uppistaðan í honum er olíur úr jurtum sem vaxa í íslenskri náttúru. Meðal þeirra er sjálft þjóðarblómið, holtasóley, en auk þess einir, lúpína, rabarbari, bláber og kúmenjurt, allt jurtir sem vaxa villtar í íslenskri náttúru og koma saman í einstökum ilmi í Landa.

Glas af herrailminum Landa er 50 ml. Í boði eru kassar með sex ilmvatnsglössum. Ilmvatnið er til sölu í Herrafataverslun Kormáks og Skjalda, Laugavegi 59, í gamla Kjörgarðshúsinu. Verslunin er opin frá 11 til 18.

Nánar má fræðast um framleiðslu og starfsemi 64° Reykjavík Distillery á vefsíðunni reykjavikdistillery.is.



SALT ELDHÚS: MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ FYRIR PÖR OG ALLA AÐRA

Það er rómantískt að elda saman

Salt Eldhús er kennslueldhús sælkerans þar sem fólk lærir að búa til dýrindis krásir og spennandi mat frá ýmsum heimshornum undir stjórn frábærra kennara við fullkomnar aðstæður. Í tilefni Valentínusardagsins gæti það verið virkilega fin hugmynd að gefa ástvini sínum gjafabréf í Salt Eldhús og þið færuð síðan tvö saman á námskeið.

Eigendur Salt Eldhús eru þau Sigríður Björk Bragadóttir, matreiðslumaður og fyrrverandi ritstjóri Gestgjafans, en hún er jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Sigurður Grendal Magnússon viðskiptafræðingur. Þau hafa rekið fyrirtækið í tvö ár en Salt Eldhús hefur verið starfandi í alls fimm ár. Auk þeirra starfar fjölmargt matreiðslufólk við skólann við kennslu.

„Við erum með glæsilegt húsnæði hér í Þórunnartúni, á efstu hæð, rosalega fallegt útsýni og framúrskarandi aðstöðu,“ segir Sigríður. Algengt er að fólk mæti í þörum, litlum hópum eða sem einstaklingar en námskeiðshópurinn hristist alltaf vel saman: „Þegar fólk er að elda saman þá verða öll samskipti afskaplega lipur, það kemur af sjálfu sér, þó að fólk þekki engan á námskeiðinu. Matur sameinar fólk.



Fólk mætir klukkan fimm og þá er farið dálítið yfir hvað á að gera og síðan byrjar fólk að elda. Hér er kokkur á staðnum sem hjálpar til við eldamennskuna, leiðbeinir og sýnir hvað á að gera. Þetta tekur svona tvo til tvo og hálfan tíma. Síðan er sest að snæðing og því verður kvöldið að stefnumóti ef um þau er að ræða, og að góðri skemmtun fyrir alla sem taka þátt.

Alls konar spennandi þemu eru í boði í námskeiðavalinu og óhætt að segja



að alþjóðlegur blær sé yfir því. „Meðal vinsælustu námskeiðanna, og þau sem hafa verið lengst, eru tvö námskeið í indverskri matargerð. Það er indversk stúlka sem kennir þau, hún starfar sem arkitekt en hefur brennandi áhuga á matargerð,“ segir Sigríður.

„Síðan eru alltaf einhverjar nýjungar. Núna er framundan Ramen-námskeið þar sem kennt er að elda núðlur frá grunni og gera ekta Ramen-súpu. Hingað kemur síðan bráðum írönsk stúlka til að kenna persneska matar-

gerð og það kemur líka hingað Ítali til að kenna matargerð með trufflum. Svo er hér kennd frönsk matargerð og ýmislegt fleira,“ segir Sigríður.

Það er rómantískt að gefa elskunni sinni gjafabréf í Salt Eldhús og fara með henni eða honum á námskeið í Salt Eldhús. Þá er virkilega skemmtilegt kvöld framundan. Nánari upplýsingar og skráning eru vefsíðunni salteldhus.is eða í síma 551-0171. Salt Eldhús er til húsa að Þórunnartúni 2, Reykjavík.



SKEGGJADUR.IS

Valentínusargjafirnar handa herramanninum

Skeggjadur.is er sérhæfð netverslun með áherslu á snyrtivörur fyrir herra menn. Eftirspurn eftir slíkum vörum hefur aukist gífurlega, segir annar eigandi síðunnar, Egill Jóhannsson, en hann og eiginkona hans, Margrét Ólöf, hafa rekið verslunina síðan um mitt síðasta ár. Þarna spilar inn í að skegg er mjög í tísku nú um stundir og eins og Egill segir: „Menn eru orðnir



meðvitaðir um að snyrtilegt skegg er flottara skegg.“

Áð sögn Egils eru þrjár meginflokkar í skeggvörum: oliur, skeggþvottur/vax og áhöld. „Olian kemur í veg fyrir húðþurrk með því að næra húðina og fyrir vikið losna menn yfirleitt við kláðann sem getur fylgt því að byrja að safna skeggi.“

Skeggjadur.is býður upp á vel á annan tug mismunandi skeggolía, allt frá lyktarlausri upp í mjög afgerandi lykt. „Smekkur manna er mjög mismunandi, sumir vilja sterka lykt í skeggið en aðrir vilja alls enga lykt – oft eru það þó konurnar sem velja lyktina handa

þeim. Vinsælustu gerðirnar eru Gentleman's Blend og Bay Rum hjá þeim sem vilja lykt en Viking Blend olian hjá þeim sem vilja ekki mikla lykt. Svo eru oliurnar með víðar- og sitruslyktinni alltaf klassískar.“

En hvað gera menn þegar skeggið hefur fengið að vaxa í töluverðan tíma? „Við fáum mjög oft fyrirspurnir um hvað sé best að nota til að halda skegginu mótuðu. Þá bendum við á



Framúrskarandi skeggsnyrtivörur á Valentínusartilboði

Í tilefni Valentínusardagsins býður skeggjadur.is upp á þrjú frábær tilboð og er 25% afsláttur af eftirfarandi pökkum. Sjá nánar á skeggjadur.is/sett

Tilboð 1: Mjög góður skeggbursti með villisvinahárum – handgerður. Með fylgir skeggsjampó með frábærri lykt. Sjampóið þurrkar ekki húðina.

Tilboð 2: Vörur frá Kent, burstaframleiðanda sem hefur starfað frá árinu 1777. Raksápuskál úr víði með raksápu, raksápuþursti og lítil greiða í vasann.

Tilboð 3: Greiða sem hægt er að leggja saman, tilvalin í vasann. Gentleman's Blend olía og næring – vinsælasta lyktin frá GBS.

balmið, það er algjör snilld bæði sem skeggþvottur og til að halda því í horfinu. Skeggið verður mýkra og við stingum víst minna,” segir Egill og hlær. Þriðji flokkurinn er áhöld. „Ef ég ætti að mæla með einu góðu áhaldi til að hafa í baðskárnnum hjá skeggjaða herra, þá er það þéttur og góður skeggbursti. Hann bæði hálpar til við að dreifa oliu og næringu ásamt því að það verður auðveldara að móta skeggið þegar búið er að burstu það.“

Allar nánari upplýsingar á skeggjadur.is. Verslunin sendir hvert á land sem er.





SOFDUROTT.IS: VEFVERSLUN FYRIR ÞÁ SEM VILJA SOFA BETUR

Hágæðasængur frá þýska merkinu Kauffmann

Hágæða sængurfatnaður úr náttúrulegum efnum sem sérstaklega miðar að góðum svefni eru helstu einkennin á vöruúrvali í vefversluninni Sofðu rótt. Verslunin er hluti af fyrirtækinu Vitar ehf. sem hefur sérhæft sig í sængurfatnaði og líni fyrir hótél og gisti-hús en býður nú almenningi upp á sængurvörur í gegnum vefverslunina sofdurott.is.

„Í tengslum við hótélbransann áttaði ég mig á því að ég var kominn með framleiðendur í hæsta klassa og fannst ég verða að bjóða hluta af þeirra vörum til sölu til einstaklinga. Sérstaða vöruframboðsins í þessari vefverslun er sú að almennt eru þetta vörur úr náttúrulegum efnum, dún, ull, hör eða bómull. Dúnninn er flokkaður eftir stærð og gæðum sem skýrir verðmun á sængum. Við erum með sængur frá þýska fyrirtækinu Kauffmann sem er einn af virtari sængurframleiðendum í heimi og hefur verið starfandi í tæp 200 ár. Velferð dýra skiptir Kauffmann miklu máli og er fyrirtækið með vottun upp á að allur dúnn sem fer í sængurnar og koddana þeirra sé af dauðum fuglum,“ segir Arnar Þór Jónsson hjá Vitum ehf.

Mikil áhersla á góðan svefn einkennir þessar vörur: „Þegar þú leggst upp í rúm er mikilvægt að hitastigið sé rétt. Margir velja sér mjög hlýja eða heita sæng þar sem þeim þykir hún notaleg. En svo sefurðu kannski ekki nógu vel undir henni þar sem þér verður of heitt. Við bendum fólki á að velja réttu sængina miðað við svefnherbergishita og líkamsþyngd,“ segir Arnar en á vefsíðunni sofdurott.is undir liðnum „Upplýsingar“ er að finna góðar leiðbeiningar um þetta.

Sængin Climabalance frá Kauffmann er sérhönnuð með góðan svefn í huga. „Kauffmann selur þessa sæng



undir einkaleyfi um allan heim. Svefnrannsóknarstöð háskólasjúkrahússins í Regensburg í Þýskalandi gerði rannsókn á áhrifum hita á svefngæði þar sem Climabalance-sængin var borin saman við hefðbundna, samþærilega sæng. Niðurstöðurnar voru

nokkuð afgerandi: Þú ert fljótari að sofna undir Climabalance-sænginni, svefninn verður rólegri, þú vaknar sjaldnar, REM-svefninn lengist og djúpsvefn lengist um allt að 50%. Það svitna allir á næturnar, mismikið þó, og um leið og þú nærð að losa svitann betur í gegnum sængina verður jafnara hitastig undir sænginni.“

Á sofdurott.is er bæði lögð áhersla á há gæði og hagstætt verð. „Við erum ekki í verðsamkeppni við sængur úr gerviefnum en verðlagið á þessum vörum er það sama og úr verslun í Þýskalandi eða annars staðar í Evrópu,“ segir Arnar. Forvitnilegar nýjungar eru framundan í versluninni á næstu

vikum og mánuðum. Þannig eru væntanlegar sængur fyrir þá sem hafa ofnæmi fyrir dún en vilja samt sæng úr náttúrulegum efnum. Enn fremur er væntanlegur vatnsheldur rúmfatnaður sem andar mjög vel og hentar því börnum sem væta rúmið og öðrum með sama vandamál.

Það er því um að gera að fylgjast reglulega með síðunni sofdurott.is.



RESPECTS
ANIMAL
WELFARE
downright down

SKAUTASVELLIÐ Í EGILSHÖLL:

Tveir fyrir einn á Valentínusardaginn

Egilshöll, Fossaleyri 1 Reykjavík, var opnuð árið 2002 og tveimur árum síðar hófst rekstur skautasvellsins þar. Það hefur yfirleitt verið opið á veturna en lokað á sumrin. Í seinni tíð er svellið hins vegar opið fyrir hópa í sérpant-aða tíma á sumrin líka en eftirspurn hefur aukist mikið, annars vegar frá erlendum ferðamönnum og hins vegar frá íslenskum fyrirtækjum sem mæta með starfsmannahópa í skautatíma, en það þykir vera fyrirtaks hópefli. Barnaafmæli á skautasvellinu eru líka afskaplega vinsæl.

Skautasvellið er opið á miðvikudögum og föstudögum frá 17 til 19 og laugardaga og sunnudaga frá 13 til 16. Skautaleiga er á staðnum. Einstaklingar þurfa ekki að panta tíma til að komast á skauta en ef um hópa er að ræða, til dæmis starfsmannahópa eða barnaafmæli, er hringt í síma 664-9604 og pantaður tími.



„Við notum sérstakan íshéfil sem heitir Zamboni til að þrifa skautasvellið. Héfilinn sker efsta lagið af og setur nýtt lag í staðinn,“ segir Egill Gómeiz, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Egilshallar, þegar hann er beðinn um að útskýra hvernig maður viðheldur vélfrystu skautasvelli inni í húsinu. „Snjórinn sem safnast saman fer í stóran kassa sem er framan á heflinum og að lokum er sett 60 gráðu heitt vatn ofan á klakann en þannig verður skautasvellið spegilslétt.“



Íshökkileikur stóð yfir á skautasvellinu þegar myndatökumann bar að. Myndir Sigtryggur Ari

Tilboð á Valentínusardaginn

Það er ákaflega rómantískt og klassískt að fara með elskunni sinni á skauta og er þetta kjörin dægurstytting fyrir pör og hjón í lok vinnudagsins á Valentínusardaginn, næstkomandi miðvikudag, en þá er

skautasvellið einmitt opið frá 17 til 19.

„Í tilefni dagsins verður tveir fyrir einn tilboð á svellið,“ segir Egill. Þetta ætti að hvetja ástfangin pör enn frekar til að gera daginn ógleymanlegan með rómantískri skautiferð á skautasvellið í Egilshöll.

Austurstore.com: Eitthvað alveg sérstakt fyrir fólknið í ræktinni

Austurstore.com er vefverslun sem þróaðist út frá rekstri líkamsræktarstöðvarinnar CF Austur á Egilsstöðum. Þar varð til lítill verslun sem fyrst og fremst var hugsuð til að þjóna gestum líkamsræktarstöðvarinnar með fæðubótarefnum, íþróttafatnaði og fleiru. Þessi starfsemi þróaðist síðan út í innflutning á vörumerkjum til sölu í heildsölu og síðar vefverslun:

„Þetta vatt upp á sig og stækkaði óvart miklu meira og miklu hraðar en við áttum von á. Við erum fjórir eigendur fyrirtækisins en af þeim erum við tvær sem vorum og erum að reyna að vera í fullu starfi við rekstur líkamsræktarstöðvarinnar, við búum á litlum stað með erfiðar samgöngur niður á firði og þar af leiðandi var erfitt að treysta einungis á líkamsræktarstöðina. Út frá því þróaðist þetta í það sem þetta er í dag,“ segir einn af eigendunum, Sonja Ólafsdóttir.

Vefverslunin er á slóðinni austurstore.com og flytur inn vandaðar vörur: „Við erum að flytja inn vörumerki sjálf og er aðaláherslan á það núna. Við reynum að vera með eitthvað alveg sérstakt og einstakt fyrir líkamsræktarfólk. Það nýjasta er BARA Sportswear frá Noregi en þar er um að ræða mjög vandaðan fatnað sem auk þess er þægilegur og endingargóður. Þá má nefna Icon Nutrition fæðubótarefni frá Bretlandi, sem eru sérlega góðar, öruggar og hreinar vörur sem hægt er að treysta. Sem dæmi framleiðað þeir Battle Oats



Við styðjum stolt við bakið á mörgum íslenskum íþróttamönnum, hér má sjá Hafstein Gunnlaugsson eftir eitt wod af mörgum á Íslandsmótiinu í CrossFit 2017

próteinstykkinn sem hafa verið að slá í gegn, grunnurinn í þeim er hafrar eins og nafnið gefur til kynna, þau eru stútfull af næringu og eru í allt öðrum gæðaflokki en önnur sem finnast á markaðinum í dag. Þarna er metnaðurinn í fyrirrúmi og þeir eru stöðugt að bæta vörurnar sínar.“ Austurstore.com hefur stutt við bakið á ungum íþróttamönnum, bæði úr héraðinu og annars staðar frá á landinu, og veitt þeim bæði fæðubótarefni og fatnað: „Þetta er klárlega eitthvað sem við erum hvað stoltust af að geta gert og viljum halda áfram að gera, á heimasíðunni okkar má sjá þá íþróttamenn sem við styðjum,“ segir Sonja. Austurstore.com sendir vörur hvert á land sem er og handan við hornið eru vörusendingar til útlanda líka, en þær verða komnar af stað á næstu dögum.



Núna nálgast Valentínusardagurinn og er kjörið fyrir pör sem æfa saman í ræktinni að gefa hvort öðru vandaðan og fallegan íþróttafatnað á degi elskenda. „Ég mæli þar sérstaklega með BARA merkinu. Þar er ekki síst kostur að buxurnar eru ekki gegnsæjar, nokkuð sem hefur verið vandamál í líkamsræktarfatnaði

kvenna. Strákarnir geta þá óhræddir gefið elskunni sinni BARA buxur án þess að hún verði óþægilega mikið til sýnis í ræktinni,“ segir Sonja.

Hún bætir við að austurstore.com kappkosti að bjóða upp á vandaðar vörur á mjög sanngjörnu verði og hafi



Vinsælustu buxurnar (7.990) og topparnir (4.490)

tekist að ná hagstæðum samningum við erlenda birgja. Margt spennandi er í bígerð og nokkur ný merki væntanleg á þessu ári. Sjá nánar á austurstore.com eða á instagram @austurstore



NUDD OG VELLÍÐAN

Nudd er rómantísk gjöf handa þeim sem þú elskar

Nudd er afskaplega kærleiks-rik og heilsusamleg gjöf, til dæmis á Valentínusardaginn, en núna eru í boði hagstæð gjafabréf hjá nuddstofunni Nudd og vellíðan. Gjafabréfin er hægt að panta á vefsíðu nuddstofunnar, nuddogvellidan.is/kaupa-gjafabref, og eru þau yfirleitt tilbúin til afgreiðslu samdægurs.

Nudd er áhrifarík leið til að draga úr streitu, spennu og verkjum í vöðvum og beinum. Nudd dregur jafnframt úr andlegri streitu og kvíða og vinnur gegn þunglyndi. Nudd og vellíðan býður upp á nokkrar tegundir af hággæðanuddi á sanngjörnu veðri.

Slökunarnudd er meðal þess sem í boði er, en það er endurnærandi og slakandi nudd sem mýkir vöðva og dregur úr spennu í líkamanum. Í partanuddi er lögð áhersla á ákveðin svæði og líkamshluta eftir þörfum hvers og eins. Ípróttanudd miðar að því að auka blóðflæði og flýta endurbata eftir erfið líkamleg átök. Í steinanuddi eru sérstakir steinar notaðir til að hitta á lykilpunkta á líkamanum til að slaka á vöðvum og auka blóðflæði.

Sérstakri nuddtækni er beitt samhliða þessu. Steinanudd er gott fyrir þá sem vilja fá djúpa vöðvaslökun án þess að föstum stökum sé beitt.

Í svæðanuddi er fótanudd þar sem punktar sem hafa áhrif á ákveðin svæði á líkamanum eru örvaðir til að ná fram slökun og vellíðan.

Nýjung: Paranudd!

Paranudd er rómantísk nýjung í boði hjá Nudd og vellíðan. Paranudd hjá Nudd og vellíðan er einstakt að því



leyti að stofan býr yfir sérhannaðri aðstöðu sem leyfir þórum að njóta nuddsins saman og spjalla meðan á nuddinu stendur, í stað þess að vera lokuð af hvort í sínu herberginu.

Gjafabréf í Nudd og vellíðan eru frábær gjöf handa elskunni þinni á Valentínusardaginn. Nudd og vellíðan er til til húsa að Hlíðasmára 2, Kópavogi. Nánari upplýsingar, tímabókanir og gjafakort eru á vefsíðunni nuddogvellidan.is. Einnig er hægt að panta með tölvupósti á netfangið nudd@nuddogvellidan.is og fá nánari upplýsingar í síma 788-0070.



Blómabúíð Runni

STOFNAÐ 1957
HVERAFOLD 1
112 REYKJAVÍK
OPNUNARTÍMI:
10:00 - 19:00
SÍMI: 567 0760






UNNUR ÓLA EINKAÞJÁLFARI:

Frábært að sjá fólk ná markmiðum sínum

Þetta er mjög gefandi starf. Mér finnst þetta algjört æði. Það er svo frábært að geta hjálpað fólk og gert því kleift að ná markmiðum sínum, en vanalega komum við okkur saman um markmið sem viðkomandi ætlar sér að ná á tilteknum tíma, en mikilvægt er að setja sér skammtíma sem og langtíma markmið sem eru raunhæf," segir Unnur Óla, einkaþjálfari í Sporthúsinu Kópavogi. Unnur, sem verður þrítug á þessu ári, hefur stundað íþróttir og líkamsrækt frá unga aldri. Hún hefur keppt á 12 fitness-mótum frá árinu 2008 og orðið bæði Íslandsmeistari og bikarmeistari í móðelfitness.

Þrátt fyrir mikla keppnisreynslu liggur áhugi Unnar fyrst og fremst í bættri heilsu og auknum lífsgæðum, eða eins og Unnur segir: „Að líða vel í eigin skinni er ekki sjálfgefið og þarf í mörgum tilfellum hjálp við það.“ Það lá því beint við fyrir hana að fara í nám í einkaþjálfun og útskrifaðist hún með einkaþjálfararéttindi frá íþróttakademíu Keilis í janúar 2016. Skömmu síðar gerði hún samning við Sporthúsið í Kópavogi og hefur síðan þá starfað við einkaþjálfun með frábærum árangri.

Að sögn Unnar er fjölbreyttur hópur fólks hjá henni í einkaþjálfun, bæði konur og karlar, og með mismunandi markmið eftir ólíku ástandi sínu. „Meirihlutinn er samt með þessi tYPísku markmið, að vilja missa kíló, styrkjast og auka þol. En ég er líka



með nokkra sem vilja bæta á sig vöðvamassa, styrkja og móta líkamann, sem og fólk með einhvers konar meiðsli sem þarf að vinna með. Það hendir að grannvaxið fólk sé ekki í góðu formi og skorti mjög vöðvastyrk og þol þó að óneitanlega þurfi meirihlutinn að missa fitu en allir eiga það sameiginlegt að vilja líða vel líkamlega og andlega og er mikilvægt að einblína ekki bara á einhverja tölu á vigtinni," segir Unnur. „Mataræðið skiptir gríðarlega miklu máli, miklu meira máli en ég held að fólk geri sér grein fyrir en það virðist vera það

sem flestum finnst hvað erfiðast, það er svo mikilvægt að hver og einn finni sinn gullna meðalveg í mataræði, því boð og bönn eru ekkert spennandi en það hentar ekki öllum það sama.“

Þeir sem æfa hjá Unni eru alla jafna mjög lengi hjá henni í þjálfun sem vekur hjá henni ánægju: „Þetta segir manni að maður sé að gera eitthvað rétt. Örfáir hafa verið skemur hjá mér en í þrjá mánuði og ég er með marga sem hafa verið hjá mér í yfir ár. Það er einstaklingsbundið hvað fólk þarf langan tíma undir handleiðslu einkaþjálfara. Sumir þurfa bara einn mánuð til að koma sér í gang eftir til dæmis frí, veikindi eða hreinlega til að fá fjölbreytni í æfingarnar sínar, en hafa sjálfstraustið og agann til að halda síðan áfram sjálfir. Á meðan aðrir hafa minni viljastyrk og þurfa miklu meira og lengra aðhald.“

Unnur Óla býður bæði upp á einkaþjálfun og þjálfun í litlum hópum. Til að panta þjálfun eða fá nánari upplýsingar er best að senda tölvupóst á netfangið unnurola@unnurola.is, hringja í síma 660-6433 eða senda skilaboð á Facebook-síðunni www.facebook.com/UnnurOla. Unnur er líka með opinn Snapchat-aðgang þar sem nokkur þúsund manns fylgjast með henni daglega, SC: [unnurolaiak](https://www.instagram.com/unnurolaiak), sem og [Instagram.com/unnurola.is](https://www.instagram.com/unnurola.is).





Svarið við húsnæðisvandnum: Fullbyggð einbýlis- hús á 22,7 milljónir

HÚSEINING EHF. BOÐAR BYLTINGU Á HÚSNÆÐISMARKAÐNUM

Þetta hefur aldrei áður verið í boði á Íslandi: tilbúin einbýlishús úr verksmiðju, flutt í einu lagi á byggingarstaðinn,“ segir Kjartan Ragnarsson hjá Húseiningu ehf. sem býður nýja og byltingarkennda lausn á húsnæðisvandnum, tilbúin timburhús sem afhendast altílbúin, til dæmis eru tæki á borð við ísskáp og uppþvottavél til staðar í eldhúsinu, og þvottavél er einnig á meðal tækja í þessum húsum. Húsin eru framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri. Gluggar og hurðir eru úr PVC þýskum prófil, lágmarks viðhald. Húsin eru 73 fermetrar en þar bætist við 30 fermetra verönd þar sem er heitur pottur.

Húsin eru flutt í einu lagi á byggingarstaðinn, á stórum flatvögnum í samráði við Samgöngustofu. Byggingartími er stuttur án þess að það bitni á gæðum sem eru veruleg enda hefur þessi vara verið í þróun í langan tíma en er núna tilbúin til framleiðslu.

Smart einbýli inn í nýja tíma

Húseining ehf. er til húsa að Hraunholti 1 í Vogum á Vatnsleysuströnd í 3.000 fermetra verkmiðjuhúsnæði. „Við búum svo vel að hafa hér 11 metra lofthæð með hlaupakrönnum í loftinu þannig að við getum hið svona hús upp á vagnana inni í verkmiðjunni og keyrt með þau héðan beint á staðinn þar sem þau eiga að standa í framtíðinni. Við verðum aldrei stöpp í framleiðslu út af veðri, við vinnum innanhúss og getum unnið alla daga.



Og nú stytum við reisingatímann á Twin Wall einbýlishúsum um allt að 80% með því að klæða einingarnar að fullu að utan í verkmiðju. Einingarnar eru með glerjuðum gluggum, hurðum, vatnsbrettum, sem sagt tilbúnar að reisa á sökkli sem fyrir er. Myndir Sigtryggur Ari.

Húsin eru byggð við bestu hugsanlegu aðstæður,“ segir Kjartan.

„Húsin kosta aðeins 22,7 milljónir króna við verkmiðjudyr, með forsteyptum, sérhönnuðum sökklum og öllum teikningum. Húsin eru frábær lausn fyrir þá sem hafa ekki efni á að komast út á húsnæðismarkaðinn við núverandi ástand, þar sem blokkaríbúðir kosta oft yfir 50 milljónir. Þessi hús eru lausn fyrir þá sem sitja fastir í foreldrahúsum þar sem þeir hafa ekki fengið tækifæri til að eignast húsnæði við núverandi markaðsstæður. Auk þess eru þessi hús almennt góður kostur fyrir þá sem hafa hug á að

kaupa fasteign, til dæmis fólk sem er að byrja að búa, eldra fólk sem er að selja húsnæði sitt og vill minnka við sig, og einnig þá sem dvelja í útlöndum sér til heilsubótar yfir veturinn en vilja eyða besta hluta ársins á okkar annars fallega Íslandi.

Vill setja niður 100 hús í Reykjavík í fyrsta áfanga!

Þegar haft var samband við Kjartan vegna þessarar greinar var hann að ganga frá umsókn um leyfi til að setja niður 100 hús á svæði í útjaðri Reykjavíkur, en í heildina er verið að horfa á 500 hús. Er umsóknin jafnframt svar



við auglýsingu frá Reykjavíkurborg nýlega þar sem óskað var eftir hugmyndum að ódýrari húsum og nýrri hugsun á húsnæðismarkaðnum:

„Þeir bjóða friar lóðir og þetta er okkar lausn í málinu,“ segir Kjartan.

Sjö manns starfa nú við byggingarverkmiðju Húseiningar í Vogum en gert er ráð fyrir að starfsfólki muni fjölga á komandi mánuðum. Nokkur bæjarfélög hafa nú þegar sýnt áhuga á að fá 20–30 húsa hverfi til að svara húsnæðisþörfinni, en hún er mjög brýn í mörgum sveitarfélögum.

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum www.huseining.is.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir sem eru í túristaleigu



Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

VANTAR EIGNIR Á SKRÁ Mikil sala og fjöldi fyrirspurna

Hefur þú kynnt þér kosti
þess að búa í Hveragerði?

Farsæl þjónusta
í 30 ár



Kristinn G Kristjánsson
Lögg. fasteignasali
Gsm 892-9330




Thelma Rós
Kristinsdóttir
Ritari / umsýsla skjala



F A S T E I G N A M I Ð L U N
Breiðumörk 13 • 810 Hveragerði • Sími: 483 5900

Tímavélin



EINKAMAL

Óska eftir konu, sem kann að baka lummur, á aldrinum 23-35 ára. Uppl. í síma 16474.

Gamla auglýsingin

Vísir, 19.7.1974



Zulu Stamp á Þórscafé

Einn vinsælasti samkvæmisdansinn í Bandaríkjunum og Evrópu hóf innreið sína í Ísland árið 1964, hinn svonefndi Zulu Stamp. Íslensk ungmenni tóku hann upp og dönsuðu af mikilli elju á Þórscafé og öðrum skemmtistöðum Reykjavíkur. Blaðamaður Tímans spurði einn dansarann hvernig ætti að bera sig að og gaf hann þá skýringu að maður ætti að láta eins og maður væri fastur í leðju en losnaði svo skyndilega. Eigendur Þórscafé voru þó ekki sérlega hrifnir af þessari nýju tísku. Stálhælar voru þá komnir í tísku og Zulu-stampandi kvenfólk fór illa með gólfid á staðnum. „Hér liggja öll gólfteppi og parketgólfið sömuleiðis undir skemmdum vegna þessara stálfleyga,“ var haft á orði.



Skunk Anansie spilaði á þaki DV

Breska rokksvæitin Skunk Anansie var ein sú vinsælasta hér á landi á tíunda áratug síðustu aldar. Árið 1997 spilaði sveitin tvisvar í Laugardalshöll, í maí og september. Í seinni heimsókninni heimsóttu Skin og félagar DV í Þverholti og spiluðu tvö lög á þaki hússins, líkt og Bítlarnir forðum í höfuðstöðvum Apple Corps í London, fyrir um tvö þúsund áhorfendur. Uppákomunni var sjónvarpað á Stöð 2 og eftir hana sat hljómsveitin fyrir svörum í beinni línu hjá DV. Voru þau spurð út í ýmislegt er tengdist komu þeirra hingað en einnig annað. Um nýlegt fráfall Diónu prinsessu sagði trommarinn Mark: „Þetta var hörmulegt en við þekktum konuna ekki neitt. Snerti okkur ekki svo mikið.“

Trölli, Sammi, Paddington og api með starandi augnaráð

■ Myntsafnið heldur utan um sparibaukana ■ Erfitt að finna Trölla og Trínu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Að geyma mynt í sparibauk er hefð sem nær aftur til annarrar aldar fyrir Krist. Forngríkkir geymdu peninga í baukum sem litu út eins og musteri. Á miðöldum geymdu Evrópubúar mynt í baukum úr svokölluðum „pygg-leir“ sem þróadist út í að farið var að tala um sparigrísi. Fyrstu eiginlegu sparigrísirnir komu einnig fram á miðöldum í Indónesíu í líkneski villisvína.

Erlendis hefur svínsformið á sparibaukum fest í sessi en hér á Íslandi heyrir það til undantekninga ef sparibaukur er svín. DV heim sótti Myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafnsins til að fræðast um íslenska sparibauka sem framleiddir hafa verið í gegnum tíðina.

Dyggð að spara

Sigurður H. Pálmason er safnstjóri hjá Myntsafninu en hann rak áður Safnaramiðstöðina við Hverfisgötu. Nýlega var ráðist í átak hjá safninu að ná í þá íslensku bauka sem í boði hafa verið hér á landi. Sigurður segir: „Við tókum af skarið og reyndum að ná í sem flesta bauka meðan þeir eru enn þá til. En aðeins þá sem gefnir voru út af bönkunum.“ Nokkuð hefur safnast af baukum en enn er mikið verk óunnið og Sigurður veit um marga sem vantar í safnið. „Ég veit um þrjá safnara sem safna þeim og ég er með nokkra safnara sem eru með augun opin fyrir mig og láta mig vita af baukum sem okkur vantar.“

Hér á Íslandi var það innprentað í almenning í áratugi, bæði af stjórnvöldum og bönkum, að sparnaður væri megindyggð. Skortur var á lausafé og lánsfé og kynslóðir ólust upp við skömmunarmiða. Árið 1957 voru sett lög um 15 prósentu skyldusparnað fólks á aldrinum 16 til 25 ára. Sá hluti launanna var greiddur út í svokölluðum sparimerkjum sem límd voru í bók og innleyst við 26 ára aldur. Hægt var þó að fá undanþágu vegna giftingar, íbúðarkaupa eða náms. Þessi löggjöf var ekki afnumin fyrr en árið 1993.

Til að hvetja börn til að spara gripu bankarnir til þess ráðs að hanna líflega og glæsilega sparibauka sem urðu eiginlegar persónur með baksögu, rödd og viðveru. Á sjöunda og áttunda áratugnum hófst samkeppni milli bankanna um sparnað barnanna og var miklu til kostnað í auglýsingaherferðum. Sigurður sýndi okkur merkustu baukana.

Oddfellow-baukurinn og Bankabókin – Landsbankinn

Oddfellow-baukurinn var sá fyrsti sem gefinn var út hér á landi, árið 1903, og var hann langt á undan sinni samtíð því að eftir hann er stórt gat í sparibaukaframleiðslu.



Sigurður H. Pálmason
„Hann var með svo starandi augnaráð. Það var eiginlega nokkuð óþægilegt að horfa á hann.“
MYND SIGTRYGGURARI

Baukurinn var úr kopar og framleiddur í samstarfi við Oddfellow-regluna. „Hver baukur var með sitt númer. Ég veit um fjögur eintök af þessum bauk sem hafa varðveist.“ Baukurinn kostaði 10 krónur sem var mikið fé á þeim tíma. Bankastarfsmaður kom heim að dyrum til að losa baukinn og greiða þurfti 5 auru fyrir vikið.

Seinna gaf Landsbankinn út bauka sem voru í laginu eins og bankabók og urðu mjög vinsælir. „En aðeins var hægt að opna þá í bönkunum. Þeir voru rammfastir og það voru tennur sem læstu fyrir þegar peningur var settur ofan í þá.“



Trölli – Útvegsbankinn

Fuglinn Trölli kom fram í upphafi áttunda áratugarins og varð einn vinsælasti sparibaukur sögunnar. Einnig var kvenkyns útgáfa sem lengi var nafnlaus en fékk síðan nafnið Trína í verðlaunaleik Æskunnar árið 1972. Útvegsbankinn notaði Trölla og Trínu fram yfir gjaldmiðilsbreytinguna árið 1980 þegar verðmæti smámyntar hundraðfaldaðist. Trölli var einna þekktastur fyrir letilegt kántrílag sem notað var í auglýsingum og hefst á textanum:

„Í kalli mínum geymi ég gullið, sem gríp ég höndum tveim. Svo fæ ég vexti og vaxtavexti, og vexti líka af þeim“

Sigurður segir erfitt að finna góð eintök af Trölla eða Trínu í dag:

„Nánast allir átta Trölla en einhverja hluta vegna er mjög erfitt að finna hann. Annaðhvort lætur fólk hann ekki frá sér eða að flestum baukunum hefur verið hent þar sem hann var svo algengur. Krakkarnir voru að bursta á honum hárið og ég hef séð hann með svakalegar hárgreiðslur, með slaufur og alls konar.“



Máni, Bjösssi og Sammi – Samvinnubankinn

Máni og Bjösssi voru baukar Samvinnubankans á sjöunda áratugnum. Máni var hálfgerður broskall í jakkafötum en Bjösssi bangsi í rauðum smekkbuxum. Báðir átta þeir ódauðleg slagorð. Máni segir: „Meiri vandi er að gæta fengins fjár en afla þess“ og Bjösssi: „Betri er króna í Bjösssa en tvær í sjoppu.“

Sammi var baukur bankans á níunda áratugnum. Hann var stór og þéttur karl í jakkafötum, með hatt og skjalatösku. Næstum eins og karikatúr af bankamanni eða ríkisbubba. Hægt var að fá Samma í þremur litum, gulan, grænan eða bláan og honum fylgdi óbundinn verðtryggtur sparireikningur, Sammabók. Sammi tók mikið pláss á gluggakistum barna úr Framsóknarfjölskyldum.

Skápurinn, apinn og Paddington – Búnaðarbankinn

Búnaðarbankinn gaf út marga sparibauka sem slógu í gegn. Þá fyrstu á sjöunda áratugnum sem litu út eins og peningaskápar. „Þessi er

sígildur. Vinur minn kenndi mér hvernig ætti að pikka hann upp. Maður tosaði og sneri nokkrum sinnum.“ Sigurður sýnir hvernig þetta er gert eins og fimasti innbrotspjófur. „Þetta er í raun frekar einfalt en þegar ég var lítill var mikill sigur að ná að opna hann.“

Síðar kom út flennistór baukur í líki simpansa. Hægt var að fá hann í rauðum og bláum lit. „Hann var með svo starandi augnaráð. Það var eiginlega nokkuð óþægilegt að horfa á hann.“

Á níunda áratugnum gaf bankinn út fjölmarga vinsæla bauka. Meðal annars víkinginn, kengúrana, húsið, krókóðilinn og hundinn úr Eldfærnum. Sá vinsælasti var þó sennilega Paddington-bangsi sem hægt var að fá í tveimur stærðum. Á tíunda áratugnum tóku svo snjófólkið Snæfínnur og Snædís við.



Króni og Króna – Sparisjóðirnir

Krakkar sem aldir voru upp í viðskiptum við Sparisjóðina þekktu Krónu og Króna vel enda voru þau notuð um langa hríð. Þau

komu fyrst fram í Stundinni okkar árið 1991 þar sem þau börðust við Eyðsluklærnar. „Króni og Króna voru gefin út í alls konar útgáfum og litum. Sumar útgáfurnar voru meira að segja handmálaðar.“



Í fyrstu utanlandsferðinni 83 ára, leist vel á vændiskonur en verr á flóttafólk

„Uppljómuð kvennabúr“ í Antwerpen og „mórauðir labbakútar“ í Hamborg

Skaftfellingurinn Stefán Filippusson þekkti land sitt betur en flestir aðrir samtímamenn hans og vann hann sem leiðsögumaður fyrir erlenda ferðamenn til margra ára. Á erlendri grund var hann síður kunnugur og hélt hann í fyrsta skipti utan árið 1953 þegar hann var 83 ára gamall. Vann hann þá utanlandsferð í happdrætti Sjálfstæðisflokksins og ritaði ferðasögu sína í Lesbók Morgunblaðsins um haustið.

Sjóveikar ungmeyjar og lélegir hestar

Stefán valdi að fara með skipinu Goðafossi í júlímánuði vegna þess að það fór um fleiri lönd en önnur skip sem í boði voru. Alls ferðaðist Stefán um fimm lönd: Bretland, Írland, Þýskaland, Holland og Belgíu. Siglt var frá Hafnarfirði suður með Færeyjum og til Írlands. Stefán segir: „Eitthvað fór þá að gutla í sjó svo að blessaðar ungu konurnar, sem í skipinu voru, tóku sjósótt, en ég gaf þeim góðar pillur og hressust þær svo að daginn eftir voru þær allar kátar og brosandí út að eyrum.“

Sveitamaðurinn gamli fann sjálfur ekki fyrir sjóveiki en breyting klukkunnar og dimmar sumarnætur rugluðu hann í ríminu. Missti hann næstum af morgunverðinum vegna þessa. Á Írlandi var hann hrifinn af fólki og náttúru en síður af stórum hestunum. „Ekki leizt mér þeir reiðhestlegir og ekki hefði ég viljað hafa þá í langferðum um öræfi Íslands.“



Stefán Filippusson „Þá leizt mér nú ekki á blikuna og vildi ekki verða bergnuminn af þeim huldumeyjum, svo að ég hypjaði mig burt.“

Jómfrúr í gluggunum

Þá var siglt til Antwerpen í Belgíu og Stefáni var fylgt inn í borgina af vélstjóranum Ingvari Björnssyni. „Honum var trúandi fyrir þessum álf, sem var eins og hálfviti í stórborg.“ Þeir skoðuðu reisulegar kaþólskar kirkjur, ráðhús, verslunarhús og torg borgarinnar. Loks kom að því að Ingvar dró gamla manninn að „verslunargötu“ einni sem Stefán segist ekki hafa séð eftir að heimsækja.

Lýsti hann götunni svo: „Þarna

voru þá uppljómuð kvennabúr, þar sem ljómandi jómfrúr sýndu sig í gluggunum, en aðra verslunarvöru var þar ekki að hafa. Ég hefði óefað keypt eina, ef ég hefði treyst mér að fá innflutningsleyfi á hana á Íslandi. Og mér fannst þeim lítast vel á mig, svo að ég gekk nær.“

Ingvar varaði þá Stefán gamla við og sagði að þær gætu tekið hatt hans. Karlinn sagði að það væri lítil fyrirstaða en Ingvar sagði þá að þær myndu jafnvel stökkva út tvær eða þrjár og hrífa hann sjálf-

„Ég hefði óefað keypt eina, ef ég hefði treyst mér að fá innflutningsleyfi á hana á Íslandi.“

an inn. „Þá leizt mér nú ekki á blikuna og vildi ekki verða bergnuminn af þeim huldumeyjum, svo að ég hypjaði mig burt.“

Mórauðir labbakútar af öðrum kynþáttum

Ferðaðist Stefán nú víða með hópnum, til Rotterdam í Hollandi og Hamborg í Þýskalandi. Í Hamborg komst hann í kynni við fólk af öðrum kynþáttum sem ekki var mikið um í Skaftafellssýslunum. „Þarna var víst margt um flóttafólk og þarna sá ég mórauða labbakúta, lága og varaþykka, voru þeir í hópum og hafa líklega verið af skipum. Annars var fólkíð myndarlegt og þar var lítið um götulýð.“

Í heimferðinni var komið við í Hull en þar var hafnarverkfall og fólkíð varð að halda um kyrrt í Goðafossi. Var þá drukkið og spilað á nikku. „Ég reyndi að dansa, en var víxlaður. Skipstjórinn sagði við mig: Ekki hefði ég kært mig um að hafa þig um borð, Stefán, hefðirðu verið 60 árum yngri.“ Eftir að hafa loksins fengið að skoða Hull var haldið til Íslands. „Mér finnst ég hafa séð nóg og hlakka eins mikið til að koma heim og ég hlakkaði til að sigla út í lönd.“ ■

Grímsstaða-annáll 1706

„Á Eyrarbakka giptist kona áttæð tvisögum manni, og vildi skila honum aptur, þá árið höfðu saman verið, og sagt hann væri impotens“



Ókeypiss getnaðarvarnir eða frjálsar fóstureyðingar

Lög sem heimiluðu fóstureyðingar við sérstakar aðstæður voru samþykkt 11. júní árið 1975, en um vorið höfðu verið fjörugar umræður á Alþingi um málið. Ragnhildur Helgadóttir, heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins, taldi að fóstureyðing væri ekki mál konunnar einnar heldur einnig föður og þjóf-félagsins alls. Magnús Kjartansson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra Alþýðubandalagsins, hafði lagt til að ákvörðunin yrði alfarið konunnar. Deildu þau um einnig um hlutverk getnaðarvarna í þessu samhengi og hvort fóstureyðingar myndu leiða til kæruleysis í þeim málum. Stúdenta-ráð Háskóla Íslands skipti sér af málinu og krafðist ókeypis getnaðarvarna án aukaverkana ella þyrftu fóstureyðingar að vera algerlega frjálsar.

Sá dreka í Rangárvallasýslu

Maðurinn varð að snúa við eftir að hesturinn fældist

Íannálum bregður fyrir frásögnum af kynjaskepnum og atburðum sem kunna að virðast ótrúlegir sé lítið á þá með augum nútímans. Í Skarðsárannál segir stuttlega frá rímmu manns við dreka árið 1595:

„Einn maður sá svofellda sýn. Hann reið frá Odda í suður. Hann sá fljúga dreka í lofti neðarlega, álíka sem lindormur er uppka-staður. Var allt í rauðum loga, fór vestan og þráðbeint austur. Varð maðurinn aftur að snúa, því hesturinn vildi hvergi ganga, en hvorki sakaði manninn né hestinn.“

Á sama stað er lýst ferfættu og hábeinóttu skrímsli sem sást við Háeyri á Eyrarbakka. „Með hundshöfuð eða hérahöfuð, eyru stór sem íleppar, lágu þau á hrygginn aftur, bolurinn var sem folaldskroppur.“

Fyrirboði eldgos eða samansafn óútskýrðra fyrirbæra

Arngrímur Vídalín, íslenskufræðingur og einn helsti fræðimaður um íslensk skrímsli, segir að yfirleitt sé enga góða skýringu að finna af slíkum frásögnum. Aðallega vegna þess að formið sé knappt og óljóst hvað átt sé við í




Dreki Gæti táknað eldgos eða stórbruna.

mörgum tilvikum. Hann bendir þó á að í eldri færslum sé oft um afritun úr erlendum ritum að ræða. „Íslendingar voru að sjá blóðregn, þrjá mána með krossi á þeim í miðjunni, halastjörnur og ég veit ekki hvað og hvað.“ Gat þetta þá táknað einhverja

hluti úr Biblíunni svo sem krossfestinguna eða dómsdag.

Færslur gátu einnig staðið sem tákmyndir fyrir einhverja atburði. Færsla um logandi dreka gæti átt að tákna eldgos eða stórbruna sem skráður var síðar. Á 16. öld hafði fólk mikinn áhuga á

furðuskepnum og sumir töldu sig hafa séð slíkar verur. Þetta gæti því verið sjálfstæð frásögn fremur en fyrirboði. „Fyrst skrímslið hitt dúkkar upp líka þá virkar þetta á mig eins og samansafn óútskýrðra fyrirbæra sem sögusagnir hafa verið um í héraðinu.“ ■



Braut falskar tennur eftir þorrablót

Þorrablótíð í Álftafirði, nálægt Djúpavogi, árið 1996 gekk ekki áfallalaust fyrir sig. Fólk var keyrt í rútu heim í Djúpavog eftir skemmtunina en í rúttunni svaf einn maður á þrítugsaldri ölvunarsvefni. Þegar hann var vakinn brást hann hinn versti við, gekk berserksgang og lamdi fólk. Ökumaður náði að forða sumu fólki út úr rúttunni en ók því næst niður að bryggju til að ná í liðsauka til að yfirbuga manninn. Því næst var manninum komið í varðhald lögreglunnar á Fáskrúðsfirði. Margir voru sárir og marðir eftir manninn. Einn stóð uppi með brotnar tennur og falskur gómur manns á áttæðisaldri var brotinn.

SAKAMÁL



5,5 ára fangelsi fékk 26 ára áströlsk kona, Christine Tupu, í „brúðkaupsgjöf“ frá áströlskum yfirvöldum. Christine hafði ávallt dreymt um prinsessubrúðkaup. Svo að sú gæti orðið raunin dró hún, með bókhaldsbrellum, sér fé frá vinnuveitanda sínum, Electrolux. Upp úr krafsinu hafði hún andvirði rúmlega 25 milljóna króna. Upp komast svik um síðir og fyrstu ár hjónabandsins verða sennilega ekki draumi líkust.

FORSMÁÐUR FAUTI

Stephen greip til óyndisúrræða þegar Rana rak hann á dyr

Stephen Griffiths, Breta um fertugt, var ekki skemmt þegar 35 ára sambýliskona hans, Rana Faruqui, sagðist vera búinn að fá nóg af ofbeldisfullu lundarfari hans og sagði honum að hirða sitt hafurtask og láta sig hverfa. Þau höfðu hist í október 2002, fellt hugi saman og Stephen flutt inn til Rönu, í þorpinu Farnham Common í Buckinghamskíri, skömmu síðar.

Í apríl 2003 stóð sambandið sem sagt á brauðfótum og Rana gaf Stephen reisupassann. Stephen fullyrði að hann ætti húsið og þurfti að fá lögreglu til að taka af honum lyklna. Í ljós kom að hann átti aukasett því hann sást í það minnsta fjórum sinnum fara inn í húsið eftir það.

Áreitni og njósnir

Stephen tók þann pól í hæðina að áreita Rönu í tíma og ótíma og njósna um ferðir hennar. Hann rannsakaði innihald ruslatunnu hennar og tók myndir af henni og bíl hennar.

Til að fá aðgang að Royal Windsor-hestasýningunni, tamningakeppni sem Rana tók þátt í, þóttist hann vera ljósmyndari. Stephen reyndi jafnvel að fá móður Rönu í lið með sér og sýndi henni kynningu í fartölvu sinni; kynningin var hluti af áætlun

„Sagði hann að hann hefði viljað „að hún fyndi til sársauka eins og ég“.

Stephens til að fá Rönu á ný.

Tilraunir Stephens báru lítinn árangur og skyldi engan undra.

Bremsurör klippt

Rana hafði um sex mánaða skeið ítrekað haft samband við lögreglu vegna ofsókna Stephens. Í síðasta skiptið, 18. júlí 2003, hafði Rana samband við lögregluna og lét vita að bremsurör BMW-bifreiðar hennar hefði verið klippt í sundur. Lögreglan aðhafðist ekkert vegna þess erindis og hálfum mánuði síðar, 2. ágúst, stakk Stephen Rönu til bana á Jennings Farm í Burnham, þar sem hún hafði hest sinn Toby á húsi.

Rana myrt

Rana var að tjóðra hestinn þegar hún sá Stephen nálgast. Umsvifalaust hafði hún samband við Neyðarlínuna og heyrði sá sem svaraði Rönu kalla: „Þér er ekki heimilt að nálgast mig á nokkurn hátt, Steve ... Steve láttu mig í friði, láttu mig í friði ...“

Skömmu síðar heyrðust



Rana Faruqui var myrt af fyrrverandi sambýlismanni sínum.



Lét sér ekki segjast Stephen Griffiths fékk fjölda viðvarana frá lögreglunni.

örvæntingarfull óp Rönu sem barðist fyrir lífi sínu.

Líkið af Rönu fannst síðar í hrossarétt á Jennings Farm, liggjandi við fætur Tobys.

Leitar til læknis

Fimm dögum eftir morðið leit aði Stephen á náðir lækna. Hann hringdi á sjúkrahúsi vegna áverka á úlnliðum og hægri fótlegg. Á sjúkrahúsi í Oxford var blóð sem var á buxum hans sent í rannsókn og niðurstaðan var að það væri úr honum og Rönu. Hann var hand-

tekinn á sjúkrahúsinu.

Réttað var yfir Stephen undir lok árs 2004 og sagði hann að hann hefði viljað „að hún fyndi til sársauka eins og ég“. Ekki var Stephen að ýkja því hann stakk Rönu tólf sinnum; í fótleggi, bak, rasskinnar og hjarta.

Útbúnaður fyrir hrelli

Í kjölfar handtökunnar rannsakaði lögreglan híbýli Stephens á tjaldstæði þar sem hann hafði haldið til. Þar fundust þrjú hnifar, sjón-

auki, sprautur, rottueitur, eitur-sódi og barefli.

Tvær bækur fundust einnig, The Stalker og Unnatural Death, og teygjubyssa, kúbein, tvær sagir, vinnuvettlingar, öxi og reipi.

Stephen játaði sig sekan um morðið á Rönu og 13. desember, 2004, fékk hann lífstíðardóm og úrskurðað að hann skyldi afplána minnst 12 ár og hálfu betur. Örfáum vikum síðar var dómurinn þyngdur; lágmarksafplánun skyldi verða 16 og hálf ár. ■

FAÐUSKORTUR Á F

Sex manns lögðu upp í gulleitarleiðangur, en aðeins einn sneri til baka

Alfred Packer hét maður frá Allegheny-sýslu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Alfred fæddist árið 1842 og varð síðar á lífsleiðinni þekktur sem hvort tveggja Alfred og Alferd. Síðara nafnið var tilkomið vegna misritaðs húðflúrs sem hann bar.

Nú Alferd þessi barðist með sambandssinum í borgarastyrjöldinni, oft nefnd þrælastríðið, í Norður-Ameríku sem geisaði 1861–1865. Síðar gerðist Alferd gulleitarmaður og 9. febrúar, 1874, lagði hann upp í leiðangur við sjötta mann.

Hreptu slæmt veður

Ferðafélagar Alferds voru Shannon Wilson Bell, James Humphrey, Frank „Reddy“ Miller, George „California“ Noon og Israel Swan.

Þrátt fyrir viðvaranir um að vænta væri vályndra veðra settu þeir stefnuna á Klettafjöll í Colorado. Það var eins og við manninn mælt að í Klettafjöllum, nánar tiltekið á San Juan-fjallgarðinum, urðu þeir félagar að láta staðar numið vegna gríðarlegs fannfergis.

Frásögn Alferds

Áður en langt um leið fór að ganga verulega á birgðir sexmenninganna og, að eigin sögn, lagði Alferd land undir fót í von um að finna eitthvað matarkyns.

Þegar hann kom aftur til búðanna greip hann, aftur að eigin sögn, Shannon Wilson glóðvolgan þar sem hann sat að snæðingi. Uppistaða máltíðarinnar var einn af félögum.

Þegar Shannon Wilson varð Alferds var ræðst hann á Alferd

með öxi. Alferd sagðist ekki hafa átt annan kost í stöðunni en að skjóta Shannon Wilson til bana.

Og þá var eftir einn

Alferd kom til byggða 16. apríl og sagði farir sínar ekki sléttar; að Shannon Wilson hefði sturlast og ráðið hinum bana. Síðar viðurkenndi hann að þegar sá elsti þeirra féлага, Israel Swan, sálaðist þá hefðu hinir, sökum slæms aðbúnaðar neyðst til að leggja hann sér til munns.

Fjórum eða fimm dögum síðar hefði James Humphrey skilið við og „var einnig etinn“. Sömu sögu var að segja af Frank Miller, sem dó af „slysförum“, banamein hans mun reyndar hafa verið skóflublað í höfuðið, og George Noon. Alferd sagðist, að lokum, hafa banað Shannon Wilson „í sjálfsvörn“.

Játning Alferds

Nú leið tíminn og var fátt fréttá af Alferd karlinum. Dró heldur betur til tíðinda 5. ágúst, þetta sama ár, þegar hann viðurkenndi að hafa drepið ferðaféлага sína, alla fimm. Það gerði hann eftir að líkamsleifar féлага hans höfðu fundist og ástand þeirra stangaðist á við frásögn hans.

Sagan segir að dómurinn í máli Alferds hafi sagt: „Bölvður sértu, Alferd Packer! Það voru sjö „dimmycrats“ (demókratar) í Hinsdale-sýslu og þú hefur etið fimm þeirra.“

Hið snarasta var Alferd stungið í steininn en tókst að sleppa og fór í felur.

Dauðadómur og náðun

Hinn 11. mars, 1883, var hulunni svipt af Alferd Packer



Alferd/Alfred Packer Andaðist frjáls maður árið 1907.

í Cheyenne í Wyoming. Alferd, sem hafði gengið undir nafninu John Schwartze, var handtekinn fyrir morð.

HÖRMULEG HENGING

Böðlinum William Marwood voru mislagðar hendur í síðustu aftöku sinni

Breski böðullinn William Marwood var ágætlega afkastamikill á sínum tíma. Laugardaginn 4. ágúst, 1883, gekk William inn á Dun Cow-krána í Durham í Durhamsýslu á Englandi. Innkoma hans vakti þónokkra eftirtekt og margir þeirra sem þar sátu og kneufuðu sitt öl eða hvað það nú var vissu hver þar var á ferðinni.

Sumir vissu að hann var skósmiður og aðrir að hann hafði annað starf með höndum og í því hengt 175 manns; karlmenn og kvenmenn.

William hafði áður verið á ferð í Durham og þá gist á Dun Cow-kránni. Honum hafði líkað það vel kannski ekki síst vegna þess að þaðan var stutt í fangelsi borgarinnar.


Verkefni Williams

Í þetta sinn var erindi Williams Marwood að senda 38 ára karlmann, James Burton, yfir í eilífðina með lykkju um hálsinn. James var verkamaður frá Sunderland og hafði unnið sér það til saka að verða 18 ára eiginkonu sinni, Elizabeth, að bana tveimur og hálfum mánuði fyrr, þann 18. maí 1883.

James Burton, sem var sonur lögreglumanns, og Elizabeth höfðu verið á leið heim til föður hennar. Þegar þau voru komin til Tunstally, skammt frá Sunderland, fóru þau að rifast og lét James hendur skipta. Elizabeth launaði höggið með því að reka regnhlíf sína í kviðinn á James.

Rifrildi leiðir til morðs

Svo virðist sem James hafi gjör-



Samtímamynd frá hengingu James Burton Böðullinn og vörður hífa hinn dauðadæmda upp úr gatinu.

samega misst stjórn á skapi sínu því hann barði Elizabeth til bana með stórum stein. Síðan huldi hann líkið undir grjóthrúgu, en það var þó skammgóður vermir því það uppgötvaðist fljótlega.

Eftir að James var handtekinn þráaðist hann við og hélt fram sakleysi sínu. Ekki fyrr en tveimur dögum fyrir aftökuna sá hann sitt óvænna, brotnaði niður og lýsti sig sekan.

En sem sagt í ágústbyrjun var William Marwood mættur til að sjá til þess að aftakan færi fram þannig að sómi væri að. Þegar þarna var komið sögu var William farinn að reskjast, en hengingarfræðin kunni hann upp á tíu, eða svo hugðu menn, og þann 6. ágúst skyldi James finna það af eigin raun.

„Guð hjálpi mér,“ voru síðustu orð James og slátturinn á reipinu var slíkur að það tók böðullinn drjúga stund að stilla það.

Ótrúlegt klúður

William Marwood reiknaðist til að hefjalegt fall fyrir James, í ljósi líkamsburða hans, væri 2,42 metrar og þar sem James stóð við fallhlerann virtist ekkert geta komið í veg fyrir eðlilegan framgang. Fallhlerinn opnaðist og fyrir einhverja óluku sveiflaðist reipið óhemjumið til og flæktist undir handarkrika James. Fyrir vikið hékk hann hálfur upp úr gatinu og ljóst að honum hafði liðið betur.

Með aðstoð varðar hífði William hinn dauðadæmda aftur upp á skörina og gerði upp reipið. Einnig lagaði hann hettuna á höfði James, en hún hafði losnað.

Meðan á þessu stóð var James á hnjúnum og reyndi eftir bestu getu að ná andanum. William lét nú hendur standa fram úr ermum og á meðan James var í miðjum andköfum þeytti William honum niður um gatið og dró ekki af. „Guð hjálpi mér,“ voru síðustu orð James og slátturinn á reipinu var slíkur að það tók böðullinn drjúga stund að stilla það.


Ekki í fyrsta sinn

Fljótt flýgur fiskisagan og þess var skammt að bíða að frásagnir

af þessari vægast sagt mislukkðu hengingu bærust þingheimi og fannst sumum ástæða til að fylgjast betur með böðlum og atgervi þeirra. Einnig var velt upp möguleikum á öðrum aðferðum til að senda dauðadæmt fólk úr jarðlífinu, til dæmis með notkun eiturs eða rafmagns. Einnig kom upp úr kafinu að William Marwood hafði fyrir ekki svo löngu klúðrað að hengingu í Galway. Þá ku reipið hafa flækst og William hafa teygt annan fótinn niður í gatið og reynt að losa flækjuna með því að sparka í hana og hrópað: „Vesnið með þennan mann.“

Umfjöllun The Sunderland Echo

Í blöðum þess tíma voru leiddar að því líkur að William Marwood hefði verið við skál þegar hann hengdi James Burton. Á meðal þeirra dagblaða sem veltu þeim möguleika fyrir sér var The Sunderland Echo. Í blaðinu sagði enn fremur: „Ef Marwood gerir skó jafn afleiðlega og hann hengir



Afkastamikill böðull Sendi hátt í tvö hundruð manns yfir móðuna miklu.

morðingja er ekki að undra að hann þurfi að afla sér eins eða tveggja punda aukreitis með því að gerast embættismaður krúnunnar.“ Echo bætti um betur og sagði fullum fetum að tími dauðrefsingar væri að renna sitt skeið og „tími til kominn að stíga skrefið að afnámi hennar.“

Af William Marwood er það að segja að henging James Burton var síðasta aftaka hans. Tæpum mánuði eftir aftökuna fékk hann lungnabólgu sem dró hann til dauða. ■

HÖLLUM



Líkamsleifar féлага Alferds Mynd úr Harper's Weekly 1874.

Dómur féll 13. apríl og Alferd var sakfelldur og dæmdur til að hengjast „þar til þú ert dauður, dauður, dauður og megi Guð vera sálu þinni náðugur.“

Dóminum var snúið, en 8.

júní fékk Alferd 40 ára fangelsisdóm. Honum var sleppt úr fangelsi 8. febrúar, 1901, og dó 23. apríl 1907. ■

Gleddu ástina þína með blómum og konfektí frá okkur

Opið á Valentínusardag frá kl. 9-19

Lukku-pottur
þeir sem versla hjá okkur á Valentínusardag detta í lukkupottinn.

REYKJAVÍKUR  BLÓM

Borgartún 23, Reykjavík / Sími: 561 1300 / Opið: mán.-fös. 10-18, lau. 11-18

Þú getur líka pantað á netinu - www.reykjavikurblom.is



MYND: SÍGTRYGGUR ARI

KATRÍN AMNI FRÍDRIKSDÓTTIR

- lúxusstjórnun, jóga og endalausir fundir um alla borg



Dagur í lífi

Katrín Amni Frídríksdóttir fæddist í Lundúnum 29. mars 1983. Hún er dóttir þeirra Þórheiðar Einarsdóttur flugfreyju og Sami Ajram, en uppeldisfaðir hennar er Friðrik Guðmundsson rafeindavirki. Katrín á tvö systkini, móðurmegin Oddnýju Dögg, f. 1990, og föðurmegin Ramsey Ajram, f. 1987. Hún er uppallinn á Kársnesinu og lauk menntaskóla frá MK. Því næst lá leiðin í HÍ þaðan sem hún útskrifaðist með B.S.-gráðu í hagfræði árið 2008 en meistaranámi lauk Katrín frá Domus Academi í Milánó en þar náði hún sér í gráðu í svokölluðu „luxury management“ eða lúxusstjórnun. Hún rekur eigið fyrirtæki, Kamni ehf., þar sem hún sinnir ýmsum verkefnum er tengjast markaðssetningu, viðburðum og verkefnastjórnun fyrir lítil og stór fyrirtæki. Hún er jafnframt nýráðin framkvæmdastjóri Félags viðskipta- og hagfræðinga. Katrín á tvö börn, þær Karítas, 8 ára, og Antoníu 4 ára, og saman búa mæðgurnar í Hlíðahverfinu í Reykjavík, þegar dæturnar eru ekki hjá föður sínum.

06.00 Þegar dætur mínar eru hjá mér þá reyni ég að vakna klukkan sex. Fyrsta verk er að taka rosalega góða vinnutörn til korter yfir sjö, eða þar um bil, en stundum afkasta ég meira á þeim tíma en á heilum vinnudegi. Því næst vek ég börnin mín og við fáum okkur morgunmat, þær fá sér hafragraut eða Cheerios en sjálf fasta ég alltaf til hádegis.

8.30 Eftir að hafa skutlað stelpunum í skólann fer ég á skrifstofuna mína

í Víkurhvarfi. Þar hef ég aðstöðu með nokkrum frábærum samstarfsaðilum. Við erum í litlu teymi sem sinnir ýmsum verkefnum, meðal annars fyrirtæki sem heitir Náttúrusmiðjan og sérhæfir sig í framleiða íslensk bætiefni undir nafninu IceHerbs. Dagarnir mínir eru mjög mismunandi en ég reyni alltaf að halda fast í þá reglu að byrja vinnudaginn á skrifstofunni.

12.00 Ég borða mjög oft á veitingastöðum í hádeginu. Ef ég er að funda þá fer ég oft á Snaps eða Essensia, svo höldum við starfsfélagarnir mikið upp á High-Tea á Nordica. Ef ég þarf hins vegar að skjótast bara eitthvert í mat þá verður Krúska gjarna fyrir valinu, ég er háð matnum þeirra. Ef svo ólíklega vill til að ég sé ekki á fundi í hádeginu þá reyni ég að fara í jógatíma. Ég fer mest í Hreyfingu þar sem ég stunda Vinyasa- og Ashtanga-jóga. Stundum fer ég á milli staða, hef til dæmis prófað Yoga Shala og Sólir. Kannski svolítið lauslát í þessum jógahefðum mínum?

13.30 Ég er alltaf á leiðinni eitthvert og fer á afar marga fundi á hverjum einasta degi. Allavega svona þrjá, fjóra staði. Eftir hádegi fer ég vanalega ekki aftur á skrifstofuna heldur kem mér fyrir á kaffihúsi til að vinna eða held áfram að funda einhvers staðar.

16.00 Ef ég fer að sækja börnin mín þá tékka ég mig út andlega um fjögur leytið. Ég vinn aldrei á milli klukkan fimm og átta ef dætur mínar eru hjá mér. Þá er ómögulegt að

„Mér finnst ótrúlega gaman að vera öflug mamma en mér finnst líka frábært að vera ein og hitta vini mína þess á milli. Þetta er líf í góðu jafnvægi.“

ná í mig vegna vinnu. Þetta er eitt af fáum prinsippum sem ég held fast í þegar kemur að daglegu lífi. Ef ég næ ekki að fara í ræktina eða jóga í hádeginu þá reyni ég oft að skreppa eftir vinnu ef dæturnar eru í góðum gir, annars er ég bara heima að dúllast með þeim fram að kvöldmat.

18.00 Við borðum kvöldmatinn yfirleitt upp úr klukkan sex. Ég reyni alltaf að elda eitthvað hollt og gott, til dæmis góðan fisk, eggjæræru, sætar kartöflur, kjúkling, bara eitthvað létt og gott. Ég miða oft út frá því hvað þær hafa borðað í hádeginu og hef kvöldmatinn eftir því. Reyndar elska þær pastað frá Sollu með grænu pestói, það er uppáhaldsmaturinn þeirra!

20.30 Eftir kvöldmatinn þá er það bara bað og háttatími hjá stelpunum. Við lesum alltaf saman og reynum að fara yfir allt það góða sem gerðist yfir daginn. Á þessum stundum kemur oft eitthvað í ljós sem maður

BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GEFIÐ?
„Hlustaðu meira en þú talar“ Þetta ráð kom frá góðum vini mínum í viðskiptalífinu og það hefur reynst mér vel.

HVAÐA RÁÐ VILT ÞÚ GEFA ÖÐRUM?
Það hefur komið mér langt að vera til í leggja inn án þess að reikna með því að fá eitthvað til baka. Maður græðir alltaf á því að reyna að vera góð manneskja og hjálpa öðrum.

HVAÐ VILDIRÐU AÐ ÞÚ HEFDIR VITAD FYRR?
Að það er enginn að velta því fyrir sér hvað ég er að gera, þess vegna á maður alltaf að fylgja eigin draumum og innsæi.

vissi ekkert um. Eitthvað áhugavert sem gerðist í skólanum hjá þeim eða annað skemmtilegt. Svo sofna þær oftast út frá einhverri jóगतónlist. Sú yngri er svo fjörug að það þarf aðeins að hafa fyrir því að hjálpa henni að slaka á.

21.00 Ég næ yfirleitt alls ekki að horfa á sjónvarpið þótt mig langi. Ég enda alltaf á að gera eitthvað annað. Til dæmis að spjalla við vinkonur, fjölskyldu, svara tölvupósti eða gera fínt í kringum mig. Mér finnst afskaplega mikilvægt að eiga góðan tíma fyrir sjálfa mig á kvöldin og legg mikið upp úr þessari stund. Þegar stelpurnar mínar eru ekki hjá mér, sem er fjórtíu prósent af tímanum, þá vinn ég stundum fram eftir og hitti vini á kvöldin. Fer úr mömmugallanum og í hinn girinn. Mér finnst ótrúlega gaman að vera öflug mamma en mér finnst líka frábært að vera ein og hitta vini mína þess á milli. Þetta er líf í góðu jafnvægi. **B**



ÁGÚSTA EVA LOFAR SVAKALEGRI STEMMINGU

Hljómsveitin Sycamore Tree treður upp á Kexinu laugardaginn 10. febrúar

Hljómsveitina Sycamore Tree ættu landsmenn að vera farnir að þekkja eftir mikla spilun á öldum ljósvakans. Sveitin sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu þann 24. september á síðasta ári en á morgun, laugardag, mun hún halda sína þriðju tónleika í höfuðborginni.

Sycamore Tree skipa þau Ágústa Eva Erlendsdóttir og Gunní Hilmarrson sem bæði eru landsþekkt af fyrri verkum. Á tónleikum njóta þau liðsinnis þeirra Arnars Guðjónssonar, sem leikur á bassa, og Unnar Birnu Bassadóttur, sem spilar á fiðlu og slagverk ásamt því að syngja bakraddir.

„Það er svakaleg stemning að byggjast upp fyrir þessum tónleikum og hún hefur stigmagnast alla vikuna,“ segir Ágústa Eva rogginn í símtali við blaðamann og hefur ærið tilefni til enda var hún valin söngkona ársins 2017 á Hlustenda-verðlaunahátíð FM á dögnum.

„Við höfum verið með sjö lög í

” Á síðustu tónleikum, sem fóru fram í Skyrgerðinni í Hveragerði, tókum við líka óskalög úr sal og fengum lánaða síma hjá áheyrendum til að tékka á lögum og fletta upp textum.

röð á vinsældalistum útvarpsstöðvanna og svo fengum við fjölmargar tilnefningar á hlustendaverðlaunum og mikla athygli, bæði hér heima og úti í heimi,“ segir Ágústa og bætir við að þau séu alltaf að semja ný lög sem öll hafi fengið góðar undirtektir.

Frumflytja nýtt lag í hvert sinn sem þau halda tónleika

„Við höfum frumflutt nýtt lag á hverjum einustu tónleikum hingað til sem hefur fallið vel í kramið. Á síðustu tónleikum, sem fóru fram í Skyrgerðinni í Hveragerði, tókum við líka óskalög úr sal og fengum

lánaða síma hjá áheyrendum til að tékka á lögum og fletta upp textum en þetta vakti mikla kátínu,“ segir hún og hlær um leið og hún bætir því við að alla hljómsveitarmeðlimina hlakki mikið til að spila á Kexinu um helgina.

„Við höfum spilað fyrir fullu húsi í hvert sinn sem við höfum komið fram og erum mjög spennt fyrir tónleikumum á Kexinu enda höfum við ekki spilað saman í Reykjavík síðan fyrir jól,“ segir söngkonan ástsæla að lokum.

Tónleikarnir á KEX Hostel hefjast klukkan 21 en miðar fást m.a. hjá TIX.is og við anddyri. **B**



SYCAMORE TREE
Ágústa Eva og Gunní í myndatöku hjá Sögu Sig.

Ert þú besta útgáfan af sjálfri þér? Eða einhverjum öðrum?

Ifebrúar keppast margir við að verða besta útgáfan af sjálfum sér en hvað í ósköpunum er það eiginlega?

Nú er ég til dæmis bara til í einni útgáfu (eða það vona ég að minnsta kosti) og sem betur fer er ég ekki með klofnn persónuleika. Þótt hann sé flókinn og stundum svolítið skríttinn þá kemur hann samt bara í einni útgáfu. Það sama gildir um skrokkinn á mér. Hann er bara til í einni útgáfu.

Nú hef ég lifað í nokkur ár og ekki alltaf verið eins. Þú veist, maður breytist, þroskast, krumpast, fitnar, grennist og svo framvegis. Svo breytast áhugamálin og skilningurinn milli ára.

Ég veit ekki til þess að ég hafi verið eitthvað skárri fyrir nokkrum árum.

”Ég veit ekki til þess að ég hafi verið eitthvað skárri fyrir nokkrum árum. Reyndar finnst mér hver einasta uppfærsla af sjálfri mér skána ögn með hverju árinu. Margrét 4.7 er mikið skárri en Margrét 2.3.

Reyndar finnst mér hver einasta uppfærsla af sjálfri mér skána ögn með hverju árinu. Margrét 4.7 er mikið skárri

en Margrét 2.3. Nýja viðmótið er alltaf meira í takt við tímann og örlítið betra en það fyrra. Með þessu framhaldi verð ég hreint magnaður eldri borgari!

Kunningi minn sagðist ætla að nýta Meistaramánuð til að verða besta útgáfan af einhverjum öðrum. Sagðist vera búinn að velja viðkomandi en hefði ekki sagt honum frá því: „Sá verður undrandi þegar ég sprett óvænt fram í lok mánaðar sem besta útgáfan af honum!“

Því miður held ég að of margir festist einmitt í því að vilja verða einhvers konar útgáfa af allt annarri manneskju. Miða sig við hana og setja markmið í takt. Svo er það fólk sem vill endilega verða tvítuga útgáfan af sjálfu sér. Hvorutveggja ávísun á vandræði og vanlíðan.

Besta útgáfan af sjálfri mér er ekki nokkrum kílóum þyngri eða grennri, nokkrum árum eldri eða yngri, með hærri innistæðu á bankareikningnum og svo framvegis.

Besta útgáfan af sjálfri mér er nákvæmlega þessi sem ég er núna og algjörlega sátt, – enda „special edition“ og engin önnur útgáfa í boði.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
MARGRET@DV.IS





innlit

ÍBÚAR

María Pétursdóttir, 49 ára, Gunnar Bergur Runólfsson, 37 ára, Tómas Runi 10 ára og Pétur Dan, 8 ára.

STÆRD

450 fermetra einbýlishús með bílskúr og íbúð í kjallara.

STAÐUR

Heiðarvegur í Vestmannaeyjum.

BYGGINGARÁR

1942.

ÞRIGGJA HÆÐA HÖLL VIÐ HEIÐARVEG Í EYJUM

Elstu börnin flogin burt en allt klárt fyrir barnabörnin í fallegri 450 fermetra glæsihöll í Eyjum



MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR

margret@dv.is



Undanfarin ár höfum við alltaf verið átta í heimili en elsta dóttir mín flutti út á þessu ári og hinar tvær eru í námi, önnur í Reykjavík og hin í Kína,“ segir María Pétursdóttir, hárgreiðslumeistari í Vestmannaeyjum.

Hún býr í stórglæsilegu húsi við Heiðarveg en þangað flutti hún ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Bergi, og börnum, þeim Henny Dröfn, Evu Dögg, Söru Dís og Tómasi Runa, á því herrans ári 2007.

„Húsið var í algerrni niðurníðslu og við Gunnar þurftum að taka allt í gegn bæði að innan og utan, fengum afhent í febrúar og fluttum svo inn 20. júlí. Þá vorum við búin með það mesta að innan, eða tvær efstu hæðirnar; innréttingar, hita, rafmagn og svona þetta helsta,“ útskýrir María en húsið er á þremur hæðum.

Á jarðhæð er íbúð í útleigu ásamt tveimur svefnherbergjum og þvottahúsi, á annari hæð er eldhús, stofa og sjónvarpsherbergi en á þriðju hæðinni eru fjögur stór svefnherbergi, eitt lítið og glæsilegt



SVARTHVÍTUR DRAUMUR Glerhurðin í ganginum fellur inn í vegginn og er hluti af upprunalegri innréttingu hússins. Veggfóðrið er svart útgáfan af því hvíta sem er á baðherberginu en ljósið í loftinu kemur úr Lumex. Á veggnum má sjá fallega mynd af þessari stóru fjölskyldu en undir stendur kertaarinn sem María útbjóg sjálf og málaði með áðurnefndri kalkmálningu.

baðherbergi með nuddbaðkari.

María segist laðast mest að gömlu og klassisku útliti sem hefur

voldugt yfirbragð og heimili fjölskyldunnar ber þess augljós merki. Sjálf á hún heidurinn að breyting-

um og teiknaði jafnframt allar innréttingarnar enda með eindæmum skapandi fagurkeri.



FÁGAÐ YFIRBRAGÐ Á EINFÖLDUM GANGI Til að útbúa vegginn með þessum hætti keypti María lista eftir máli og fékk svo smíð til að festa upp á vegginn. „Gangurinn gerbreyttist alveg og ég er mjög ánægð með útkomuna enda hefur mig langað til að gera þetta í svona tuttugu ár.“

„Mér finnst fátt skemmtilegra en að dunda mér við þetta að loknum vinnudegi og um helgar þótt það stýttist í að ég sé að verða búin að klára öll herbergin,“ segir hún glöð í bragði en á myndunum, sem voru teknar af Guðbjörgu Guðmannsdóttur, má sjá að Maríu er augljóslega margt til lista lagt. **B**



HEFÐARFRÚIN Á HEIÐARVEGI

Stiginn er parketlagður með niðurlímdu parketi en handriðið er það eina sem fékk að halda sér upprunalegt í húsinu. Viðarplatan ofan á skenknum er afgangur af parketinu en vasinn með rósunum kemur úr versluninni Móðern og er mikið uppáhald hjá Maríu sem stendur hér tignarleg í stiganum eins og sannkölluð hefðarfrú.

MYNDIR GUBBJÖRG GUDMANNSDÓTTIR



KRÚTTLEGUR BEKKUR Rúmið málaði María með kalkmálningu og keypti himnasængina í versluninni Dimm. Litla bekkinn keypti hún fyrir mörgum árum fyrir drengina sína en í skúffunum geymir hún auka rúmföt fyrir barnarúmið.



HJÓNAHERBERGIÐ Rúmgaflinn og náttborðin keypti María notuð af netinu fyrir rúmu ári en gaf þeim nýtt líf með kalkmálningu sem hún keypti hjá Sérrefni í Armúla. „Eiginlega öll herbergin í húsinu eru máluð með kalkmálningu og ég er ofsalega ánægð með útkomuna enda hef ég málað bæði vegg, húsgögn og smáhluti með henni.“



STRÁKAHERBERGIÐ Þegar strákarnir komu í heiminn bjuggu dætur Maríu enn á heimilinu en þær eru fæddar árin 1992, 1994 og 1995. Það var því öllu þrengra um fjölskylduna svo að bræðurnir deildu með sér herbergi en þetta hefur þeim líkað svo vel að þeim þykir ekki tilefni til að skipta. Nöfnin á veggnum útbjó Henný Dröfn, stóra systir, þeirra í hönnunarsmiðju í skólanum en þau eru límd upp á vegginn.



SKÁMÁLADI VEGGINN MEÐ KALKMÁLNINGU „Eftir að dóttir mín, Eva Dögg, flutti til Kína tók ég herbergið hennar í gegn. Skámálaði það með kalkmálningu sem gefur svoltið sérstaka og öðruvísi áferð og setti meðal annars inn þetta skrifborð og nýtt ljós. Mér finnst gaman að blanda saman léttum og rómantískum áhrifum við þessi grófu og sterkari. Ef ekki væri fyrir ljósu litina og blúndurnar þá væri þetta herbergi mikið piparsveinslegra.“




DANSANDI DÖMUR UPPI UM ALLA VEGGI! Skóhillan er keypt í versluninni Illu en veggfóðrið líflega fékk María hjá Lauru Ashley í Faxafeni.



GLÆSILEG GLAMÚRSTOFA „Sófann létum við sérsmíða í GÁ húsgögnum 2008 en þetta er stærsti sófi sem hefur verið smíðaður fyrir heimili á Íslandi. Sófaborðið hannaði ég sjálf og þeir smíðuðu það fyrir mig og ljósið fæst í Lumex. Gluggatjöldin keypti ég hjá netverslun sem hét Úr sveit í bæ en hún er því miður hætt.“

VEGGFÓÐUR OG PARKET

María fór nýstárlega leið við hönnun baðherbergisins með því að velja veggfóður í staðinn fyrir flísar. Þetta veggfóður keypti hún í Litaveri fyrir tíu árum og segist ætla að kaupa það aftur ef til þess komi að það þurfi að skipta.



MOTTA Á BORDSTOFUBORDINU Borðið hannaði María sjálf en mottuna fékk hún í versluninni Geisla í Vestmannaeyjum.



KLÁRT FYRIR BARNABÖRNIN

„Ég var að eignast barnabarn og fyrst ég átti þetta aukaherbergi og húsgögnin líka þá ákvað ég að koma þessu bara í stand enda veit ég að ég á eftir að eignast fullt af barnabörnum,“ segir María glöð í bragði.



ELDHÚS „Eldhúsinnréttingin er frá KVIK og hana settum við upp fyrir tíu árum en nýlega bætti ég við gleri á sökkklana, borðplötuna og setti kvars á eldhúsbekkin. Loftljósið keyptum í Pfaff í fyrra en stóla í Willa Mia á Garðatorgi.“





„GET EKKI HUGSAD MÉR AD VE GAUR SEM HANGIR Í PÓLÍTÍK A

Óttarr Proppé er miðjubarn. Yngri sonur þeirra Ólafs J. Proppé, fyrrverandi rektors við Kennaraháskóla Íslands, og Péturinnar Pétursdóttur, fyrrverandi forstöðumanns menningar- og listamiðstöðvarinnar Hafnarborgar. Óttarr er líka litli bróðir Jóns Proppé listheimspekings og stóri bróðir Huldu Proppé, mannfræðings og rannsóknastjóra hjá Félagsvísindasviði Háskólans.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Hann hefur staðið í eld-línunni í pólitíkinni undanfarin ár en nú finnst honum þetta komið gott enda sleit hann, ásamt öðrum flokksmönnum í Bjartri framtíð, ríkisstjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokk og Viðreisn. Hann segir að eftir á að hyggja hafi hann líklega verið byrjaður að hugsa sig úr hlutverki

stjórnmalamannsins enda geti hann ekki hugsad sér neitt verra en að enda sem „gaurinn sem er staðnaður í pólitík“.

Margrét H. Gústavsdóttir þáði kaffisopa hjá Óttari sem býr í menningarlegri íbúð við Garðastræti ásamt sálufélaga sínum, Svanborgu Þórdísi Sigurðardóttur.

Tuttugu eða þrjátíu prósent útlendingur

Í fasi er hann svolítið hlédrægur.

Virkar næstum eins og hann sé feiminn sem stingur skemmtilega í stúf við ögrandi fatastil hans og sviðsframkomu sem er allt annað en hlédræg. Satt að segja er Óttarr eins og umskiptingur á sviði því dagfarsprúði stjórnmalamaðurinn og fyrrverandi bóksalinn breytist í hvæsandi glamúr-fjallaljón um leið og hann stígur á svið, hvort sem er með félögum í HAM eða Dr. Spock, – enda hreint ekki einfaldur persónuleiki.

Óttarr ólst upp í tveimur löndum til skiptis, Bandaríkjunum og Íslandi, nánar tiltekið í bænum Urbana-Champaign, í Illinois-fylki og í Hafnarfirðinum. Ólíkari staði er vart hægt að finna í þessum vestræna heimi en Óttarr segir að þessi umskipti hafi haft mjög mikil áhrif á hvernig hann sér og upplifir veröldina.

„Ég hóf skólagöngu mína í Bandaríkjunum árið 1975, fór svo aftur tíu til tólf ára og að lokum

sem sextán ára skiptinemi árið 1986. Af þessu mótaðist ég mikið. Varð til dæmis tvítyngdur, sem gerði það að verkum að ég hef alltaf lesið meira á ensku en íslensku, og svo opnaðist annar heimur sem var töluvert fjölbreyttari en það sem við þekktum hér heima á þessum árum. Ég hafði til dæmis séð gos í dós, sjónvarp á daginn og fleiri en eina sjónvarpsstöð. Í bekknum mínum í Hafnarfirði voru bara örfáir krakkar sem höfðu farið til útlanda, hvað þá búið í útlöndum svo mér leið stundum eins og ég væri hálfur, eða svona tuttugu til þrjátíu prósent útlendingur,“ segir Óttarr.

„Í New York var allt í lit í samburði við Reykjavík og maður sá flippað fólk í furðulegum fötum án þess að það væri að dimmitera og svona. Allt sem mér fannst spennandi kom þaðan. Ég uppgötvaði yfirleitt nýja tónlist af kassetum sem Jón bróðir sendi frá

” Eftir því sem maður verður eldri og sköllóttari þá finnur maður meira fyrir neikvæðum afleiðingum lastanna.

Bandaríkjunum meðan hann var þar í námi og þessi þrá, að komast til útlanda, burt úr grámanum og fábreytninni, varð snemma að einhvers konar heilögum kaleik hjá mér, – og reyndar mörgum af minni kynslóð.“

Sigurjón barðist fyrir skölgutönnunum Talandi um vinina ... í næsta mánuði verða liðin þrjátíu ár frá því að félagarnir í HAM héldu sína

Myndir DV ehf / Sigtryggur Ari



ÞARA SVONA F GÖMLUM VANA

fyrstu tónleika í Lækjartungli árið 1988. Þessi sérstaka óperuskotna og ofurdramatiska þungarokksveit er ávöxtur þeirra listbræðra, Sigurjóns Kjartanssonar og Óttars, en Óttarr er með þá kenningu að margir af þeirra kynslóð hafi verið undir gríðarlegum áhrifum frá Rokki í Reykjavík. Myndin, og ekki síst tónlistin, varð gríðarlega vinsæl á sínum tíma enda tilbreytingin sem fylgdi pönkinu og nýbylgjunni eins og ferskur andvari í einsleitt samfélagið. Hann segir að þessi kreatíva sprengja hafi örvað ungmenni af hans kynslóð til að vera skapandi og búa til tónlist, þrátt fyrir að sköpunargleðin hafi á vissan hátt náð hátindi með Rokki í Reykjavík.

„Sem krakki var ég alltaf að stússast eitthvað í tónlist. Spilaði á evfóníum með lúðrasveit og var eflaust hálfundarlegur. Ári á undan í skóla, dvergvaðinn og þrammandi um með risastóra túbu í lúðrasveit.

Svo þegar maður komst á unglings-árin þá var þetta eðlilega ekki nógu töff svo ég lagði blásturshljóðfærinu, keypti leðurjakka og fór að hljómsveitast. Við Björn Blöndal og Örn Arnarsson vorum miklir músikbræður í Flensborg en svo tók brótið á sig alvörubrag þegar við kynntumst hópi af rugludöllum úr Kópavoginum. Þeim fylgdi þessi furðulegi maður, Sigurjón Kjartansson, sem þá var nýfluttur frá Ísafirði. Hann var náttúrulega mjög skríttinn; með svakalega stóran hárlökk sem hékk fram á ennið og skögultennur sem hann barðist fyrir því að halda upprunalegum því hann ætlaði að gerast hryllingsmyndaleikari,“ segir Óttarr glúrin.

Álversmengudu djöflarnir og söguleg frumraun HAM með Sálinni hans Jóns míns

Hann segir að með Sigurjóni hafi tónlistarbrótt þeirra félaganna fyrst

orðið boðlegt þótt planið hafi alltaf verið að gera bíómyndir, enda báðir af VHS-kynslóðinni.

„Við horfðum báðir á b-myndir út í eitt og því lá beinast við að fyrsta samvinnuverkefni okkar yrði kvikmynd í fullri lengd. Við byrjuðum að skrifa handritið að meistara-verkinu Álversmengudu djöflarnir sem fékk strax þýðinguna „The contaminated devils of aluminum,“ og réðumst í að mynda,“ rifjar hann upp.

Sagan, sem var mjög undarleg, fjallaði um brjáláða sígauna sem áttu heima í bílakirkjugarði við álverið í Straumsvík. Í þessu meistara-verki kom Jón Gnarr til sögunnar í auka-hlutverki furðulegs Englendinga sem ráfaði óvart inn á svæði hinna álversmengudu djöfla en Jóni kynntust þeir í gegnum Hafnirfóringa sem höfðu verið í heimavist á Núpi og komu til baka með sögur af þessum skritna rauðhærða strák.

„Hann var náttúrulega mjög skríttinn; með svakalega stóran hárlökk sem hékk fram á ennið og skögultennur sem hann barðist fyrir því að halda upprunalegum því hann ætlaði að gerast hryllingsmyndaleikari.

„Við Sigurjón komumst þónokkuð fljótt að því að það var hægara sagt en gert að taka upp mynd í fullri lengd á 8 millimetra filmu og því drifum við bara í að semja tónlistina. Um leið rann það upp fyrir okkur að það væri mikið auðveldara að vera í hljómsveit en standa í þessu kvikmyndabrótti og þannig fór HAM bara sjálfkrafa í gang,“ útskýrir Óttarr um leið og hann fær sér sopa af espresso kaffi úr fallettum rósarbolli sem hann fékk að gjöf frá systur sinni Huldu.

Óttarr segir að með Sigurjóni hafi tónlistarbróttið tekið á sig alvöru mynd og því ekki eftir neinu að bíða. Næsta skref skyldi vera að sigra heiminn.

„Sigurjón er náttúrulega bara einhvers konar sání og með hans liðsauka vildum við gera meiri alvöru úr þessu enda mjög innblásnir af Einarri Erni sem átti þau fleygu orð í Rokki í Reykjavík að málið væri ekki hvað maður gæti heldur hvað maður gerði. Okkur var eiginlega sama hvað það var, við vildum bara gera eitthvað.“

Þann 10. mars árið 1988 hélt HAM sína fyrstu tónleika á Lækjartungli þar sem sveitin hitaði upp fyrir Bleiku Bastana.

„Þetta sama kvöld hélt reyndar önnur hljómsveit sína fyrstu tónleika í kjallara hússins, en það var Sálin hans Jóns míns,“ segir Óttarr og dregur annað augað í pung. „Svona leynast nú þræðirnir í íslensku tónlistarlífi.“

Langar að vera með puttana úti um allt

„Strax um páskana tókum við upp smáskífuna Hold sem kom út um sumarið og um haustið vorum við búnir að væla okkur inn á að fá að hita upp fyrir Sykurmolana á tónleikaferðalagi um Þýskaland. Okkur fannst þetta alls ekkert of hratt enda strax byrjaðir að taka upp næstu plötu. Okkur lá mikið á enda alltaf að bíða eftir einhverju kjarnorkustríði og enginn tími í hangs. Sú þæling að fara að eyða einhverjum árum í að klára nám áður en maður færi að gera eitthvað af viti var gersamlega óhugsandi, – og ég er eiginlega ennþá þar ... er enn ekki búinn að ákveða hvaða fag mig langar að læra í háskóla þótt ég velti því stundum fyrir mér. Mér finnst líka eitthvað skrítt að velja bara eitt fag til að einbeita mér að það sem eftir er ævinnar. Mann langar einhvern veginn að vera með puttana úti um allt.“

Skuldar átta einingar í Flensborg

Þótt þú viljir vera með puttana úti um allt varstu lengi mjög reglusamur í vinnu. Stóðst vaktina í bókbúð Máls og menningar árum saman?

„Já, ég skulda enn átta einingar í Flensborg af því að ég hætti í skóla og fór að vinna sem afgreiðslumaður hjá Almenna bókafélaginu. Ég sá auglýsingu í Mogganum, hringsíð og blaðraði mig í starfið sem ég held að hafi tekist af því ég var tvítýngdur. Þetta er reyndar eina atvinnuviðtalið sem ég hef farið í á ævinni,“ segir Óttarr sem starfaði í bókafransanum frá því hann var

nítján ára eða frá árinu 1987 til ársins 2010, eða í rúmlega tuttugu ár. Lengst sem innkaupastjóri í erlendu bókadeildinni hjá Máli og menningu við Laugaveg.

„Á árabílinu 1990 til 2000 var mikið fjór í bókafransanum, lífleg útgáfa og alls konar skemmtileg tilraunastarfsemi. Verslunin stækkaði og varð fljótlega að líflegu menningarsetri. Maður hitti alla sem voru menningarlega þenkjandi í þessari borg og alltaf var nóg að gerast. Næstu tíu ár á eftir, eða frá aldamótum til 2010 breyttist stemningin hins vegar og ég var þarna á tíu kennitölum án þess að færast úr stað. Maður var ýmist seldur, yfirtekinn eða færður en samt alltaf á sama stað,“ rifjar hann upp.

Reiknuðu ekki með að vera allt í einu kosin

Eftir hið margfræga hrun breyttist margt í lífi Óttars sem annarra Íslendinga. Hann upplifði, líkt og fleiri, að það hefði verið ákveðið ábyrgðarleysi að skipta sér ekki meira af stjórn málinum. Við hefðum á margan hátt látið okkur fljóta sofandi að pólitískum feigðarósi og að í hans eigin lífi væri einnig kominn tími á róttækar breytingar enda búinn að vera í sama starfinu í rúm tuttugu ár.

„Þegar ég uppgötvaði allt í einu að ég vissi nákvæmlega hvornig væri best að bregðast við þessari rosalegu niðursveiflu sem fylgdi hruninu, af því að ég var búinn að gera það svo oft áður, fannst mér kominn tími til að skipta um starfsvettvang,“ útskýrir Óttarr en það var einmitt á þessum krossgötum sem rauðhærði strákurinn frá Núpi pikkaði í hann og viðraði hugmyndina um að stofna Besta flokkinn.

Var þessi flokkur ekki aðallega grínádeila á stjórn málinum eins og þau höfðu verið fram að þessu? Eitthvert djók?

„Kannski ekki alveg djók en allavega gjörningur. Að einhverju leyti var þetta satíra en undir niðri lá mikil alvara og við vorum með sterkar skoðanir þó fæst hefðum við gert ráð fyrir því að vera allt í einu kosin. Síðustu vikurnar fyrir kosningarnar, þegar sá raunveruleiki byrjaði að renna upp fyrir okkur, þá lá auðvitað beinast við að taka fulla ábyrgð á þessum verkefnum sem okkur var treyst fyrir,“ segir hann og bætir við að stór þáttur í framboði Besta flokksins, og síðan stefnu Bjartrar framtíðar, hafi snúist um að alls konar fólk ætti að hafa aðgengi að stjórn málinum og samfélaginu almennt. Að mönnum ráðherra- og borgarstjórástóla hafi fram að því verið mjög einsleit, áratugum saman, og löngu kominn tími á meiri fjölbreytileika. Með þessu má segja að þarna hafi þau unnið stóran sigur því á síðustu tíu árum hefur umburðarlyndi landsmanna fyrir því sem er öðruvísi, eða sker sig úr, aukist mjög, og andstaða við misrétti og ofbeldi fengið sífellt hærri rödd. „Þetta var löngu tímabært enda algjörlega nauðsynlegt fyrir samfélagið.“

„Við höfum aldrei sest niður og ákveðið að eignast ekki börn og við höfum heldur ekki sest niður og talað um hvað það sé ömurlegt að hafa aldrei eignast þau og að við þyrftum að gera eitthvað í því



„Ekki erfiðara að stýra fundi í pólitísku ráði en æfingu hjá pönkhljómsveit“

Það var fleira sem rann upp fyrir meðlimum Besta flokksins þegar fram liðu stundir. Viku fyrir kosningar varð þeim til að mynda ljóst að þau þyrftu að fylla upp í svona átta tíu til hundrað og tuttugu stöður en Óttarr starfaði meðal annars sem borgarfulltrúi, formaður í hverfisráði miðborgar, varaformaður borgarráðs, varaformaður skóla- og frístundaráðs og eins konar utanríkisráðherra flokksins í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og erlendum samskiptum ásamt fleiru. „Þegar dyrnar lokuðust á eftir okkur þarna inn í ráðhúsið þá þyrftum við bara að bretta upp ermar og setja okkur inn í málin. Í mínum huga var þetta alltaf eins konar þegnaskylduvinna enda eiga stjórnsmálsmenn alltaf að starfa sem fulltrúar almennings, líkt og þegar menn eru valdir af handahófi í kviðdóm í Bandaríkjunum. Mér fannst gaman að koma svona inn í nýjar aðstæður og þurfa að læra á þær. Aftur held ég að það sé þessi bakgrunnur í pönkinu og þessum „do it yourself“-kúltúr Íslendinga sem ég kann svo vel við. Að læra hlutina með því að ráðast í verkið. Þetta var algjörlega þannig en svo vorum við líka góður, vel mannaður og samstilltur hópur sem Jón hafði smalað saman. Allt fólk með reynslu af því að þurfa að sjá fyrir sér sjálft

á eigin forsendum. Seinna áttaði ég mig á að það er ekkert erfiðara að stýra fundi í pólitísku ráði en æfingu hjá pönkhljómsveit enda sama dýnamik að mörgu leyti.“

Getur ekki hugsað sér að vera gaur sem hangir í pólitík af gömlum vana
Undanfarin átta ár hefur Óttarr haft það að aðalstarfi að vera atvinnupólitíkus eins og hann kallar það. Þótt hann hafi aldrei stefnt á þá braut í lífinu segist hann flokka þetta undir tilraunagleði sína, sem hefur meðal annars fengið útrás í fastastíl hans, tónlist og annarri sköpun. Óttarr elskar nefnilega að ögra sjálfum sér og fara út fyrir eigin þægindamörk.

„Þegar ég lít um öxl þá grunar mig að þetta hafi verið hluti af bæði tilraunagleði og fífldirfsku en ég sé ekki eftir því. Á sama tíma er ég mjög ánægður með að hafa aldrei orðið atvinnupólitíkus í þeim skilningi að gera allt til að reyna að verja mína stöðu heldur velja frekar að leggja allt undir og keyra áfram. Það var ekki fyrr en alveg undir lokin að ég lærði hvernig maður ætti að passa sig, velja slagina og svo framvegis, sem er lógískt í þessu vinnuumhverfi, en getur í raun verið alveg banvænt í því sem ég kalla ábyrgð á pólitísku starfi. Pólitík er einhvers konar leikur, eða aðferðafræði, en vettvangurinn snýst um að sýsla með almannahagsmunum og það er

mikill ábyrgðarhluti. Þegar pólitíski leikurinn fer að skipta meira máli en ábyrgðin sem fylgir starfinu þá er maður kominn á hálan ís,“ segir hann og vísar meðal annars til ástandsins í borgarpólitíkinni árið 2010. Þá höfðu fjórir borgarstjórnar starfað á einu kjörtímabili og alls konar vitleysa fékk að viðgangast sem bæði meðlimir Besta flokksins, og aðrir borgarþátttakendur, upplifðu að hefði verið á kostnað almannahagsmuna.

„Þegar maður sjálfur er svo orðinn þingmaður, eða ráðherra, þá kemur í ljós hvað það getur verið auðvelt að byrja að spila pólitík; maður lærir að vanda sig við að velja orðin til þess fá vinnufrið svo maður geti komið einhverju góðu til leiðar, nú eða til að komast hjá rifrildi og svo framvegis. Nú, þegar ég hef haft einhverjar vikur til að velta þessu fyrir mér, þá sé ég að ég var kannski aðeins orðinn þreyttur og ómeðvitað byrjaður að hugsa mig út úr þessum hlutverkum. Ég get ekki hugsað mér að vera svona gaur sem hangir í pólitík af gömlum vana. Hvað þá fyrrverandi pólitíkus sem er síróflandi um hvernig hann myndi gera hlutina. Það er það hallærislegasta sem ég veit. Eiginlega eins og gamall pönkari sem vælir yfir því hvað rapp sé ömurleg tónlist!“

Ætlarðu alfarið að stimpla þig út úr stjórnmálum eða langar þig að snúa til baka?

„Nei, ég upplifi að nú sé rétti tíminn til að láta gott heita enda er ég búinn að vera vakinn og sofinn yfir pólitík í fleiri ár. Undir það síðasta upplifði ég að persóna mín og gulu fötin væru byrjuð að taka athyglina frá hugsjónum Bjartar fram tíðar og það þótti mér miður. Ég hef alltaf litið á starf stjórnmála-mannsins sem þjónustustarf og persóna viðkomandi ætti ekki að fá meiri athygli en þau verkefni sem hann eða hún eru að sinna. Það er líka gaman að sjá framtíðina fyrir sér sem óskrifað blað og vita ekki hvað tekur við næst,“ segir hann en eftir að hann lét af störfum sem heilbrigðisráðherra hefur helsta verkefni Óttars verið að taka upp nýja plötu með hljómsveitinni Dr. Spock. „Hún kemur út eftir nokkra daga og við ætlum að halda svakalega útgáfutónleika á Húrra á föstudaginn eftir viku,“ segir hann spenntur. Greinilega feginn að vera aftur kominn á fullt í tónlistarbransann.

Barnlaus, reyklaus og án áfengis

Við vendum kvæði okkar í kross og ræðum aðeins einkalíf og lífsstíl Óttars sem líkt og annað í hans tilveru er ekki sérlega hefðbundið. Hann er bæði hættur að reykja og drekka og reynir að forðast sykur en elskar hins vegar kaffi. „Ég hef í mér hið alræmda fíknigen og reyni því að losa mig við einn löst í einu. Hætti að drekka um aldamótin

„Sem krakki var ég alltaf að stússast eitthvað í tónlist. Spilaði á evfóníum með lúðrasveit og var eflaust hálfundarlegur. Ári á undan í skóla, dvergvoxinn og þrammandi um með risastóra túbu í lúðrasveit.“

og það er orðið nokkuð normalt ástand núna. Þetta var auðvitað löngu hætt að vera partí og byrjað að trufla annað sem ég hefði átt að vera að gera,“ segir Óttarr sem hætti drykkjunni á eigin forsendum, án þess að fara í áfengismedferð. „Eftir því sem maður verður eldri og sköllóttari þá finnur maður meira fyrir neikvæðum afleiðingum lastanna. Mér fannst ekki erfitt að hætta að drekka og ég sakna hvorki bragðsins né áhrifanna en þó kemur það fyrir, þegar maður sér einhvern drekka viski á mjög töff hátt í bíómynd að maður hugsar: Djöfull er þetta töff. Ég segi það sama með reykingar. Mig langar aldrei í sígarettu, en þegar ég sé einhverja töffara reykja þá kemur stundum þessi gamla tilfinning yfir mig. Það erfiðasta við að láta af löstum er kannski að sætta sig við að maður ætli ekki að taka þátt í þessu partí lengur.“

Barnleysið aldrei truflað

Fyrir tæpum þrjátíu árum kynntist Óttarr sambyliskonu sinni, Svanborgu. Hann segir hvorugt þeirra muna hvar eða hvernig leiðir þeirra lágu saman en líklegast hafi það verið einhvers staðar á tónleikum. Þau eiga engin börn en heimili þeirra er stútfullt af heilbrigðum og falletum plöntum og svo eru þau með finasta fiskabúr. Hann segir sameiginleg áhugamál og svipaðan smekk binda þau sterktum böndum og hann er þakklátur fyrir þá gæfu að þau hafi fengið að uppgötva hlutina saman. Hvað barneignir varðar segir Óttarr þau eiginlega ekki hafa þælt sérstaklega í því:

„Við höfum aldrei sest niður og ákveðið að eignast ekki börn og við höfum heldur ekki sest niður og talað um hvað það sé ömurlegt að hafa aldrei eignast þau og að við þyrftum að gera eitthvað í því. Við höfum bara notið þess afskaplega vel að vera frænka og frændi barnanna í fjölskyldum okkar og barnleysið hefur aldrei truflað okkur. Kannski er það uppreisnargjarna genið í okkur sem hefur ekki viljað gera neitt eins og allir hinir? Eitthvað ómeðvitað? Á pönktímanum gekk ég til dæmis alltaf með bindi en um leið og ég varð stjórnsmálamaður tók ég það af mér og vildi vera fulltrúi þeirra sem ganga aldrei með bindi. Við Svanborg fengum bæði borgaralegt úthverfauppeldi en það er eitthvað í okkur báðum sem streitist á móti straumnum. Þegar ég segi það þá hljómar þetta kannski svolitíð mótsagnakennt. Við búum jú í steinhúsi við Garðastræti, söfnum myndlist og eignum fallegan sófa. Samt er alltaf þessi litli pönkari inni í mér sem sem steytir hnefa móti norminu og æpir: Eigi skal bogna!“ **B**

GRINDAVÍK

4x4
ADVENTURES
ICELAND



STARFSMANNAFERÐIR
ALLT ÁRIÐ LÁTTU
OKKUR SJÁ UM
SKEMMTUNINA



FJOR.IS - 857-3001



4X4ADVENTUREICELAND

STERKIR Í STÁLINU Í YFIR 45 ÁR




VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI



SMÍÐAJÁRN

GUÐMUNDUR ARASON EHF
Skútvogi 4, 104 Reykjavík
Rauðhelli 2, 220 Hafnarfjörður
Sími 568 6844 - ga@ga.is
www.ga.is

- STÁLBITAR
- PLÖTUJÁRN
- PRÓFÍLAR
- ÁL
- RYÐFRÍTT STÁL
- BLIKKPLÖTUR
- PVC PLÖTUR
- POM ÖXLAR



Afmælisbörn vikunnar



33
ára

JÓHANN ALFRED KRISTINSSON

Fæddur: 11. febrúar 1985 Starf: Grínisti



40
ára

SIGGA SIGMARSDÓTTIR

Fædd: 11. febrúar 1978 Starf: Framkvæmdastjóri



58
ára

MARGEIR PÉTURSSON

Fæddur: 15. febrúar 1960
Starf: Skákmeistari og fjárfestir




65
ára

EGILL ÓLAFSSON

Fæddur: 9. febrúar 1953
Starf: Leikari og söngvari

„VEL MÆLT“



„Móðir mín var von að segja við mig: Vertu eins og önd. Vertu rólegur á yfirborðinu og buslaðu af öllum krafti undir yfirborðinu.“

- Svo mælti móðir Michaels Caine

Orðabanki Birtu: Jómfrúarkrenkjari

Lausgirti jómfrúar-krenkjarinn frá Húnavatnssýslu

Sögnin að krenkja er ekki mikið notuð í dag. Satt að segja kemur þetta orð aðeins tvisvar sinnum fyrir á prenti á árabílinu 2010 til dagsins í dag en nokkuð oftar á milli 1960–1969, eða alls 25 sinnum.

Krenkja e-n. krenkja mey, spjalla mey, spilla síðferðilega. „Hann lét sig ekki krenkja með féggjöfum.“

Að krenkja þýðir að móðga eða skerða með einhverjum hætti og er sprottið af sænska orðinu „kränka“. Að vera krankur er öllu algengara sem lýsingarorð en krankur maður er gamall og veikburða. Sá sem er krenkjarinn eða krenkjar aðra manneskju er hins vegar vandræðagemlingur, sér í lag ef viðkomandi er svokallaður jómfrúarkrenkjarinn. Það eru ægilegir menn.

Slapp með fimmtán svipuhögg

Samson Samsonarson (1782–1846) hét maður, Húnavatningur að ætt. Hann komst snemma í kast við lögin og sumarið 1809 sat hann í fangelsinu í Reykjavík. Jörundur hundadagakonungur leysti hann úr prisundinni og gerði hann að lífverði sínum og eftir byltinguna sigldi Samson með húsbónda sínum til Englands og var því stundum nefndur Jörgins Samson.

Samson var ljós yfirlitum og bláeygur og sagður kvennamaður mikill. Árið 1821 voru ný kærúmal á hendur honum tekin fyrir í landsyfírréttinum í Reykjavík. Var honum gefið að sök að vera lausgyrtur svo um munaði og var ákærður fyrir fimm lauslætisbrot og eitt að auki, sem endaði með hjónabandi, og einnig þrjú hórdómsbrot.

Bjarni Thorarensen var þá dómari í landsyfírréttinum. Hann velti því fyrir sér hvort Samson væri það sem kallað var jómfrúarkrenkjarinn (meyjarspillir) samkvæmt laganna bókstaf en við slíku lá dauðarefsing. Bjarni komst að þeirri niðurstöðu að það lagaákvæði ætti einungis við um heldri konur. En þar eð Samson Húnavatningur hafði ekki lagst með neinum hefðarpíum komst hann undan öxi réttvísinnar og var þess í stað flengdur fimmtán svipuhöggum.



Blómastofa Friðfinns: Fagleg þjónusta í 50 ár

ALHLIÐA BLÓMAÞJÓNUSTA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

Blómastofa Friðfinns er í senn ein elsta blómaverslun landsins og ein sú nútímalegasta. Fyrirtækið var stofnað árið 1968, nafnið þekkja flestir Íslendingar og fólk komið fram yfir miðjan aldur heyrði fyrst af fyrirtækinu í barnæsku. Í dag fara viðskipti og þjónusta Blómastofa Friðfinns við viðskiptavinum sína öll í gegnum internetið eða síma og ná út um allan heim. Blómastofa Friðfinns er því sannarlega bómabúð 21. aldarinnar.

Jenný Ragnarsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins í dag, hún tók við rekstrinum árið 2006 en hefur mun lengri reynslu úr blómabransanum eða frá 1989.

„Við erum með vinnustofu þar sem við vinnum úr pöntunum viðskiptavina en þær fara fram í gegnum vefsíðuna okkar, blomabud.is, sem er jafnframt vefverslun. Við sendum hvert á land sem er og líka um allan heim, við höfum jafnvel sent blóm til Úganda, lengst inni í Afríku. Varðandi pantanir erlendis förum við inn á heimasíður í viðkomandi löndum og sjáum um að koma blómum alla leið. Við fáum líka pantanir að utan um blómasendingar hér innanlands. Við tökum myndir af sendingunum og sendum kaupandanum svo hann geti

séð með eigin augum hvað hann var að kaupa. Allur heimurinn er okkar starfssvæði og fólk getur náð í okkur hvenær sem er,“ segir Jenný.

Traustið mikilvægt

Hún segir að hið mikla traust sem Blómastofa Friðfinns njóti hafi verið nauðsynleg forsenda þess að geta fært reksturinn yfir á netið: „Ég hefði ekki getað gert þetta ef ég væri nýbúin að stofna fyrirtækið. En fólk vill svona þjónustu í dag. Það hefur ekki tíma til að fara í blómabúðina og biða þar í biðröð, auk þess sem erfitt getur verið að finna bilastæði. Kúnninn kallar eftir svona sveigjanlegri þjónustu.“

Blómastofa Friðfinns veitir líka sérhæfða blómaskreytingaþjónustu og fylgist vel með straumum og stefnum í þeim efnum. „Blómaskreytingar eru líka pantaðar á netinu, þar er hægt að velja liti og tegundir eftir óskum. Þetta gengur ávallt vel. Hvað varðar útfarir þá vinnum við skreytingarnar á vinnustofunni og komum svo með þær í kirkjuna tveimur klukkustundum fyrir útför. Við fáum upplýsingar um sérstakar óskir og uppfyllum þær eftir bestu getu. Ef um veislur er að ræða þá getum við bæði unnið á staðnum



eða komið með skreytingarnar tilbúnar. Í þessu sem öðru er sveigjanleiki í samræmi við óskir viðskiptavinarins. Þetta er bara alhliða þjónusta frá vöggju til grafar og nú getum við breytt slagorðinu í merkinu okkar í Fagleg þjónusta í 50 ár.“

Að sögn Jennýjar eru starfsmenn mismargir hverju sinni eftir því hvað mikið er að gera.

Sjá nánar á blomabud.is. Símanúmer er 553-1099 netfang: blomabud@blomabud.is.





Helgarmaturinn



Rjúkandi góðar kótelettur með hummus

Myndir DV ehf. / Sigtryggur Ari

Hrefna og Þorkell eru staðarhaldarar á ROK við Skólavörðuholt

Helgarmaturinn að þessu sinni er uppskrift úr smíðju þeirra Þorkels Andréssonar og Hrefnu Bjarkar Sværissdóttur en þau eru staðarhaldarar á veitingastaðnum ROK á Skólavörðuholtinu, nánar tiltekið Frakkastígsmegin.

ROK var opnað fyrir einu og hálfu ári, eftir að þau Hrefna og unnusti hennar, Magnús Scheving athafnamaður, höfðu unnið hörðum höndum að því að koma húsinu í stand. Hrefna hafði þá verið að skima eftir hentugu húsnæði í svölitinn tíma og þótti staðsetningin fullkomin.

„Ég bankaði bara upp á og spurði hvort þau væru ekki til í að selja mér húsið,“ segir Hrefna sem er framkvæmdamanneskja í eðli sínu, var til dæmis upphafsmaður og ritstjóri tímaritsins Orðlaus í nokkur ár og rak síðar skemmtigarð fyrir krakka svo síthvað sé nefnt. Hún segir að húsið hafi verið í mjög slæmu ástandi þegar þau Magnús tóku við því og þá hafi komið sér einstaklega vel að unnustinn sé menntaður húsa-smíður.

Ekkert eftir nema hleðslan

„Á þessu tímabili var hann samningsbundinn Turner og gat því ekki starfað í þeim geira, nema til að halda fyrirlestra. Þetta kom sér reyndar ágætlega því hann sá alveg um þessar framkvæmdir og þær voru töluverðar. Við þurftum að rífa allt niður og skipta út. Meira að segja jarðvegurinn var endurnýjaður. Það eina sem við héldum alveg eftir var hleðslan,“ segir Hrefna en þau Magnús hönnuðu staðinn alveg eftir eigin höfði og er óhætt að segja að þeim hafi tekst sérlega vel upp. ROK er bæði hlýlegur og notalegur staður um leið og hann hefur fagað og fallegt yfirbragð. „Með þessa staðsetningu hér á Skólavörðuholtinu kom eiginlega ekki annað til greina en að halda í gamla stílinn,“ útskýrir Hrefna.

„Útgangspunkturinn var að bjóða upp á stað sem væri einhvern veginn mitt á milli þess að vera klassa

” Við erum alltaf að bæta og laga matseðilinn en þessi stefna, að bjóða upp á úrval léttari rétta, gefur okkur ákveðið frelsi.

veitingastaður, þar sem hægt er að fá sér gott að borða og ljúffenga kokteila, og skemmtilegur bar þar sem hægt er að skreppa með vinum í drykki og fá sér kannski eitthvað í svanginn án þess að þurfa að borga fjögur eða fimm þúsund krónur fyrir réttinn,“ segir Hrefna en þau Þorkell hafa sett saman mjög fjölbreyttan matseðil þar sem hægt er að velja á milli 35 rétta.

„Við erum alltaf að bæta og laga matseðilinn en þessi stefna, að bjóða upp á úrval léttari rétta, gefur okkur ákveðið frelsi. Með því er ég reyndar ekki að segja við séum alltaf að breyta matseðlinum, en við

getum leyft okkur að bæta inn nýjum réttum ef tilefni er til. Síðasta sumar gátum við til dæmis boðið upp á villtan lax og núna erum við með æðislega góðar ostrur á föstudögum, einfaldlega af því að okkur áskotnaðist þetta ljúfmeti.“

Eldavélarnar lögfræðinni yfirsterkari

Þorkell, meðeigandi Hrefnu og yfirmatreiðslumaður á ROK, hefur áður starfað víða í veitingageiranum. Meðal annars á Sjávarkjallaranum, La Primavera, VOX og fleiri stöðum en árið 2006 ventu hann kvæði sínu í kross og fór að læra lögfræði. Hann útskrifaðist með meistarapróf 2012 og starfaði í faginu í um tvö ár, eða þar til segulmagn eldavelanna dró hann aftur til sín.

„Þegar maður er búinn að vera í þessu fagi svona lengi, og ná upp ákveðinni færni, þá myndast þörf til að sinna þessu. Maður saknar



stressins og stemningarinnar í eldhúsinu enda er kokkastarfið eiginlega eins og sjúkdómur sem er erfitt að losna við,“ segir Þorkell og vindur að lokum talinu að uppskriftinni sem lesundur geta spreytt sig á um helgina en hér erum við með lambakótelettur með mið-austurlensku yfirbragði. „Íslenska lambakjötið er ofsalega gott hráefni en hingað til hefur framsetningin á því verið heldur einhæf, bæði í heima- og veitingahúsum. Með þessari samsetningu langar mig að draga fram aðra stemningu, enda er matarmenningin fyrir botni Miðjarðarhafs alveg einstaklega skemmtileg.“

UPPSKRIFT

LAMBAKÓTELETTUR MEÐ REYKTRI PAPIRIKU OG MYNTU, FERSKU HRÁSALATI OG HUMMUS

MARINERING FYRIR LAMBAFILLET

- 5 hvítlauksgeirar
- 3 stílkar af fersku timjan
- 1 tsk. reykt paprika
- 100 ml sólblámaolía

AÐFERÐ

Þrjár lambakórónur. Fituröndin er tekin af lambinu og öll auka fita milli rifanna er hreinsuð frá með beittum hníf. Síðan er lambið lagt í marineringuna og látið liggja í henni yfir nótt inn á kæli. Síðan er fillettið skorið í sneiðar á milli hverrar rifju fyrir sig. Þá er kótelettan steikt á pönnu á miðlungs hita.

AIOLI

- 2 eggjarauður
- 120 ml sólblámaolía
- 6 hvítlauksgeirar, rifnir í zest-járni
- 2 lime, safinn notaður
- Salt eftir smekk

Allt sett í skál og unnið saman rólega með töfrasprotu.

FERSKT HRÁSALAT

- 1/4 rauðkálshaus, rifinn í mandólíni
- 1/4 hvítkálshaus, rifinn í mandólíni
- 4 msk. Aioli
- 10 myntulauf, fínt söxuð
- 1/4 tsk. reykt paprika
- Salt eftir smekk

-Öllu blandað saman og kælt

HUMMUS

1 lítil dós af kjúklingabaunum, sigtað en geyma vatnið
100 g thaini-mauk
50 ml jómfrúarolía
3 hvítlausrif, rifnið í zest-járni
Safi úr einni sítrónu
Salt

AÐFERÐ

Allt er sett í matvinnsluvél og unnið saman. Síðan má bæta smávægis af vatninu af kjúklingabaunum til að fá rétta áferð, sem á að vera silkimjúk eins og rjómi. Við framreiðslu er gott að setja smá jómfrúarolíu og fínt skorna myntu ofan á hummusinn.



Rok veitingahús
Frakkastíg 26a,
101 Reykjavík
Sími: 544 4443



Dælar sem þú getur treyst



Markmið okkar er

að auka rekstraröryggi,
nýtni og sparnað í rekstri



Eldislausnir

Bakkastíg 16 | 260 Njarðvík
Sími 895 3556 | 824 3410 | 612 5552
www.eldi.is | eldi@eldi.is



Tæringarpólin HVÍT BÁRA! fyrir allan matvælaíðnað

Venjuleg hvít bára til notkunar innanhús,
hentar vel fyrir loft og veggi í matvælaíðnaði,
í fjárhúsum, og í fiskvinnsluhúsnæði.

Auðvelt að þrifa, frábær ending.
Gott verð.



Ál er okkar mál

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

Menning



„Pönkið verður til sem uppreisn unga fólksins gegn stöðnuninni ... og sósíalísmannum – held ég.“

- Eyþór Arnalds, sigurvegari í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, útskýrði í viðtali á Hringbraut hvernig hægrí sinnaðar skoðanir hans samræmast pönkviðhorfinu sem hann aðhylltist í æsku, þegar hann var meðlimur í hljómsveitinni Tappi Tíkarrass.

Nýir íslenskir þættir um geðveikan forsætisráðherra

Björg Magnúsdóttir er í hópi þeirra sem skrifa handritið að nýjum þáttum frá Saga Film

Forsætisráðherra með geðhvarfasýki hættir að taka lyfin sín, hegðun hans verður stöðugt ófyrirsjáanlegri og upp hefst æsileg og tragikómísk atburðarás í beinni útsendingu. Þannig væri hægt að lýsa atburðarás nýrrar sjónvarpsþáttaraðar með vinnutitlinn „Ráðherrann“ sem Saga Film framleiðir og RÚV hefur keypt sýningarréttinn á.

„Þessar vikurnar erum við að taka lokasúning á handritunum, núna með leikstjórum sem dýpkar þetta allt saman. Stefan er að þættirnir verði sýndir í Ríkisútvarpinu á næsta ári – sjö, níu, þrettán,“ segir Björg Magnúsdóttir, rithöfundur og dag-

skrárgerðarkona, en hún skrifar handrit þáttanna ásamt þeim Birki Blæ og Jónasi Margeiri Ingólfssyni. Þau eru öll að þreyta frumraun sína á sviði handritsgerðar fyrir leikna sjónvarpsþætti, en eiga það meðal annars sameiginlegt að hafa starfað á fréttastofum íslenskra fjölmiðla.

Björg segir að um dramatískan en mannlegan þátt sé að ræða en vonar líka að hann verði spennandi og skemmtilegur – „svo hefur auðvitað allt sínar kómísku hliðar ef fólk kys að líta á þær.“

Hún neitar því að aðalpersóna þáttanna sé bein hliðstæða Donalds Trump eða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrver-

andi forsætisráðherra, sem hafa báðir verið sagðir af pólitískum andstæðingum sínum ekki ganga heilir til skógar: „Við erum að vinna með stærri hugmynd en eitthvað sem rúmast í þessum manneskjum sem þú nefnir. En það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að fá innblástur víða. Bæði hér á Íslandi og um allan heim hefur verið við völd fjöldi manna sem fólk veit ekki hvort séu klikkaðir eða snillingar eða bara á undan sinni samtíð.“

Hún tekur ekki undir þær áhyggjur að raunveruleg þróun á pólitíska sviðinu undanfarið ári hafi hreinlega trompað alla skáldaða þætti sem fjalla um stjórnmál:

Líkindi? Björg segir hugmyndina að sjónvarpsþáttunum Ráðherrann vera stærri en svo að hún fjalli um tiltekna einstaklinga – en innblásturinn gæti þó vel komið úr íslenskum stjórnmálum.



Frumraun á handritasviðinu
Björg Magnúsdóttir, rithöfundur og dagskrárgerðarkona, er einn þriggja handritshöfunda Ráðherrans.

kristjan@dv.is

Úr listheiminum

Rústaði Róbertum

Hlynur Pálmarsson kom, sá og sigraði á Dönsku kvikmyndaverðlauninum, en mynd hans Vetrarbræður hlaut hvorki meira né minna en níu Róberta (verðlaunagripirnir eru nefndir eftir listamanninum og kvikmyndaunnandanum Robert Jacobsen sem hannaði stytturnar). Vetrarbræður var meðal annars valin besta myndin, auk þess sem Hlynur var valinn besti leikstjórinn – ekki amalegt fyrir fyrstu mynd í fullri lengd.



Tarantino ídrast

Kvikmyndaleikstjórinn Quentin Tarantino hefur brugðist við frásögu Umu Thurman af bílslysi sem hún lenti í við tökur á kvikmyndinni Kill Bill. Hann segir að þótt hann hafi á sínum tíma ekki álitid atriðið vera hættulegt sé sú staðreynd að hann hafi látið hana framkvæma atriðið líklega það sem hann sjá mest eftir í lífi sínu, en Thurman lýsti því hvernig hann hunsaði áhyggjur hennar og óskir um að fá áhættuleikara til að leika í atriðinu í hennar stað. Thurman greiðir frá og birtir myndband af slysinu á sama tíma og hún sagði frá því að hún hefði orðið fyrir árás af hálfu kvikmyndaframleiðandans Harvey Weinstein, sem hefur framleitt allar helstu myndir Tarantinos.



Gefin út eftir 34 ár í geymslu

Það þykir sæta miklum tíðindum að út komi áður óútgefið heimspékirit eftir Michel Foucault, einn allra áhrifamesta heimspeking 20. aldarinnar, enda eru tæplega 34 ár frá því að hann lést. Nú hefur komið út bókin Játningar holdsins, fjórða bókin í Sögu kynferðisins, hjá frönsku útgáfunni Gallimard. Handrit bókanna var nánast tilbúið þegar Foucault lést árið 1984. Hann óskaði hins vegar eftir því að engin óklárúð rit hans skyldu gefin út eftir hans dag svo bókin hefur legið óútgefin í geymslu frá andláti höfundarins. Eftir því sem áhrif Foucaults og áhugi á verkum hans hefur aukist hefur þrýstingur á lífsförunaut Foucaults, Daniel Defert, um að gefa út bókina aukist. Menningar- miðillinn French Culture segir að bókin sé „án vafa síðasta stóra óútgefna heimspékiverk tuttugustu aldarinnar.“



Gagnrýnandi Kastljóss í verðlaunaverki í Íran

Snæbjörn Brynjarsson upplifði hvernig sjálfritskoðun virkar þegar hann tók þátt í leiksýningu í Teheran á dögnum

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is

Það eru eflaust margir sem eru farnir að kannast við Snæbjörn Brynjarsson af sjónvarpskjánum, en hann er annar leikhúsgagnrýnenda Menningarinnar í Kastljósi. Þessa dagana gerir Snæbjörn hins vegar garðinn frægan á sjálfu leiksviðinu, enda menntaður og starfandi sviðslistamaður. Hann er nú nýkominn heim frá Íran þar sem hann tók þátt í uppsetningu franska leikstjórans Philippe Quesne á verkinu Mélancolie des Dragons. Verkið var sýnt á Fadji, alþjóðlegri leiklistahátíð, í Teheran í lok janúar og hlaut þar verðlaun sem besta erlenda sýningin. Fjölmeðgöngum atriðum í sýningunni var breytt til að hún kæmist í gegnum ritskoðun íranskra stjórnmála.

Hulið há, enginn bjór eða kampaín

Sýningin var upphaflega sett upp í Avignon árið 2011 af leikstjóranum Philippe Quesne, sem er leikhússtjóri Nanterra Amandiers, eins stærsta leikhúss Frakklands. Sýningin var meðal annars innblásin af heimsókn hans til Íslands. „Ég tók ekki þátt í upphaflegu uppsetningunni, en frá árinu 2015 hef ég tekið að mér tvö mismunandi hlutverk í henni. Í stuttu máli mætti segja að verkið fjalli um hóp þungarokkara sem eru að setja upp skemmtigarð í snjónum – það er mikill gervisnjór á sviðinu. Verkið er mjög innblásið af heimsókn hópsins til Íslands 2009 þar sem ég var aðstoðarmaður hans. Í báðum hlutverkunum sem ég hef tekið að mér leik ég þungarokkara sem vill skapa



Snjóþungt í Íran Snæbjörn leikur einn úr hópi þungarokkara sem setja upp skemmtigarð í snjóþungu umhverfi. Hér er hann ásamt leikhópnum.

list og upplifun,“ segir Snæbjörn.

Íranska klerkastjórnin er þekkt fyrir harða ritskoðun á verkum listamanna ef þau eru stjórnminni ekki þóknarleg, listamenn eru handteknir og verk þeirra bönnuð. Snæbjörn segir leikhópinn hafa upplifað hversu varkárir listamenn þurfa að vera í landinu: „Það kom fagfólk á generalprufu til okkar og lagði til ýmsar breytingar á verkinu. Nú var ýmsu breytt, leikkonan til dæmis með hárið hulið, engin bjór eða kampaín drukkið heldur bara límónaði, en ýmislegt annað var líka ritskoðað, til dæmis var einn karlkyns leikarinn beðinn um að nota búning

„Ýmislegt annað var líka ritskoðað, til dæmis var einn karlkyns leikarinn beðinn um að nota búning sem hylði betur naflann.“

sem hylði betur naflann og nokkrum öðrum smáatriðum var breytt.

Þessir krítikerar voru þó ekki á vegum stjórnmála heldur voru þarna til að forðast möguleg leiðindi fyrir hátíðina.“

Opinskátt verk um transfólk

„Á sama tíma er ýmislegt sem rennur í gegn sem maður hefði talið að yrði ritskoðað, til dæmis var eitt opin-skátt verk

um transfólk. Þeir sem ég ræddi við voru þreyttir á þessu ófrjálsræði og nærri allir í Íran komast auðveldlega hjá netritskoðun og áfengisbanni. Það er hins vegar erfitt fyrir útlandið að dæma hvert almenningsálitið er. Þeir sem ég ræddi við höfðu áhuga á útlandingum, kunnun ensku eða voru sjálfir listamenn. En maður hefur á tilfinningunni að í borgunum, að minnsta kosti, finnist fólk komið gott, og það hefur reyndar sýnt sig í kosningum að kjórnir fulltrúar vilja aukid frjálslyndi en klerkarnir beita synjunarvaldi,“ segir Snæbjörn.

Eftir hátíðina ferðaðist Snæbjörn um landið og segist hafa fallið algjörlega fyrir landi og þjóð: „Íran er frábært land. Fólk er nánast óbærilega vinalegt og finnst sjálfsgat mál að gera manni hina ýmsu greiða. Það kom mér á óvart hve fjölbreytt landið er. Í Teheran er snjór og skíðaveður en hundrað kílómetrum sunnar er eyðimörk og stuttbuxnaveður. Hver einasta borg er ólík þótt þær eigi það allar sameiginlegt að vera með brjáláða umferðarmenningu.“

Nei, þetta er bannað!

Klerkastjórnin í Íran, þar sem Ayatollah Ali Khamenei fer með æðstu völd, ritskoðar leikrit og önnur listaverk sem sýnd eru í landinu.





Metsölulisti Eymundsson

Víkuna 28. janúar–3. febrúar

- 1 Þorsti - Jo Nesbø
- 2 Óveikni maðurinn - Jónína Leósdóttir
- 3 Uppruni - Dan Brown
- 4 Elín, ýmislegt - Kristín Eiríksdóttir
- 5 Undur Mývatns - Unnur P. Jökulsdóttir

- 6 Súrkal fyrir sælkera - Dagný Hermansdóttir
- 7 Stigvéladi kötturinn - Stella Gruney
- 8 Iceland in a Bag - Ýmsir höfundar
- 9 Sigraðu sjálfan þig - Ingvar Jónsson
- 10 Gatið - Yrsa Sigurðardóttir



Vinsælustu plöturnar

Víkuna 28. janúar–3. febrúar

- 1 Floni - Floni
- 2 Migos - Culture II
- 3 Jóipé & Króli - Gerviglingur
- 4 Herra Hnetusmjör - KÓPBOI
- 5 Ýmsir - The Greatest Showman

- 6 Ed Sheeran - +
- 7 Sam Smith - The Thrill Of It All
- 8 Post Malone - Stony
- 9 Camila Cabello - Camila
- 10 XXXTentacion - 17




Vinsælast í bíó

Helgina 2.–4. febrúar

- 1 Lói - Þú flýgur aldrei einn
- 2 Maze Runner: The Death Cure
- 3 Paddington 2
- 4 Winchester
- 5 Jumanji

- 6 Darkest Hour
- 7 Three Billboards Outside Ebbing, Missouri
- 8 The Post
- 9 Den of Thieves
- 10 Svona er lífið (C'est la vie)



RAPP, BANKARAPP


Bankarnir nýta sér íslenska rappara í auglýsingaskyni ■ Lána bönkum ímynd sína

Kristján Guðjónsson
kristjan@div.is



Íslenskt rapp hefur verið í miklum blóma undanfarn ár. Margir hafa líkt óhefluðu viðhorfinu, gróskunni og kraftinum sem hefur verið viðloðandi rappsenuna við pönkið og röt-tæka andspyrnuna við borgaralegt siðferði sem kristallaðist í þeirri menningu. Mörg fyrirtæki sjá sér leik á borði, vilja nudda sér upp við hina ungu listamenn í þeirri von að ára ungæðingslegrar orku og ferskleika smitist yfir á vörumerki þeirra, og ólíkt flestum þeim sem kenna sig við pönkið virðast margir íslenskir rapparar vera tilbúnir í að lána fyrirtækjum ímynd sína.

Þau fyrirtæki sem hafa verið hvað mest áberandi í tengslum sínum við rapp-senuna eru strigaskóframlendið. Það kemur kannski ekki á óvart en tengsl alþjóðlegrar rapptónlistar og strigaskóframlendið hafa að mörgu leyti verið samtvinnuð síðustu áratugi, eða allt frá því að RUN DMC gerði Adidas að einkennismerki sínu snemma á níunda áratugnum. Á Íslandi hafa Adidas og Nike barist um að fá að klæða rapptónlistarmennina undanfarn ár, og ýmist haldið eða greitt fyrir stórtónleika rapptónlistarmanna, til dæmis má nefna mikla rappveislu Adidas í Listasafni Íslands fyrir tveimur árum og Nike (og Coca Cola)-styrktastórtónleika KBE-rapphópsins í Gamla bíói í desember.



Auglýsir Arion Rapparinn Jóipé samdi lagið Áfram fyrir auglýsingu Arion-banka.



Eftir því sem vinsældir íslensks rapps hafa aukist og það hefur náð meginstraumsvinsældum



Birnir og bankinn Landsbankinn framleiddi myndband við lagið Út í geim með rapparanum Birni í aðdraganda tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves í nóvember. MYND LANDSBANKINN



Bransasögur Íslandsbanka Herra Hnetusmjör og Króli hafa tekið þátt í myndböndum sem birtast á vefsíðu Íslandsbanka. MYND ÍSLANDSBANKI

hafa fyrirtæki með íhaldssamari ímynd einnig farið að sækja í rappið, eflaust til að gefa fyrirtækjum sínum áru ferskleika og andspyrnu. Nú síðast hafa allir íslensku viðskiptabankarnir fengið rappara í ýmiss konar samstarf í auglýsingatilgangi.

Landsbankinn hefur um nokkurt skeið framleitt stutt tónlistarmyndbönd í tengslum við Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina. Þar stíga ungir tónlistarmenn á svið og mynd-

bönd af flutningnum eru framleidd og dreift af bankanum. Í ár fékk Landsbankinn meðal annars að frumflytja lagið „Út í geim“ með rapparanum Birni, en lagið hefur notið mikilla vinsælda í kjölfarið og myndbandið, sem hýst er á Youtube-rás Landsbankans, fengið yfir 120 þúsund áhorf.

Íslandsbanki hefur fengið rappara í ýmiss konar samstarf. Í febrúar mun Arnar Freyr úr rappsveitinni Úlfur Úlfur til dæmis halda rappnámskeið á vegum bankans í einu útibúa þess. Þá hefur bankinn birt stuttar frásagnir tónlistarfólks á Facebook-síðu sinni undir yfirskriftinni „Bransasögur.“ Í desember birtist myndband þar sem rapparinn Herra Hnetusmjör rifjar upp söguna á bakvið lag hans og Birnis, „Já, ég veit“, vinsælasta rapplag landsins þann mánuðinn. Frásögn rapparans var líflæg og hefur myndbandið verið spilað yfir 71 þúsund sinnum. Fyrr í vikunni birtist svo frásögn nýstirnins Króla af velgengi hans og samstarfsmannsins JóaPé.

Jóipé hefur sjálfur nýlega birst í auglýsingu annars banka. Arionbanki tók þátt í framleiðslu lags og tónlistarmyndbands JóaPé. Brot úr laginu og myndbandinu birtist fyrst í sjónvarpsauglýsingu bankans sem sýnd var á meðan Evrópumeistararmótið í handbolta stóð yfir. Eftir að mótinu lauk kom myndbandið svo loksins út á Youtube-rás bankans, og á streymisveitunni Spotify er lagið enn fremur skráð sem höfundaverk bankans. ■

Íslandsbanki

Tónlist að heiman Rödd kvenna í Afganistan

Fatima Hossaini mælir með lögnum Sarzamine man og Qahraaman frá Afganistan

Uppáhaldslagið mitt frá Afganistan er líklega „Heimalandi mitt“, segir Fatima Hossaini, en hún mælir sérstaklega með útgáfu söngvarans Dawood Sarkhoosh af laginu, sem nefnist á frummálinu Sarzamine-man.

Fatima er fædd og uppalin í Íran en er dóttir afganskra flóttamanna. Hún flutti til Afganistan eftir fall talíbanastjórnarinnar og menntaði sig þar. Árið 2010 flutti hún til Íslands og er í dag íslenskur ríkisborgari.

„Þetta lag er það fyrsta til að

hreyfa við mér þannig að ég tók ástfóstri við upprunaland for-eldra minna – en ég er fædd í Íran og hafði litla tengingu við Afganistan áður. Í laginu tjáir skáldið ást sína, áhyggjur og sorgir varðandi heimaland sitt, hvernig lífið hefur enga merkingu án heimalands eða eigin staðar, hversu vansælt lífið verður þegar maður þarf að yfirgefa heimalandið, hvernig aðrir svíkja það fyrir græðgi og rífa það í sundur – það er enginn sem getur læknað sár heimalandsins. Dagar skálds-

ins eru myrkir án heimalands og hann bíður þess dags þegar hann getur snúið aftur. Lagið fjallar um aðskilnað og þrá eftir heimili, stað til að öðlast frið. Það varpar ljósi á líf og ástand fólks sem þarf að yfirgefa heimili sín við erfiðar aðstæður,“ segir Fatima.

Hún mælir einnig með laginu Qahraaman, eða „Sigurvegari“,



Aryana Sayeed



Dawood Sarkhoosh

með poppsöngkonunni Aryana Sayeed. „Hún er sú söngkona sem getur hvað helst talist rödd kvenna í Afganistan, því á síðustu árum hefur hún ögrað steriótýpum og hefðbundinni ímynd kvenna í Afganistan. Hún hefur ítrekað ver-

ði gagnrýnd fyrir það hvernig hún kemur fyrir á opinberum vettvangi, en það hefur ekki tekist að hræða hana. Hún er alltaf tilbúin að svara gagnrýnendum og tekur harða afstöðu gegn gildum fedraveldisins sem bitna á konum. Ég virði þessa viðleitni hennar en ég hef líka gaman af verku hennar – sérstaklega þeim lögum sem fjalla um konur.“ ■

Fatima Hossaini Lög- og kynjafræðingur mælir með tónlist frá Afganistan. MYND SIGTRYGGURARI



Helgarkrossgátan

		krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510		frá	hljóðfæri	læða	fram		
		fengur				6			
		óðagot							
		kaup							
		þurs nöldur					sefaðar		
Teikning: Hallor Andri eftirprentun bönnuð	↓	sægurinn	1001		bág	kemst			
gotteri			1			þoka	skott		
klukku			froskurinn	11	2 eins megin		hvað? dínamóinn		
	↓		tjaslað						
mana			7		2 eins	númer			
2 eins			sigla			tortryggir			
	↓	2	verkfæri bandaríkja- menn			borg	4	greinir	hast
doka					sáðlandi	spendýr útlímur	3		
ávöxtur						krús			
3 eins					2 eins 4 eins	eldstæði		fuglinn	
			eina til getan			rösk			duglausan
	↘				9		↗	2 eins	
áverki			fuglinn		álasí	hinkra auðlind	8		
	vaðina grandvar					strákapör anganina			
skjól					atlöguna				
álpaðist					dans		2 eins	10	kvendýr
	5	fæði		til	hita góma				elska
bátinn						tröll glens			
veisla			krækja				3 eins		
uppkast					andvarpið				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3	2						7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8							2	3
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1
				8				6
4					1			
				1	6	3		7
						2		1
								3
				2	5	6		
9						4		
1	5			3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Guðný H Ragnarsdóttir

Öldugranda 7

107 Reykjavík

Lausnarorðið var **ÞYRLURÁNIÐ**

Guðný H. hlýtur að launum bókinu Njósarnarinn



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Þyrluránið

Þyrluránið í Stokkhólmi í september 2009 er eitt stærsta rán sem framið hefur verið í Svíþjóð. Bírafnir þjófur rændu þyrlu, lentu henni á þaki peningageymslu í Västberga að næsturlagi, brutust inn og komust undan með 39 milljónir sænskra króna. Lögreglan hafði fregnir af ráninu fyrir fram – og það sem meira var: Ræningjunum var ljóst að lögreglan vissi af þeim.

Atburðarásin var ótrúlegri en nokkur skáldsaga. Hér er hún notuð til að skapa hörkuspennandi og vel fléttada sögu sem ýmist er sögð frá sjónarhóli ræningjanna, sem tókst hið ómögulega, eða lögreglumannanna sem mistókst að sjá við þeim og þurftu að horfa upp á ræningjanna fylla þyrluna af peningum og fljúga á brott. Jonas Bonnier skrifaði Þyrluránið eftir að hafa átt ítarleg viðtöl við ræningjana. Bókin hefur vakið mikla athygli og útgáfuréttur verið seldur til yfir 30 landa auk þess sem Netflix hefur keypt kvikmyndaréttinn.

Eyrún Edda Hjörleifsdóttir þýddi.



Vörur, vélbúnaður og þjónusta fyrir minni fiskibáta



- Plastviðgerðir
- Rafgeymar
- Dælur
- Varahlutir



BALDUR HALLDÓRSSON ehf
Skipasmiður

Hlíðarenda / 602 Akureyri
S: 462 3700 / baldurhalldorsson.is



„Allt hefur gengið vel þangað til fyrir um sex mánuðum að þá hætti ég alveg að geta fengið sæðlát með konunum

Friðrik fær það ekki með ástkonum sínum

■ Stundar kynlíf með þremur konum ■ Vita ekki af hver annarri

Blessuð og sæl Ragga

Ég er 46 ára og bara í þokkalegu ástandi líkamlega sem andlega. Ég er einhleypur og vil halda því þannig, en ég á þrjár vinkonur sem eru á sama stað og ég – vilja bara „single“-lífið – og hef verið að sofa hjá þeim í nokkur ár (í síthvoru lagi), svona þegar þeim hentar og öfugt.

Allt hefur gengið vel þangað til fyrir um sex mánuðum að þá hætti ég alveg að geta fengið sæðlát með konunum. Ég æsist alltaf jafn mikið upp við að hitta þær og rís hold, svo get ég verið að eins lengi og ég hef þrek til, en þetta er farið að valda ákveðnum vandræðum.

Núna eru vinkonur mínar farnar að spyrja hvort ég sé að missa áhugann á þeim, en það er fjarri lagi, áhuginn er jafnmikill og í byrjun, og neistinn jafnvel sterkari. En ef ég á að geta klárað þá verð ég að sjá um það með sjálfum mér. Ég er búinn að fara yfir síðasta ár í þaula og það hefur ekkert gerst, breyst, eða komið upp á andlega eða líkamlega sem ég kem auga á. Um daginn fór ég til dæmis heim með konu sem ég hitti á skemmtistað og allt gekk eins og í sögu nema þetta, ég náði ekki að klára sjálfur.

Þetta hljómar kannski eins og maður sé með egóíð í hæstu hæðum og þar af leiðandi óþolandi týpa, en svo er nú ekki. Ég hef alltaf verið kurteis og kunnað mannsiði. En þetta er að eyðileggja fyrir mér og ég veit bara ekki hvað skal taka til bragðs.

Eitt enn er að þær vita ekki af tilvist hinna. Veit bara ekki hvernig ég get lýst þessu betur fyrir þér. Er allur af vilja gerður að gera það sem til þarf til að koma mér í lag hvað þetta varðar. Vesnið hlýtur að vera á mína ábyrgð. Ég yrði agalega þakklátur ef þú gætir gert eitthvað til að aðstoða mig í þessu Ragga.

Elsku Friðrik

Takk kærlega fyrir bréfið. Ég ætla að byrja á öfugum enda og skrifa ögn um það sem þú minnst á síðast í bréfinu – að ástkonurnar viti hver um sig ekki af tilvist hinna. Kannski skiptir þetta engu máli, en mig langar bara að minna þig á hvað það er frábært að þurfa ekki að fela neitt og lifa í sannleikanum. Ef konurnar þínar þrjár gera hver um sig ráð fyrir því að þú sért þeim trúur, ráðlegg ég þér að koma út úr skápnum með sannleikann. Það er svo glatað að þurfa að laumast, kíkja yfir öxlina á sér og ganga stöðugt úr skugga um að þú sért ekki að afhjúpa þig. Fjöldi fólks kann þrýðilega við að eiga sér kynlífsleikfélaga án þess að um einkarétt sé að ræða, en flestir kjósa að hafa sannleikann að leiðarljósi og fyrir því eru tilfningalegar og heilsufarslegar ástæður. Ræddu þetta við dómurnar þínar þrjár – kannaðu hvort einhver þeirra gengur um með brúðkaupsóra og drauma um að skrifa undir húsnæðislán með þér hið fyrsta. Ef ekki þá er allt í góðu og þú heldur þínu þrefalda striki vinur minn.

Að sæðlátinu – eða vöntuninni á því með dömum þínum. Fyrirbærið kallast seinkað sæðlát og er vel þekkt vandamál hjá körlum (1–4%), þó að það sé alls ekki eins algengt og of snemmt sæðlát (15–30%). Formlega skilgreiningin er sú, að taki það 30 mínútur eða meira fyrir karlmann að fá sæðlát í samförum, þrátt fyrir fullnægjandi stinningu, sé hægt að líta svo á að sæðlátið sé seinkað. Auðvitað fer svo algerlega eftir afstöðunni að hvaða marki karlmaðurinn upplifir þetta sem vandamál. Góður vinur minn er hæstánægður með að hafa samfarir tímunum saman, en hefur reyndar aðeins einu sinni hitt fyrir konu sem kunnir til fulls að meta þann eiginleika.


Ef þú hefur fram að þessu stundað þitt kynlíf með sterkan fókusi á fullnægingu og sæðlát í samförum sem markmið get ég skilið að það sé ákveðið sjokk að gamla góða hjakið sé skyndilega hætt að virka. Breytingin veldur þér ama, líka viðbrögð ástkvinnanna sem halda að þú sért orðinn afhuga þeim ... og samanlögð niðurstaða verður frammistöðukvíði sem er byrjaður að krauma innra með þér.

Á bak við seinkað sæðlát geta legið ýmsar líkamlegar ástæður til að mynda aukaverkanir lyfja, taugaskemmdir, lækkad testósterón eða skjaldkirtilshormón, sýkingar í blöðruhálskirtli eða þvagfærum. Ef þú telur einhvern möguleika á slíku væri ráð að leita til heimilislæknis.

Ef það er hins vegar klárt mál að ekkert líkamlegt liggir að baki er bara það andlega eftir. Þú segir allt hafa gengið að þínum óskum þar til fyrir hálfu ári þegar þú gast skyndilega ekki fengið það lengur „sjálfur“. Ég get ímyndað mér að eftir fyrsta skiptið hafi lítil áhyggjunsjó-bolti rúllað af stað og orðið til þess að auka líkurnar á því að þetta gerðist aftur. Áhyggjur, streita og sambandsvandamál geta haft áhrif. Skoðaðu hvað er að gerast innra með þér og hvort eitthvað þar gæti tengst ástandinu. Ef hvorki gengur né rekur gæti borgað sig að kanna málið frekar með aðstoð ráðgjafa.

Hver sem hin raunverulega ástæða er getur eftirfarandi verið gagnlegt fyrir þig á þessu stigi:

Reyndu að endurskilgreina markmið kynlífsins og njóta frekar en að stefna að sæðláti í samförum. Kannadau hvort ástkonunum gæti þótt gaman að sjá þig „klára“. Margar konur njóta þess að horfa á karlmenn fróa sér. Útskýrðu breytingarnar sem þú ert að upplifa fyrir ástkonunum. Segðu þeim það sem þú



Óvenjuleg blæti

Blæti er íslenskun á orðinu „fetish“ en það er notað þegar einstaklingur örvast kynferðislega af athöfn, hlut eða líkamsparti sem hefur ekki kynferðislega skírskotun í huga þorra fólks.

Blæti sýna okkur eina ferðina enn fram á hinn magnaða og heillandi fjölbreytileika kynlífs. Hér eru nokkur sem þú hefur kannski ekki heyrt um.

- **Agalmatophilia** - að örvast af stytum.
- **Climacophilia** - að örvast af því að detta niður stiga.
- **Formicophilia** - að örvast af skordýrum.
- **Knismolagnia** - að örvast af því að einhver kittli mann.
- **Nebulophilia** - að örvast af þoku.
- **Psychophilia** - að örvast af því að vera kalt og sjá aðra sem er kalt.
- **Vorarephilia** - að örvast af tilhugsun um að borða líkamsparta einhvers.
- **Xylophilia** - að örvast af við.

Áhugasömum má benda á bókina PERV: The Sexual Deviant in all of us eftir Jessie Bering (2013).

skrifaðir mér í bréfinu – að þú sért alveg jafnsjúkur í kynlífið ... en eitthvað valdi því að þú færð ekki sæðlát á sama hátt og áður. Einlægni er sex!

Gangi þér sjúklega vel,
Ragga

ERTU AÐ FLYTJA? VANTAR ÞIG SENDIBÍL?



Þú leigir hjá okkur sendibíl
í stærð sem hentar fyrir þig, með
eða án lyftu, og keyrir sjálfur.

**Hafðu samband í síma
566 5030 – Cargobilar.is**

CARGO
sendibíla-leiga

566 5030
www.cargobilar.is

STAÐIR SEM ÞÚ ÆTTIR AÐ HEIMSÆKJA

áður en þeir verða of vinsælir

Einar Þór Sigurðsson
einar@dv.is



Benidorm, London, Kanaríeyjar og New York. Allt eru þetta vinsælir ferðamannastaðir og góðir og gildir sem slíkir. Sífellt fleiri fara í ferðalög út fyrir landsteinana; framboðið á flugi eykst ár frá ári, verðið lækkar og ferðamenn opna augun fyrir nýjum áfangastöðum.

Um allan heim eru til fallegir staðir sem líklega verða vinsælir meðal ferðamanna áður en langt um líður, en eru kannski enn tilþöglulega lítt þekktir sem ferðamannastaðir. Þar af leiðandi er verð lægra og fjöldi ferðamanna hóflegur sem margir hljóta að sækjast eftir. Ferðavefurinn Thrillist tók saman nokkra þessara staða og óhætt að segja að þeir hafi upp á margt að bjóða. ■




Kólumbía Kólumbía er eitt af 30 fjölmennustu ríkjum heims. Af kannski skiljanlegum ástæðum hefur ferðamannageirinn ekki beint blómstrað undanfarna áratugi en það kann að fara að breytast. Eftir ólguöldum ári virðist stöðugleiki vera að komast á í þessu fallega landi sem liggur að Kyrrahafinu og Karfbahafinu. Í Kólumbíu geta allir fundið eitt-hvað við sitt hæfi; fallegar strendur, fallegar borgir, menningarlíf, útivist og svo framvegis.

Hvernig kemst ég þangað? Líklega er best að fljúga í gegnum Bandaríkin þegar farið er til Kólumbíu. Hægt er að fljúga þaðan til borga eins og Bogota og Cartagena.

Asóreyjar, Portúgal Asóreyjar er einn afskekktasti eyjaklasi heims og tilvalinn fyrir þá sem vilja fá frið frá skarkala borgaræða strandlífsins. Um er að ræða níu eyja klasa í miðju Norður-Atlantshafinu. Eyjarnar fundust árið 1427 og þykja afar fallegar og tilvaldar fyrir þá sem vilja vera úti í náttúrunni og upplifa eitthvað öðruvísi. Veður er með ágætum á þessum slóðum og er hitinn yfirleitt í kringum 20 gráður yfir sumartímum.

Hvernig kemst ég þangað? Það þarf að leggja á sig talsvert ferðalag til að komast til Asóreyja. Hægt er að fljúga til dæmis frá Frankfurt og Lissabon.



Þessalóníka, Grikklandi Aþena, Krít og Santoríni. Allt eru þetta vinsælir ferðamannastaðir í Grikklandi en öllu minna hefur farið fyrir Þessalóníku, einni stærstu borg Grikklands. Þessalóníka er hrein og falleg borg, stútfull af fallegum byggingum og fornum byggingarústum. Þó að Þessalóníka sé forn borg er hún í senn nútímaleg, enda eyðilagðist stór hluti hennar í bruna árið 1917. Um 70 þúsund manns misstu heimili sín og 9.500 hús gjöreyðilögðust. Þessalóníka er stundum sögð minna á Barcelona og heimamenn segja að maturinn sé hvergi betri. Þá er stutt í rólegar strendur sem er aldrei slæmur kostur.

Hvernig kemst ég þangað? Auðvelt er að komast til Þessalóníku frá fjölförnum flugvöllum í Evrópu, til dæmis München.



Tíblisi, Georgíu


Tíblisi í Georgíu kemur væntanlega ekki fyrst upp í huga fólks þegar skoðaðar eru borgarferðir. Tíblisi er sögufræg borg í Austur-Evrópu og má segja að í gömlu borginni mætast asískur og evrópskur stíll. Rúm ein milljón íbúa býr í Tíblisi; verðlag er hagstætt, maturinn góður, þarna er nóg að skoða og veðrið yfir sumartímum er yfirleitt frábært. Ekki þykir verra að næturlífíð í Tíblisi er fjörukt.

Hvernig kemst ég þangað? Ekki er flögð beint til Tíblisi frá Íslandi. Auðvelt er þó að verða sér út um tengiflug til borgarinnar, til dæmis í gegnum München.



Belgrad, Serbíu Á undanförunum árum hafa áfangastaðir í Austur-Evrópu notið sífellt meiri vinsælda. Hér er til dæmis um að ræða borgir á borð við Vínfús, Ríga, Gdansk og Katowice. Belgrad í Serbíu er borg sem nýtur vaxandi vinsælda enda hafa breytingar til hins betra orðið í Serbíu eftir fall Júgóslavíu og titringinn sem fylgdi í kjölfarið. Belgrad er falleg borg þar sem nóg er að skoða, verð er hagstætt, fjölbreyttar verslanir, þarna eru góðir veitingastaðir og djammíð er líklega hvergi mikið betra.

Hvernig kemst ég þangað? Hægt er að fara til Belgrad frá mörgum evrópskum flugvöllum, til dæmis Amsterdam, Gautaborg, London, München og Frankfurt.



Valentínusar matseðill

Bleikja

Kóríander + granatepli + jógúrt

Grillað flatbrauð za'atar

Hummus + möndlu papríkukrem

Stökkar falafel

Kryddjurtakrem

Bakað blómkál

Granatepli + möndlur
+ kúmen jógúrtsósa

Grilluð kjúklingaspjót

Salsa + aioli + kryddaðar möndlur

Döðlukaka

Kryddkaramella + vanilluís
+ lakkrísbraun

6200 kr. á mann

* Bjóðum upp á 6 rétta vegan eða grænmetismatseðil.

Valentínusar kokteill Sumac Hilo

Hilo

Sumac gin + rósir + rabarbari + sítróna
1700kr.

sumac



BORG

FASTEIGNASALA

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS

SPENNANDI NÝBYGGINGAR

OPIÐ HÚS

Á FRAKKASTÍG
SUN. 11. FEB. KL. 14:00-15:00

Velkomin á sölukynningu á nýbyggingarverkefnum Borgar. Fasteignasalar taka á mótí áhugasömum með kaffi og veitingum í Síðumúla 23.

Sölukynning sun. 11. feb.
frá kl. 15.00-16.00

FRAKKASTÍGUR 8 | HVERFISGATA 58-60 | 103 RVK



OPIÐ HÚS
sunnudag
KL. 14.00-15.00

KÓPAVOGSBRÚN 2-4 | 200 KÓPAVOGI



JÆÐARLEITI 2-6 | 103 REYKJAVÍK



Lítt þekkt ættartengsl Ógegnsæismenn og gegnsæismaðurinn

Spjótin standa nú á bræðrunum

Kristján Snorra og Eyjólfur Vestmann Ingólfssonum sem standa að Flokki heimilanna. Flokkur heimilanna bauð fram til Alþingis árið 2013 og fékk rúmlega 30 milljónir úr ríkissjóði. Kristján Snorri er formaður flokksins og segir starfsemina vera í fullum gangi þrátt fyrir að flokkurinn hafi ekki boðið sig fram 2016 og 2017 og ætli heldur ekki í framboði á ári. Kristján vildi ekkert tala við RÚV um málið fyrir skemmstu og sagðist ekki ætla að veita viðtal um málið næstu fimmtíu árin. Svo virðist sem flokkurinn leggi ekki mikla áherslu á gagnsæi í störfum sínum.

Það sem fáir vita er að náfrændi þeirra bræðra er einnig í stjórnmalum og leggur þar mikla áherslu á gagnsæi. Móðir þeirra Kristjáns Snorra og Eyjólfur Vestmann er María Kristjánsdóttir, systir Svans Kristjánssonar sem er faðir Halldórs Auðar Svanssonar, borgarfulltrúa Pírata.

Það væri forvitnilegt að heyra hvað lýðræðisráðið sem Halldór Auðar stýrir í Reykjavík segði um framferði frænda hans.



Halldór Auðar Svansson



Kristján Snorri Ingólfsson

Ég hef lokað á tilfinningar mínar í mörg ár

Kara Kristel er 22 ára og hefur vakið athygli fyrir opinská skrif um kynlíf og samskipti kynjanna. Kara er nýr penni á DV og í sínum fyrsta pistli sýnir hún á sér mýkri hlið en hún hefur áður gert.

Síðustu mánuði hef ég gefið út á við þá mynd af mér að ég sé frekar tilfinningalaus stelpa. Reyndar ekki bara seinustu mánuði heldur seinustu ár frekar. Að vera ungur á Íslandi í dag er ótrúlega erfitt, við erum öll svo erfið. Ég get aðeins tjáð mig út frá minni

reynslu, en ég veit að reynsla flestra vina minna er svipuð.

Hversu lengi er hægt að sofa hjá manneskju án tilfinninga? Hvar eru mörkin? Þegar hláturinn, gleðin og koddahjalið eru farin og seinasta skiptið okkar var án þess að hvorugt hefði hugmynd um að það yrði það seinasta. Hvernig kveður kona einhvern sem hún átti ekki, án þess að segja bless?

Ég er sek. Ég hef lokað á tilfinningar mínar í mörg ár. Nokkrum sinnum brennt mig á því eftir á. Ég hef áttað mig á því

tvisvar, of seint í bæði skiptin, að ég væri með tilfinningar til viðkomandi.

Hvað gerir kona? Í fyrsta skiptið læknaði tíminn sárin, ég er ekki búin að komast til botns í hvað gerðist í seinna skiptið. Ég sakna hans. Ég sakna hláturskasta, ég sakna samræðna, ég sakna kynlífsins.

Þegar tvær týndar sálir mætast og allt er leikur verður enginn sigurvegari. Þú getur ekki unnið leikinn, sama hvað þú reynir. Það getur það enginn.

Það er erfitt í samfélagi þar sem allir setja upp grímu, stelpur og strákar. Fáir þora að sýna tilfinningar og ef þú þorir ertu asnalegur.

Ég veit að tíminn lagar allt, góðar vinkonur, góðir vinir og góð tónlist hjálpar til við að

Hversu lengi er hægt að sofa hjá manneskju án tilfinninga?

dreifa huganum. En þegar allt róast, kona er komin heim og þögnin tekur yfir byrjar hugurinn að reika. Hvað ef ég hefði sagt eitthvað? Er hann með sömu tilfinningar og ég?

Ef ég er heppin, eftir ótal kvöld sem innihalda vinkonur, hvítvín, gloss og djammleika, gleymi ég honum.

Þegar ég hittir þig fyrst hefði mér aldrei dottið í hug hvað myndi gerast, hversu mikið mér myndi þykja vænt um þig.

Þegar tíminn hefur kennt mér að þegar ég næ að gleyma þér tekur sá næsti við, og sagan mun endurtaka sig alveg þangað til ég hef lært að opna mig. Þangað til mun ég sakna, og það er skrítíð að sakna einhvers sem ég átti ekki.

Hvað er svona erfitt við þetta? XXX



„Mamma myndi halda að ég hefði gengið niður Bankastrætið berrössuð“

Gleðigjafinn, veislustjórinn, blómaskreytirinn og snapparinn **Eva Ruza Miljevic** hefur alltaf nóg fyrir stafni. Hún er líka tvíburamma, eiginkona og systir. Eva sýnir lesendum DV á sér hina hliðina og svarar nokkrum undarlegum spurningum.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininn þinn? Hakuna Matata. Vil líka að þessu lagi verði blastað í jarðarförinni minni og allir dansi út.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja?

Superstar með Jamelia. Og helst bara víðlagið þar sem hún syngur: „You must be some kind of superstar.“

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Öllum lélegu bröndurum hans þabba. Hann á ódauðlegt safn af fimmaurabröndurum sem eru í raun alveg glataðir, en honum sjálfum finnst þeir svo myndir að maður hrífst með honum.

Borðardu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölu-dag? Ekki séns. Ég er alveg agaleg með síðasta sölu-dag. Mamma er alltaf að skamma mig, en ég er svo mikill glikkur á mat að ég myndi mér græna myglu í öllu sem var útrunnið í gær. Og já, ég veit, ég verð að taka mig á í þessum máli. Hvað er löglegt í dag en verður það líklega ekki eftir 25 ár? Ég vona svo innilega að það verði reykingar. Mesti óþarfi í heimi eru sigarettur (hef aldrei reykt og þeir sem reykja eru pottþétt að

Þau voru einu sinni par!



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og séra Davíð Þór Jónsson voru par í sjö ár. Það neistaði á milli þeirra í Gettu betur. Davíð segir að Katrín hafi slitið sambandinu árið 2004 vegna drykkju hans en ári síðar klæddist hann sloppi á Vogli og hóf nýtt líf. Skilnaðurinn lagðist illa í Davíð en í dag er hann þakklátur Katrínu. Kona Davíðs í dag er Þórunn Gréta Sigurðardóttir en Katrín er í sambúð með Gunnari Sigvaldassyni.



HIN HLIÐIN

skamma mig í huganum núna). Er samt ekkert að hugsa um að fangelsa fólk sem reykir, en ég vona að eftir 25 ár verði fólk búið að átta sig á að reykingar drepa ... í alvörðunni.

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Að ganga með tvö börn, í einu. Var svo heppin að það var einhver æðri sem ákvað að ég yrði tvíburamma. Ég mun nota þetta óspart á eiginmanninn þangað til þau verða 18 ára. Að ég hafi í raun framkvæmt stórafrek með því að ganga með þau bæði í einu. Ég á það til að grípa í þann frasa þegar mig vantar vatnsglas og nenni ekki að standa upp. Svinvirkar alltaf. Ég á góð 11 og hálf ár eftir af þessum frasa.

Ef þú myndir borða sjálfa þig, hvort myndirðu hverfa eða tvöfaldast? „Double trouble.“ Það er svo gott í mér þundið að ég myndi tvöfaldast.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Buffalo-skór. Blessuð sé minning þeirra. Ég hef reyndar séð einhvers konar útgáfu af þessum skóm í dag, sem eru töluvert skárri, en ég bið í raun til Guðs að Buffalo-skórnir, „the one and only“ muni ekki koma í tísku, því ég á það til að vera „fashion victim“.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm ár? Smellubuxurnar sem mér sýnist Adidas vera að innleida aftur. Kendall Jenner póstaði myndskildi af sér á Instagram í þeim og ég fékk ákveðinn hroll niður bakið. Hélt að þær væru að hvíla í friði með Buffalo-skónum. En ég held að þær munu ekki halda velli.

Ef þú sjáir mig í smellubuxum og Buffalo-skóm í sumar þá kannski flettið þessu viðtali upp og minnið mig á þetta svar.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Svamp Sveinsson. Eins óþolandi og röddin hans er, þá virkar hann á mig sem flippað skemmtileg týpa og ég er nokkuð viss um að hann mundi kynna mig fyrir Pétri og við þrjú yrdum „best friends“ að eilífu.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? „Eva blessi þig.“

Hvernig myndirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni? „Ímyndaðu þér hlýjustu tilfinningu sem þú getur fundið. Þannig er gulur. Hlýr og góður.“

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? „Bye bye bye“ með Justin Timberlake og strákunum í NSYNC.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Ég hika ekki við að nikka fast til frægra sem ég þekki alls ekki og ég geri það alveg mjög óvart. Einu sinni vinkaði ég til dæmis Sindra á Stöð 2 ákaft í rúllustiganum í Smáralind. Áttaði mig á að ég þekkti hann ekki neitt þegar hann hikaði aðeins þegar hann sá mig og hélt síðan áfram för sinni. Ég viðurkenni að ég bölvaði mér smávęgis í hljóði það sem eftir var af rúllustigaferðinni.

Ef þú yrðir handtekin án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að

þú hefðir gert af þér? Að ég hefði „stalkað“ einhvern frægan, eiginmaðurinn svaraði þessar mjög fljótt fyrir mig. Mamma sagðist mundi halda að ég hefði gengið niður Bankastrætið berrössuð. Ég sé að ég þarf að endurskoða sjálfa mig eftir þessi svör frá þeim.

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfjóturmurinn finna, Frikki Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump yrði myrtur. Hver yrði stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Ef Eurovision-draumurinn myndi rætast þá fengi dagblaðið allar blaðsíðurnar undir sigurinn og ég mundi boða mikinn fögnuð á Arnarhóli við komu Friikka til landsins. Ég væri náttúrulega mikil valdamanneskja og ræki vinsælasta dagblað landsins. Skítt með Trump og orminn. Frikki Dór ætti blaðið í um viku.

Hverjum líkist þú mest? Ég líkist Tinnu systur minni mest, og margir halda að við séum einægja tvíburar. En svo hef ég fengið að heyra um það bil 1.000 sinnum að ég líkist leiknonni Kim Raven. Fæ það um það bil einu sinni í viku, fjöldann allan af skilaboðum þess efnis. Yfirleitt á mövikuðögum þegar Grey's Anatomy er á skjánum.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Barbiegirl með Aqua. Þetta lag var á topplistanum mínum í um eitt ár þegar það kom út á hátindi gelgjunnar. Ég viðurkenni alveg að ég hækka ef það kemur í útvarpinu en Jesús minn, þetta lag er svo slæmt að mig verkjar á sama tíma og ég góla hátt með hverju orði.

Bókaðu sól

FUERTEVENTURA

Allt að
39.950 kr.
afsláttur á mann

Frá kr.
79.995



FLUGSÆTI
ÁÐUR KR.
79.900
NÚ KR.
39.950

2
FYRIR
á flugsæti
m/gistingu

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

Fuerteventura býður ferðamenn velkomna með stórbrotinni feður og hreinum línunum hinna hvítu stranda, einstökum litbrigðum fagurra jarðlita og túrkisbláu hafinu. Sagt er að hver Kanaríeyjanna hafi sín sérkenni og á Fuerteventura eru það strendurnar. Þær teygja sig langar og breiðar í kílómetravís með fínun hvítum sandi og kristaltærum sjó og bjóða mann velkominn, stórkostlega fagar. Fuerteventura er sannarlega paradís sóldýrkandans.



Stökktu

Frá kr. 79.995 m/ekkert fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
12. febrúar í 10 nætur & 22. febrúar í 11 nætur.



Stökktu

Frá kr. 99.995 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
12. febrúar í 11 nætur.



Allt að 39.950 kr. afsláttur á mann

Hotel Costa Calero

Frá kr. 108.995 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 108.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
22. febrúar í 10 nætur.



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

SBH Monica Beach Hotel

Frá kr. 106.495 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 106.495 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 131.595 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
22. febrúar í 10 nætur.



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

TAO Apartments

Frá kr. 80.545 m/ekkert fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 80.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 102.795 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
5. mars í 10 nætur.



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

Occidental Jandia Mar Hotel

Frá kr. 113.620 m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 113.620 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 129.195 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
5. mars í 10 nætur.



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

Occidental Jandia Playa Hotel

Frá kr. 115.245 m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 115.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 131.795 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
5. mars í 10 nætur.



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

Labranda Aloe Club Resort

Frá kr. 103.795 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 103.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 133.095 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
5. mars í 10 nætur.

Bit með lýnara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á silku. Ath. að verð getur breyst án lýnara. ENNEMMI/SLA-11M6659

☎ 595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

„Talað um bændur eins og þeir séu einhverjir dýraniðingar“

Pórhildur Sylvía Magnúsdóttir er kúabóndi ásamt eiginmanni sínum. Þau eiga um tvö hundruð nautgrip og sjötíu mjólkandi kýr. Þórhildi sárnaði mjög viðtal DV við Vigdís Howser Harðardóttur veganfemínista um mjólkuriðnaðinn. Vigdís sagði nauðgunarmeningu ríkja innan mjólkuriðnaðarins og að beljum sé nauðgað. Viðtalið vakti mikla athygli og skapaðist mikil umræða í kjölfarið. Þórhildur segir umfjöllunina ósanngjarna og vill koma fram með sína skoðun á málinu.

„Fyrirsögnin beljum er

nauðgað finnst mér mjög ósmekklegt og það er talað um bændur eins og þeir séu einhverjir dýraniðingar,“ segir Þórhildur og heldur áfram:

„Veganfólk sem hefur verið að reyna að tjá sig skilur oftast ekki hvernig dýraumhirða fer fram. Kýr eru sæddar vegna ræktunarmarkmiða og ræktunarstarfsemi, það minnkar líkur á skyldleikaræktun í hverri hjörð.“

Þórhildur segir veganfólk oft og tíðum sýna vanþekkingu. „Ég bjó til Snapchat-aðganginn @eldribondi og oftast en einu sinni hafa veganeinstaklingar skrifað við

snöppin. Einn kvenkyns bóndi, sem var að sjá um snappið, tók myndband af nýbornum kálfi og kúin var að kara kálfinn, sem sagt sleikja hann. Hún var spurð hvers konar viðbjóð hún væri að sýna og ég tók þá við snappinu og útskýrði af hverju kýr gera þetta. Kýr gera þetta við kálfana sína til að örva blóðrásina og auka líflíkur kálfsins,“ segir Þórhildur.

„Ég knúsa og klappa kúnum og spjalla mikið við þær. Þegar mér líður illa er enginn staður betri en fjósið. Kýrnar eru svo yndislegar. Það eru forréttindi að fá að umgangast dýrin og hugsa um þau og

sjá kálfana verða fullvaxna kvígu eða naut.“

Að lokum segist Þórhildur ekkert hafa á móti veganfólki. „En stundum verður maður að passa hvað maður segir fyrir athyglina. Ég er ekki að tala um hversu mikið veganfólk er að nauðga grænmeti, ég meina veganfólk þvær og stingur grænmetinu upp í sig. Það má líta á þessa hluti frá mörgum áttum. Það skiptir ekki máli hvort maður sé vegan eða kjötæta, svartur, gulur eða hvítur, við eigum að virða hvert annað á allan hátt og virða störf hvert annars, en ekki dæma svona harkalega. ■



Kúabóndinn
Segir engan stað vera betri en fjósið þegar henni líður illa.



Þórhildur Sylvía Magnúsdóttir

Sendibílstjóri móðgaði Dóra

■ **Halldór Halldórsson**, betur þekktur sem Dóri DNA, grínari og rappari aðstoðaði félagi sinn við að flytja búslóð í vikunni. Pantaður var sendibíll og sendibílstjórinn kvartaði í sífellu yfir stefnu Reykjavíkurborgar í samgöngumálum. Talaði hann um „þessi helvíti sem eru með bíla-fóbíu“ og „hræðilega heimsk skipulagsyfírvöld“ borgarinnar. Þoldi þá Halldór ekki lengur við og tjáði honum að eiginkona sín, **Magnea Guðmundsdóttir**, væri varaformaður skipulagsráðs og að hann elskaði hana. Sló þetta bílstjórann eitthvað út af laginu. Halldór segir: „Síðan héldum við á ísskáp í grafarþögn.“



„Af hverju ætti ég að nauðga kvenmanni?“

■ Íslenska klámstjarnan **Stefán Octavian Gheorge** á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Á dögunum var hann gagnrýndur fyrir að hafa birt klám á Snapchat-reikningi sínum. Gekkst hann við mistökum sínum og eyddi færslunni. Nú gengur sá orðrómur fjöllum hærra að Stefán hafi nauðgað konu á Íslandi. Hann ræðir ásakanirnar á Snapchat-reikningi sínum og furðar sig á því að nokkur skuli trúá þessu. Ástæðan er einföld, hann er samkynhneigður og hefur engan áhuga á konum. Segir Stefán erfitt að glíma við slíkan orðróm á meðan hann glímir við bullandi þunglyndi.



Enginn er bóndi nema hann barmi sér!

Loki



25% afsláttur Pottar og pönnur



33%
afsláttur

Handpeytari
220W, 5 hraðastillingar

1.995

65103569
Almennt verð: 2.995

BOLLUDAGUR & SPRENGIDAGUR!

FRÁBÆR HELGARTILBOÐ

8.-14. febrúar




25%
afsláttur

Rjómasprauta
0,5l. hvítt eða króm.
Gashylki fylgir ekki.

4.495

41330943/44
Almennt verð: 5.995



25% afsláttur Bökunarvörur

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auglýsingin er birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndabrengl. Tilboð gilda 8.-14. febrúar og á meðan birgðir endast.